

GUBBJÖRG BRAGADÓTTIR

Hjónin langaði til að vinna saman

ferðir bílar heimili

allt í MIÐJU BLAÐSINS



LANDBÚNAÐUR

Fæðuöryggi Íslendinga

Sérblað um landbúnað

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HELGA MÖLLER

Óvænt endurkoma hjá Pú og ég

Tróðu upp á glæsilegri árs hátíð Landsbankans

FÓLK 34



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

12. mars 2008 — 71. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Fyrsta keiluhöllin opnuð á Akureyri



Markmiðið er að vera með fjölskylduvænan stað þar sem fólk liður vel.

TÍMAMÓT 20

Píanóverk Hafliða

Ungur Englendingur flytur öll píanóverk tónskáldsins Hafliða Hallgrímssonar í Salnum í kvöld.



MENNING 24

Aðrar leiðir

„Við þurfum í mörgu að fara aðrar leiðir en hinar fjölmennari þjóðir,“ skrifar Bjarni Harðarson sem telur upptöku svissnesks franka álitlegan kost fyrir Ísland.

UMRÆÐAN 19

Liverpool komst áfram



Liverpool varð í gær fjórða enska liðið sem kemst í 8 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í ár.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



VÍÐA SKÚRIR EÐA ÉL í dag verða norðaustan 3-10 m/s. Víða skúrir eða él, síð þó vestan til á Suðurlandi. Hiti 0-6 stig, mildast suðaustanlands.

VEÐUR 4



MINNINGARATHÖFN Boris Spasskí (til hægri) og nokkrir skákmeistarar minntust fallins félaga í kirkjugarðinum í Laugardælum við Selfoss í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Boris Spasskí heimsótti gróf Bobby Fischer:

Kvaddi gamlan vin

SKÁK Skákmeistarinn Boris Spasskí lagði blómsveig á gróf vinar síns, Bobbys Fischer, í kirkjugarðinum í Laugardælum í gær.

Með í för voru aðrir stórmeistarar sem taka þátt í Reykjavíkurskáknotinu sem nú stendur yfir, þeir Friðrik Ólafsson, Lajos Port-

isch, Vlastimil Hort, Pal Benko og séra William Lombardy.

Lombardy var aðstoðarmaður Fischers í „einvígi aldarinnar“ í Reykjavík árið 1972. Hann leiddi minningarstund um Fischer, en að henni lokinni fluttu skákmeistararnir minningarorð. -bj

Sjúkraskrár sendar tryggingafélögum

Læknar segja áhyggjuefni að tryggingafélög og lögfræðingar séu í auknum mæli farin að óska eftir allri sjúkrasögu þess fólk sem til þeirra leitar.

PERSONUVERND „Þetta er áhyggjuefni, sjúklingar átta sig oft ekki á því að oft er um að ræða allar skráðar upplýsingar um heilsufar þeirra,“ segir Emil L. Sigurðsson, yfirlæknir Heilsugæslunnar á Sólvangi. Hann segir tryggingafélög og lögfræðinga í auknum mæli farin að kalla eftir sjúkraskrár fólks í heild þegar unnið er í málum þess.

Þengill Oddsson, yfirlæknir Heilsugæslu Mosfellsumdæmis, tekur undir orð hans. „Sjúklingar veita umboð um að það megi leita upplýsinga um þá í tengslum við slys og annað þess háttar. Lögfræðingar eru þó í meira og meira mæli farnir að biðja um afrit af öllum skrár og því gerir fólk sér ekki grein fyrir þegar það veitir samþykki sitt,“ segir Þengill.

Hann segir einnig að sjúkraskráringarkerfið Saga, sem nú er notað, sé meingallað að því leyti að það geri meðal annars ekki ráð fyrir tímabundnum greiningum, eða svokölluðum vinnugreiningum, sem læknar styðjast mikið við í störfum sínum. Þannig sé til dæmis unglingur sem leitar til læknis vegna vanlíðunar sem fyrst og fremst stafar af ástorsorg greindur með depurð eða þunglyndi því kerfið geri ekki ráð fyrir öðru. Sú greining fylgi sjúklingnum svo um aldur og ævi.

Þá segir Emil að oft geri fólk sér ekki grein fyrir því hversu miklar upplýsingar sjúkraskrár kunna að geyma um fortíðina þegar þeir skrifa undir umboð.

Þannig geti smávægileg hasseynsla, sem læknir hafi skráð niður eftir viðtal við sjúkling fyrir fjölda ára, komist á borð tryggingafélaga eða lögfræðinga.

Nú er til skoðunar hjá heilbrigðisráðuneyti uppbygging á rafrænum sjúkraskrár sem allar heilsugæslustöðvar landsins hafi aðgang að. Emil segir að þótt margt geti breyst til batnaðar eftir að kerfið komist á sé ljóst að varlega þurfi að stíga til jarðar.

Frekari dreifing þessarar skráningar hlýtur að vekja upp spurningar, bæði hjá sjúklingum og starfsfólki, um hvort trúnaður og öryggi verði áfram jafn gott og verið hefur.

SIGRÚN JÓHANNESDÓTTIR FORSTJÓRI PERSONUVERNDAR

Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar, segir að nú sé unnið að athugun á öryggisráðstöfunum til að tryggja hag sjúklinga sem best. „Frekari dreifing þessarar skráningar hlýtur að vekja upp spurningar, bæði hjá sjúklingum og starfsfólki, um hvort trúnaður og öryggi verði áfram jafn gott og verið hefur.“ Það sé meðal annars hlutverk Persónuverndar að leggja mat á hvernig komið verði í veg fyrir að upplýsingar berist óviðkomandi aðlum enda þótt samningur heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafi átt sér stað. -kdk

Fuglalíf við Reykjavíkurtjörn flýtur að feigðarósi að mati höfunda ástandsskýrslu:

Vilja ráða andapabba til starfa

NÁTTÚRA Ekkert andavarp var við Reykjavíkurtjörn eða í friðlandi fugla í Vatnsmýri síðasta sumar. Ástand fuglalífs á tjörninni er óviðunandi og sinnuleysi borgaryfirvalda í engu samræmi við mikilvægi fuglanna fyrir borgarbúa, að mati höfunda nýrrar skýrslu um fuglalíf tjarnarinnar.

Síðustu þrjú ár eru meðal fjögurra lökustu hjá öndum á tjörninni frá upphafi mælinga. Á síðasta ári komu aðeins grágæsir upp ungum

sínum áfallalítið í friðlandi fugla í Vatnsmýrinni.

Viðkomubrestur annarra tegunda kemur til vegna fæðuskorts og því að gengið hefur verið á varplönd með húsbyggingum. Þá hafa rándýr sótt í varplandið.

Höfundar skýrslunnar leggja til að borgin ráði þegar í stað umsjónarmann með fuglalífina á tjörninni, nokkurs konar „andapabba“.

Bregðast verði við ástandinu með því að tryggja öryggi andanna



GÆSAELDI Aðeins grágæsunum gengur vel að koma ungum á legg í friðlandi fugla í Vatnsmýri. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

í friðlandinu yfir varptímam, fódra unga yfir sumarið og koma í veg fyrir ungradráp. -bj



DAGAR TIL PÁSKA
NÓI SÍRÍUS

OPIÐ til 20

alla daga í öllum verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tilboð nr. 1

Pizzasneið, lítill pastaréttur og gosglas 890 kr.



Stjórnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46

www.sbarro.is • sími 517 7750



Ellíði, er þetta ekki að sækja vatnið yfir lækinn?

„Nei, við erum að flytja lækinn yfir sjóinn.“

Leggja þarf nýja vatnslögn til Vestmannaeyja. Ellíði Vignisson er bæjarstjóri í Vestmannaeyjum.

Þrjú fjárfestingarverkefni liggja að baki helmingi taprekstrar FL Group í fyrra:

Vilhjálmur bíður eftir svari

VIÐSKIPTI „Ég er ekki sáttur en bíð eftir svari,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, aðjúntur við Háskóla Íslands, að loknum aðalfundi FL Group. Vilhjálmur var eini hluthafi FL Group sem krafði stjórn félagsins um sundurliðun á rekstrarkostnaði í fyrra. Eins og fram hefur komið tapaði FL Group rúmum 67 milljörðum króna á síðasta ári, sem er mesta tap íslensks fyrirtækis. Þar af nam rekstrarkostnaður 6,2 milljörðum króna. Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, ítrekaði skoðun sína frá síðasta afkomufundi og sagði kostnaðinn óásættanlegan.

Jón Sigurðsson forstjóri FL Group, upplýsti á fundinum að félagið hafi tapað 38 milljörðum króna á þremur fjárfestingum í fyrra. Það eru kaup í bandarísku flugrekstrarsamstæðunni AMR, þýska bankanum Commerzbank og finnska flugfélaginu Finnair.

Fram kom í máli bæði forstjóra og stjórnarformanns að síðasta ár hafi verið umsvifamikilið og myndi stefnt að því að skera hann niður um helming hið minnsta.

Jón Ásgeir sagði Vilhjálm fá svör innan skamms. Hann býst við skriflegu svari innan þriggja vikna.



FRÁ AÐALFUNDINUM Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður FL Group, ætlar að svara nokkrum spurningum Vilhjálms Bjarnasonar, aðjúnkt, um sundurliðun á rekstrarkostnaði félagsins skriflega á næstu dögum.

Sprengjusveitin kölluð út:

Tundurdufl í troll Bjarna

LÖGREGLUMÁL Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar eyddu tundurdufli sem Bjarni Sæmundsson, skip Hafrannsóknastofnunar, fiskaði upp í Húnaflóa í gær. Skipið var við rannsóknarveidar þegar seguldufl með 135 kílóa sprengihleðslu kom í trollið. Það er talið vera úr seinni heimsstyrjöldinni.

Sprengjubúnaður duflsins var aftengdur um borð í skipinu og hvellhetta tekin úr því. Því næst hélt sprengjusveitin í land með duflíð þar sem það var sprengt á öruggum stað með plastsprengiefni.



GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON Aukna samkeppni í flugi segir Gunnlaugur leiða til að stjórnvöld geti ekki „endalaust treyst á“ að Ícelandair eyði jafnmiklu í landkynningu og verið hefur.

MYND/ICELANDAIR GROUP

Aðalfundur Icelandair Group:

Verðhækkningar liggja í loftinu

VIÐSKIPTI „Nokkrar blikur eru á lofti hvað varðar eldsneytisverð og ljóst að bregðast verður við í þeim efnum að óbreyttu,“ segir Björgólfur Jóhannesson, forstjóri Icelandair Group. Hann kynnti reikninga síðasta árs á aðalfundi félagsins í gær.

Forstjórinn tók undir skilaboð þau sem Gunnlaugur M. Sigmundsson, stjórnarformaður Icelandair Group, flutti á fundinum, um að áhersla væri nú lögð á að ná fram góðri arðsemi í rekstrinum og ná niður kostnaði.

Gunnlaugur upplýsti að rannsókn hefði leitt í ljós að hagkvæmt væri fyrir félagið að byggja eigin flugstöð á Keflavíkurflugvelli.

- óká

Íslensk verslun í útrás:

Kisan opnar í New York

FÓLK Þórunn Anspach og Olivier Brémond, eigendur verslunarinnar Kisanar við Laugaveg, hyggjast opna aðra slíka verslun í Soho í New York í ágúst.

Í versluninni í New York verður íslenski hönnun gert hátt undir höfði. „Við erum með vörur frá Farmer's market hérna sem við höldum áfram með úti. Svo verðum við líka með vörur frá Steinverni og aðra íslenska hönnun,“ segir Þórunn.

- sun / sjá síðu 34



Í VESTURBÆNUM Konunni var nauðgað í íbúð í vesturbænum, þar sem hún var stödd með fimm litháískum karlmönnum. Rökstuddur grunur hvílir á sumum þeirra hvað varðar ofbeldisverkefnið. Myndin tengist ekki fréttinni.

Var göbbað inn í íbúð og nauðgað

Kona sem nauðgað var í íbúð í vesturbænum um helgina var á leið heim af skemmtistað þegar hún var göbbað inn í íbúð með fimm litháískum karlmönnum. Konan slapp við illan leik út úr íbúðinni. Erfitt er að sanna lyfjanauðgun.

LÖGREGLUMÁL Karlmenirnir fimm, sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á nauðgun í íbúð í vesturbænum um helgina, eru allir frá Litháen. Þeir eru á aldrinum 20 til 30 ára. Fórnarlambið, sem er rúmlega tvítug kona, er einnig af erlendu þjóðerni.

Atburðurinn átti sér stað aðfaranótt sunnudags. Unga konan var á leið heim af skemmtistað þegar hún hitti mennina sem göbbaðu hana inn í íbúðina, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins.

Rökstuddur grunur leikur á að

einhverjir úr hópnum hafi nauðgað henni. Unga konan slapp við illan leik úr íbúðinni eftir að ofbeldisverkefnið gegn henni hafði verið framinn. Hún leitaði síðan á neyðarmóttöku þolenda kynferðisofbeldis á Landspítalanum í Fossvogi, sem tilkynnti atburðinn til lögreglu.

Konan telur að mennirnir hafi byrjað sér ólyfjan því hún kveðst ekkert muna frá þeim tíma áður en nauðgunin átti sér stað og þar til hún vaknaði upp og varð þess áskynja hvað hafði komið fyrir.

Hún var ekki með líkamlega áverka enda hafði hún ekki veitt

mótspyrnu á meðan hún var í dáinu.

Mennirnir hafa verið við vinnu hér á landi um nokkurt skeið. Þeir voru handteknir strax á sunnudag. Gæsluvarðhald yfir mönnum rennur út á morgun.

Lögreglan vinnur af fullum þunga að rannsókn málsins. Tæknirannsókn er í fullum gangi, bæði á vettvangi og á lífsýnum úr karlmönnum og konunni.

Ljóst er að erfitt getur reynst að sanna að henni hafi verið gefið lyf, en að því beinist meðal annars rannsókn lögreglunnar.

jss@frettabladid.is

Ríkisstjóri í vændishneyksli:

Skorað á Spitzer að segja af sér

NEW YORK, AP Leiðtogi minnihluta repúblikana á þingi New York-ríkis, James Tedisco, hótaði því í gær að hefja kærufarli til embættissviptingar gegn ríkisstjórn Eliot Spitzer, segi hann ekki sjálfur af sér innan tveggja daga vegna vændiskaupahneykslismáls.

Hneykslið kom upp á mánudag, er lögreglumaður staðfesti að „viðskiptavinur 9“ í kunnaskrá fylgdarþjónustufyrirtækis væri ríkisstjórnin. „Viðskiptavinur 9“ greiddi þúsundir dala fyrir nótt með fyldarkonunni Kristen á lúxushótel í Washington í febrúar. Spitzer hafði gert baráttu gegn spillingu að aðalsmerki sínu.

- aa



STAÐAN Ingibjörg Sólrún á ráðstefnunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Utanríkisráðherra í Danmörku:

Ísland vel í stakk búið

EFNAHAGSMÁL Staða íslensku bankanna er ekki verri en staða annarra banka á Norðurlöndunum, og Ísland er vel í stakk búið til að takast á við þá stöðu sem uppi er á fjármálamörkuðum.

Þetta sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í framsöguræðu á ráðstefnu um íslensk efnahagsmál í Kaupmannahöfn í gær.

Tveggja daga opinber heimsókn Ingibjargar Sólrúnar til Danmerkur hófst í gær. Þá hitti hún Per Stig Møller, utanríkisráðherra Danmerkur, Helle Thorning-Schmidt, formann danskra jafnaðarmanna, og utanríkisráðgjaf danskra þingsins.

- bj

Lækkun á gengi krónunnar síðustu tvo mánuði hefur blásið út erlendar skuldir:

100 milljarða hækkun skulda

EFNAHAGSMÁL „Sú hætta er fyrir hendi, ef gengisfall verður, að fólk ráði ekki við afborganir tímabundið,“ segir Ólafur Darri Andrason, hagfræðingur Alþýðusambands Íslands.

Krónan hefur fallið um rúmlega ellefu prósent frá áramótum, en hún hækkaði raunar lítilllega í gær. Lækk-

unin hefur haft í för með sér að erlend lán heimila og fyrirtækja hafa hækkað um 100 milljarða króna. Afborganir af lánum í erlendri mynt hækka samfara lægra gengi krónunnar. Gengi hennar hefur ekki verið lægra í sex ár.

Fyrirtækin í landinu, önnur en fjármálafyrirtæki, skulduðu ríflega 3.946 milljarða króna um áramótin, samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum. Af því námu erlend lán 626 milljörðum króna um áramót.

Heildarskuldir heimilanna námu 1.552

GENGID LÆKKAR Erlend lán einstaklinga og fyrirtækja hafa hækkað um 100 milljarða frá áramótum vegna gengislækkunar krónunnar.



NÓATÚN

www.noatun.is
LÉTTIR PER LÍFIÐ

VELKOMNAR Á KONUKVÖLD Í SMÁRALIND

Í kvöld bjóðum við allar konur sérstaklega velkomnar í Smáralind þar sem nálægt 50 verlanir verða opnar frá kl. 19.00 - 23.00. Mikil dagskrá verður í göngugötunni allt kvöldið, dekur, tískusýning, spákonur, lífandi tónlist, léttar veitingar í verslunum, spennandi tilboð, kynningar á nýjungum og margt fleira. Happraætti með glæsilegum vinningum.

Njóttu þín í leikandi og léttari kvennastemningu í Smáralind í kvöld!

DAGSKRÁ Í SMÁRALIND

- 19.00** Húsið opnað
- 20.00** Sýning hefst í göngugötunni — Einar Ágúst heillar dömurnar
- 20.00** Skemmtun á vegum Léttbylgjunnar hefst í Vetrargarðinum
- 20.15** Tískusýning í göngugötunni
- 20.45** Hin töfrandi Sigríður Klingenberg spámiðill
- 21.00** Magadans frá Kramhúsinu
- 21.15** Einar Ágúst grípur í gítarinn
- 21.30** Tískusýning í göngugötunni — Sjarmatröllid Jónsi kynrir
- 21.45** Magadans frá Kramhúsinu
- 22.00** Dregið í happraætti — Jónsi dregur út heppna vinningshafa
- 23.00** Verlanir í Smáralind loka

Snyrtiakademían er í Dropanum við Hagkaup með kynningu á skólanum. Gjafir Jarðar, Sigga Kling og Halla himintungl verða með Spákonusetur við Eymundsson og Lyfju.



Verlanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000



GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,86	68,18
Sterlingspund	136,96	137,62
Evra	104,98	105,56
Dönsk króna	14,079	14,161
Norsk króna	13,307	13,385
Sænsk króna	11,170	11,236
Japanskt jen	0,6651	0,6689

SDR	110,49	111,15
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR		
	136,4637	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands		

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar enn fimmta manns í þjófnaðarmálum:

Fjórir skotvopnþjófar lausir

LÖGREGLUMÁL Fjórum karlmönnum, sem rannsóknarlögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók í fyrradag eftir húsleit í tveimur húsum í Hafnarfirði, hefur verið sleppt eftir yfirheyrslur. Fimmta mannsins er enn leitað og veit lögregla deili á honum.

Í húsleitunum fundust tvö skotvopn, lítilræði af fíkniefnum og önnur vopn, svo sem hnífar og barefli.

Skotvopnunum sem fundust hafði verið stolið úr heimahúsi í Hafnarfirði á föstudag. Auk rannsóknardeildarinnar tók sérsvait ríkislögreglustjóra og hundadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu þátt í aðgerðunum.

Til viðbótar ofangreindum málum þurftu mennirnir að gera grein fyrir þjófnaðarmálum sem þeir eru grunaðir um að eiga aðild að. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni og fer að líkindum í kærufærli að henni lokinni.



HAFNARFJÖRÐUR Húsleit var gerð í tveimur húsum í Hafnarfirði og fjórir handteknir. Þeim hefur nú verið sleppt.

Erlendir ríkisborgarar á Íslandi:

Fjórtdandi hver er útlendingur

FÓLK Erlendir ríkisborgarar voru 21.434 í byrjun árs, eða 6,8 prósent heildarmannfjöldans. Það samsvarar því að fjórtdandi hver einstaklingur á Íslandi sé með erlent ríkisfang.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Íslandi um 15,5 prósent á árinu 2007. Nokkuð hefur hægt á þessari fjölgun undanfarnin ár. Erlendum ríkisborgurum fjölgaði um 29,5 prósent árið 2005 og 34,7 prósent 2006.

Langfjöldmennastir eru Pólverjar, rúmlega átta þúsund. Næstir eru Litháar, um 1.300. - sþs

Aðalfundur 365 miðla í gær: Óbreytt stjórn

VIÐSKIPTI Ekki urðu neinar breytingar á stjórn 365 miðla á aðalfundi félagsins í gær. Jón Ásgeir Jóhannesson verður áfram stjórnarformaður og með honum í stjórninni sitja Þorsteinn M. Jónsson, Pálmi Haraldsson, Árni Hauksson og Magnús Ármann.

Samþykkt var að heimila stjórn, ef þurfa þykir, að hækka hlutfé félagsins um allt að 1,5 milljarð króna að nafnverði með útgáfu nýrra hluta.

Stjórn félagsins fékk einnig heimild til að ákveða hækkun á hlutfé félagsins um allt að áttatíu milljónir króna til að uppfylla skuldbindingar vegna útgefna kaupréttarsamninga starfsmanna og stjórnarmanna.

Guðsteinn Einarsson:

Segir umræðu enga hafa verið

VIÐSKIPTI Guðsteinn Einarsson, kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og stjórnarmaður í Gift fjárfestingafélagi, segir ekki rétt að stjórnarmenn í Gift hafi rætt um hugsanlega þátttöku félagsins í hlutfjárútboði á þrjátíu prósent um heildarhlutfjár Skipta, móðurfélags Símans.

Segir Guðsteinn í tölvubréfi til Fréttablaðsins að honum hafi ekki verið „kunnugt um umræðu á stjórnarfundum Gift hf. um kaup á hlutum í Skiptum“.

Greint var frá því í Fréttablaðinu í gær að borist hefði í tal meðal stjórnarmanna hugsanleg þátttaka í hlutfjárútboðinu. - mh

LEIÐRÉTT

Ekki Sósíalistaflokkur

Misfarið var með nafn stjórnmálaflokks Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta í frétt um sveitarstjórnakosningar þar í landi í blaðinu í gær. Það er borgaralegi UMP-flokkurinn (Union pour un Mouvement Populaire), ekki Sósíalistaflokkurinn.

Gætu aukið tekjur um 100 milljarða

Viðskiptaráðherra vill heimila starfsemi alþjóðlegra fjárvörslusjóða sem vonir eru bundnar við að dragi himinháar fjárhæðir til landsins. Forsætisráðherra segir að gæta þurfi að því að Ísland fái ekki á sig ásakanir um peningþvætti.

STJÓRNMÁL Drög að frumvarpi um svokallaða fjárvörslusjóði (e: trusts), sem líka eru nefndir sjálfseignarsjóðir, hafa verið samin í viðskiptaráðuneytinu.

Alþjóðlegir fjárvörslusjóðir eru starfræktir víða um heim en rætur þeirra eru í Bretlandi. Fjárvörslusjóðir eru einkum stofnaðir til sérstakrar ráðstöfunar eigna, til dæmis vegna arfleifslu eða stofnunar náms- eða styrktarsjóða. Sérstakur sjóður er stofnaður fyrir hvern einstakling og jafnvel fleiri en einn sjóður.

Í skýrslu nefndar forsætisráðherra um alþjóðlega fjármála-starfsemi frá því í október 2006 voru fjárvörslusjóðir meðal hugmynda sem nefndarmenn töldu verðskulda ítarlega umfjöllun stjórnvalda. Í henni er bent á að eignir einstaklinga í stýringu í einkabankaþjónustu á Íslandi hafi numið 257 milljörðum á miðju ári 2006. „Ekki er óraunhæft að áætla að með löggjöf um sjálfseignarsjóði gæti þessi fjárhæð allt að tífaldast á þremur árum og næmi þá 2.570 milljörðum króna. Þar væri að langmestu leyti um erlenda aðila að ræða sem kysu Ísland fram yfir önnur ríki, sökum gagnsæis hérlendrar laga-setningar og góðrar ímyndar Íslands.“ Í skýrslunni segir enn fremur að ekki sé óvarlegt að ætla að ein tekjuaukning íslensks efnahagslífs af 2.570 milljarða eignaumsýslu gæti numið í kringum 100 milljörðum króna.

Frumvarpsdrög viðskiptaráðherra eru til skoðunar í fjármála-



PUNDIÐ ÁVAXTAD Nefnd undir forystu Sigurðar Einarssonar, stjórnarformanns Kaupþings, telur rekstur fjárvörslusjóða geta fært íslensku þjóðarþúi tugmilljarða tekjur.

ráðuneytinu og hjá nefnd sem hefur með peningþvætti að gera. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði á Alþingi í síðustu viku að ýmis álitamál væru uppi varðandi fjárvörslusjóði og nauðsynlegt að gæta þess að Íslendingar fái ekki á sig ásakanir um peningþvætti.

Greiðslur úr fjárvörslusjóðum eru skattlagðar sem vaxtatekjur og fer sköttun teknanna eftir tvísköttunarsamningum milli ríkja.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka fjármála-fyrirtækja, segir mikilvægt að löggjöf um fjárvörslusjóði verði vel heppnuð; of þröng lög dragi úr samkeppnishæfni. „Það er ekki sjálfgefið að menn velji Ísland en ef landið býður upp á jafn góð tækifæri og önnur lönd þá skoða menn það. Ég tala nú ekki um ef tækifærin eru aðeins betri en annars staðar.“



UMFERÐAREFTIRLIT Lögreglan hefur hafið sérstakt umferðareftirlit í og við íbúðargötur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umferðardeild lögreglunnar:

Hert eftirlit á ómerktum bíl

LÖGREGLUMÁL Umferðardeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur hafið sérstakt umferðar- og hraðaeftirlit í og við íbúðargötur í umdæminu í samvinnu við svæðisstöðvar embættisins. Til eftirlitsins mun notuð ómerkt lögreglubílfreið sem búið er myndavélabúnaði, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni. Reykslan hefur sýnt að notkun slíks búnaðar gefur gagnlegar upplýsingar um ástand umferðarmála og auðveldar leit að lausnum þar sem þeirra er þörf.

Mælingar verða gerðar eftir ábendingum frá starfsmönnum svæðisstöðva. Sérstök áhersla mun lögð á hverfi í námunda við skóla á grunn- og leikskólastigi.

Úrvalsvísitalan hækkar:

Upp um eitt og hálf prósent

VIÐSKIPTI Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 1,54 prósent í gær, eftir nokkra lækkun daginn áður. Við lok viðskipta í gær stóð gengi hennar á 4.911 stigum. Gengi hlutabréfa í SPRON hækkaði mest, um tæp þrjú og hálf prósent. Einnig hækkaði gengi hlutabréfa í Exista um ríflega 3,3 prósent. Gengi hlutabréfa í fjórtán félögum öðrum hækkaði í gær. Hlutabréf í sex félögum lækkuðu í verði. Hlutabréf í FL Group lækkuðu mest í verði, um 1,85 prósent. - ikh

Heitustu sætin!
Salan á flugsætum til **Alicante** fer af stað með látum!

Verð frá: **Flogið allt árið**
27.900 kr.
BÁÐAR LEIÐIR MEÐ SKÖTTUM

Bókaðu strax á www.plusferdir.is
Besta verðið bókast fyrst.

plús FERDIR

VISA MasterCard

PLÚSFERDIR - Lágmúla 4 - 105 Reykjavík - Sími 535 2100 www.plusferdir.is

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

FÍNAR HELGARHÖRFUR Hæðarhryggur verður yfir landinu um helgina sem er ávísun á ágætt veður. eru horfur á hægviðri og víða björtu veðri síst þó reyndar sunnan til. Á sunnudag þykknað reyndar smám saman upp sunnan og vestan til þegar hann snýst í heldur vaxandi suðlæga átt.

Á MORGUN 5-10 m/s stífastur á Vestfjörðum

FÖSTUDAGUR 3-8 m/s

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	7°
Billund	6°
Ósló	5°
Stokkhólmur	6°
Gautaborg	5°
London	11°
París	10°
Frankfurt	10°
Friedrichshafen	8°
Berlín	8°
Alicante	22°
Mallorca	18°
Basel	11°
Eindhoven	9°
Las Palmas	24°
New York	11°
Orlando	24°
San Francisco	14°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

FÁRÁNLEGA GÓÐ JEPPAKAUP

„Nýr Kia Sorento er magnaður jeppi. Maður þarf ekki að vera kjarneðlisfræðingur til að sjá að þetta eru ekki bara góð kaup. Þetta eru fáránlega góð kaup“.



SORENTO

Verð frá

3.970.000 kr.

- Öflug 170 hestafla dísilvél
- Ný og glæsileg innrétting
- Hátt og lágt drif
- 5 þrepa sjálfskipting
- ESP stöðugleikastýring
- 16" álfelgur
- Vindskeið og þokuljós
- Hraðastillir
- Þakbogar
- 3.500 kg dráttargeta

GLÆSILEGUR AUKAPAKKI FYLGIR:

- + Garmin GPS 250 W EURO með Íslandskorti
- + Dráttarbeisli
- + Vetrardekk



KIA
KIA MOTORS
The Power to Surprise™



Átt þú geisladisk með Sálinni hans Jóns míns?

Já 41,2%
Nei 58,8%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Notar þú endurskinsmerki?

Segðu þína skoðun á visir.is



Í skoðun hvort skrifstofustjóri í ráðuneyti fær að vera stjórnarformaður Giftar: Þarf heimild frá ráðuneytinu

STJÓRNSÝSLA Það er í skoðun hjá sjávarútvegs- og landbúnaðar-ráðuneytinu hvort Ólafur Friðriksson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, fær að gegna embætti stjórnarformanns Giftar hf. meðfram skrifstofustjórastarfinu. Þetta staðfesti Sigurgeir Þorgeirsson ráðuneytisstjóri í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Ólafur fór að öllum settum reglum er hann tilkynnti ráðuneytinu um það að hann myndi sitja í stjórn hjá Samvinnutryggingum á sínum tíma og það var ekki gerð athugasemd við það. Síðan hefur staðan breyst. Það er eitt að sitja í stjórn og annað að



SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐAR-RÁÐUNEYTIÐ Verður skoðað hvort skrifstofustjóri getur verið stjórnarformaður Giftar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

vera stjórnarformaður þessa eignamikla félags,” segir Sigurgeir.

Gift er hlutfélag í eigu Samvinnutrygginga. Það var stofnað síðastliðið sumar þegar ákveðið var að slíta Samvinnutryggingum. Helstu eignir félagsins eru 5,4 prósent hlutur í fjárfestingafélaginu Exista og 3,4 prósent hlutur í Kaupþingi.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær er óljóst enn hvenær búið verður að úthluta til félagsmanna úr sjóðum Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga. Kristinn Hallgrímsson, formaður skiptanefndar Eignarhaldsfélags Samvinnutrygginga, sagði þá sem ættu hlut í Samvinnutryggingum fá fjögurra vikna frest til þess að

LAGAÁKVÆÐIÐ SEM MÁLIÐ BYGGIR Á

Áður en starfsmaður hyggst, samhliða starfi sínu, taka við launuðu starfi í þjónustu annars aðila, ganga í stjórn atvinnufyrirtækis eða stofna til atvinnurekstrar ber honum að skýra því stjórnvaldi, er veitti starfið, frá því. Innan tveggja vikna skal starfsmanni skýrt frá því ef áður nefnd starfsemi telst ósamrýmanleg starfi hans og honum bannað að hafa hana með höndum. Bera má slíkt bann undir hlutaðeigandi ráðherra.

gera athugasemdir við úthlutunina þegar til hennar kemur. Aðeins að þeim tíma loknum verði mögulegt að borga út.

- mh



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Laugalandi, Holtum, föstudaginn 28. mars 2008 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktá félagsins.
2. Önnur mál, löglega upp borin.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund.

Reykjavík, 7. mars 2008.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.



LEIFSSTÖÐ Í VÍRÞINGI FÍKNIEFNALÖGREGLUMENN Á SUÐURNESJUM SEGJA AÐ STÓR KÍNA HAFI ÖRÐ Í VERKELNUM TENGJAST FLUGSTÖÐUM FÍKNIEFNA UM FLUGSTÖÐ LEIFSSTÖÐ. ÞRATT FYRIR ÞÁÐ SÉ ÁSTÆÐI AÐ SKERJA FLUGVEITINGAR.

Sjá fram á niðurskurð á miklum álagstíma

Fíkniefnalögreglumenn á Suðurnesjum hafa áhyggjur af yfirvofandi niðurskurð. Löggæsla á svæðinu sé nú þegar í algeru lágmarki og megi ekki við skerðingu. Ekki niðurskurður heldur fór embættið fram úr fjárheimildum segir ráðuneyti.

LÖGREGLUMÁL Fíkniefnalögreglumenn á Suðurnesjum hafa þungar áhyggjur af niðurskurði fjárveitinga til lögreglustjóraembættisins á Suðurnesjum. Aðgerðirnar gangi gegn stefnu um auknar aðgerðir í fíkniefnamálum, og leiði þvert á móti til skerðingar.

Í yfirlýsingu sem lögreglumennirnir sendu dómismálaráðuneytinu, Landssambandi lögreglumanna, fjölmiðlum og fleirum í gær segir að komi til þessa niðurskurðar verði alger óvissa um öryggi flugfarþega í Leifsstöð og íbúa á Suðurnesjum. Þar sé löggæsla nú þegar í algeru lágmarki og megi ekki við frekari skerðingu.

„Okkur var kynntur flatur niður-

skurður sem hefur hugsanlega þær afleiðingar að við missum starfsfólk, fáum ekki sumarafleysingafólk og förum í yfirvinnubann,” segir Guðmundur Baldursson, deildarfulltrúi fíkniefnadeildar lögreglunnar á Suðurnesjum. „Þetta á að gerast á sama tíma og það er stanslaus aukning í fíkniefnamálum sem tengjast flugstöðinni.“

Hann segir starfsmenn hafa talað um að leita sér að öðrum störfum. Út frá þeim forsendum sem þeim hafi verið gefnar í kynningu sjái margir ekki fram á að geta lifað af starfinu. „Við vonumst til þess að menn endurskoði þessa hugmyndafræði, en dómismálaráðherra virðist vera harður

á því að þetta sé einhliða ákvörðun sem þurfi að fara í gegn.“

Fram kemur í tilkynningu frá dómismálaráðuneytinu að ekki sé um niðurskurð að ræða á fjárheimildum embættisins frá fyrri árum. Rekstraráætlun embættis lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir þetta ár hafi hins vegar farið 200 milljónir króna fram úr fjárlagaheimildum. Kallað hafi verið eftir ítarlegum upplýsingum og útskýringum vegna þess. Þangað til þær upplýsingar liggi fyrir verði starfsemi embættisins óbreytt.

Ekki náðist í Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóra á Suðurnesjum, við vinnslu fréttarinnar.

salvar@frettabladid.is

PARF BÍL Á MANN TIL AÐ BÚA Í REYKJAVÍK?

Fundur í Árbæjarskóla miðvikudaginn 12. mars kl. 20:00
Framsögumenn verða Kolbrún Halldórsdóttir alþingiskona og Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi

Íbúar í Árbæjartverfi eru hvattir til að mæta

VG um alla borg!
www.vg.is

Hver vaktar þitt heimili um páskana?

Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur

Prófaðu Heimaöryggi í 2 mánuði án endurgjalds – án skuldbindinga. Hringdu núna í **570 2400** og fáðu Heimaöryggi í áskrift!

Aðalmeðferð lokið í máli Samtaka myndrétthafa á Íslandi gegn Istorrent ehf.:

Úrskurðar að vænta í Torrent-málinu

DÓMSMÁL Aðalmeðferð í máli Samtaka myndrétthafa, Smáis, gegn Istorrent ehf. fór fram í Héraðsdómi Reykjaness í gær. Skýrslur voru teknar af málsaðilum og vitnum og lögmenn fluttu sín mál. Úrskurður í málinu verður kveðinn upp eftir tvær til fjórar vikur.

Málið snýst um meint höfundarréttarbrot Svavars Lútherssonar, framkvæmdastjóra Istorrent, með því að halda úti vefsíðunni torrent.is. Síðuna notuðu mörg þúsund Íslendingar til að skiptast á gögnum, flestum þeirra höfundarréttarvörðum, með torrent-tækninni. Lögbann var sett á síðuna í október vegna málsins og henni lokað.

Torrent-tæknin virkar í stuttu máli þannig að notandi sækir gögn beint frá þeim sem deilir

þeim, en vefsíðan heldur utan um það hver er að deila hvaða efni. Engin gögn fóru því í gegnum vefþjón Istorrent, en vefsíðan var samt sem áður nauðsynleg til að notendur gætu nálgast efnið.

Fyrir dómi líkti lögmaður Smáiss starfsemi torrent.is við vöruhús þar sem ólöglegt athæfi færi fram. Svavar væri þá leigjandi eða eigandi slíks húss. Lögmaður Svavars svaraði því til að þá væri hægt að kæra forsvarsmenn Kolaportsins ef eitthvert ólöglegt athæfi færi þar fram.

- sfs

Í **HÉRAÐSDÓMI** Nemendur úr Fjölbraitaskólanum í Garðabæ fjölmenntu í dómsal þegar aðalmeðferð fór fram í gær. Málið var valið sem umfjöllunarefni í námskeiði.



FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



GLÆSILEGUR X-TRAIL

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR NÝJAN NISSAN X-TRAIL
BETUR BÚINN, STÆRRI OG Á HAGSTÆÐARA
VERÐI EN FLESTIR KEPPINAUTARNIR.



Nissan X-Trail

Verð frá: **3.250.000 kr.**

Þessi nýi bíll frá Nissan er einn sá vinsælasti sem við bjóðum.
Hann er fánlegur með bensín- eða 150 hestafla dísilvél,
sjálfskiptingu og með meira rými en flestir keppinautarnir.



GÓÐ ÞJÓNUSTA Í HÁDEGINU

Þeir sem vilja nota hádegisd til að skoða bíl eða reynsluaka fá að bragði rammíslenska pylsu og svalandi kók. Þú skoðar þig um í þægilegu umhverfi og þiggur aðstoð frá einhverjum af sölumönnum okkar. Taktu hádegishléið hjá okkur, fáðu þér eina með öllu og reynsluaktu nýjum bíl að eigin vali.

Ingvar Helgason í hádeginu – alla virka daga í mars.

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808



INGVAR HELGASON

Verslunarmenn hafa samþykkt kjarasamninginn með meirihluta atkvæða:

Færri á móti nú en síðast

VINNUMARKAÐUR Kjarasamningur VR og Samtaka atvinnulífsins, SA, var samþykktur af miklum meirihluta félagsmanna VR en atkvæðagreiðslunni lauk á hádegi í gær. Á kjörskrá voru tæplega 20 þúsund félagsmenn VR og greiddu tæp þrettán prósent þeirra atkvæði. Rúm 72 prósent samþykktu samninginn en rúm 25 prósent höfnuðu honum.

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, forseti Landssambands íslenskra verslunarmanna, LÍV, er ánægð með niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar. „Þetta er kjarasamningur þar sem hluti félagsmanna fær ekki beinar launahækkanir. Þeir sem



INGIBJÖRG R. GUÐMUNDSDÓTTIR

Kjarasamningurinn hlaut samþykki hjá Landssambandi íslenskra verslunarmanna með miklum meirihluta atkvæða. Á kjörskrá voru tæplega 5.500 félagsmenn í fjórtán félögum og greiddu tæplega 27 prósent

hafa fengið meira en 5,5 prósent launahækkun frá janúar til janúar fá ekki hækkun nú og það kann að vera að fólk kunni ekki að meta það,“ segir hún.

atkvæði. Já sögðu rúm 82 prósent og nei rúm fimmtán prósent.

Ingibjörg bendir á að hlutfall andvígna hjá VR nú sé svipað og í síðustu kjarasamningum þegar tæp 28 prósent voru á móti samningunum. „Það er meiri meðbyr með þessum samningum en þeim síðustu. Ég er mjög ánægð með þessa útkomu vegna þess að það er eðlilegt að það sé lægra hlutfall neiatkvæða úti á landi þar sem fleiri eru á launatöxtum en í þéttbýlinu. Þeir fá meira út úr samningunum,“ segir hún.

Kjarasamningurinn var undirritaður þann 17. febrúar og gildir til 30. nóvember 2010.

- ghs

☆ ... eru betri en aðrar

Lítið traust á dómstólum áhyggjuefni

Formaður Dómarafélags Íslands segir til greina koma að ráða fjölmiðlafulltrúa fyrir dómstólana. Eðlilegt að dómarar tjái sig um dómarastörfin og skýri betur dómara þegar það á við, segir Sveinn Andri Sveinsson lögmaður.

DÓMSMÁL „Það er auðvitað áhyggjuefni hvers vegna dómstólar mælast lágir í trausti í könnunum og það er vísbending um að starfsemi og hlutverk dómstóla sé ekki nægilega kynnt,“ segir Eggert Óskarsson formaður Dómarafélags Íslands.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari greindi frá því í viðtali við Fréttablaðið að dómarar mættu tjá sig meira á opinberum vettvangi og kynna viðhorf sín til laganna. Þetta sendi almennungi þau skilaboð að dómarar væru ekki bara „nafnlausir menn inni í lokuðu dómhúsinu sem enginn þekkir.“

Eggert segir vandasamt fyrir dómara að taka þátt í þjóðfélagslegri umræðu. „Dómarar eru fyrst og fremst að hugsa um að gæta hlutleysis og þess vegna eru þeir varkárir þegar þeir tjá sig. Þeir tjá sig ekki um dóma sína eða einstök dómsmál. En það er alveg rétt að stundum þarf að svara af hálfu dómstólanna vegna þess að það er ekki allt réttmætt sem kemur fram í fjölmiðlum,“ segir Eggert.

Jafnframt segir hann til greina koma að dómstólar komi á framfæri leiðréttingum í fjölmiðla þegar það á við. „Gagnrýnin [á dómstóla] er oft óvæginn og ekki alltaf farið rétt með staðreyndir, það vantar að koma leiðréttingum á framfæri þegar það á við. Síðan er spurning hvernig á að standa að því. Til greina kemur að dómstólar hafi fjölmiðlafulltrúa á sínum snærum til að sinna þessu hlutverki.“

Samkvæmt könnun Capacent treysta aðeins 39 prósent almennings dómstólunum í landinu. Frá



HÆSTIRÉTTUR Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari telur dómara mega tjá sig meira um dómarastörfin á opinberum vettvangi. Mælingar á trausti almennings á dómskerfinu gefi vísbendingu um að upplýsingagjöf frá dómstólunum megi bæta.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SVEINN ANDRI SVEINSSON

því árið 2002 hefur traust til dómstólanna ekki mælst meira en 50 prósent. Lægst mældist það 29 prósent í febrúar í fyrra.

Sveinn Andri Sveinsson lögmaður, sem mikla reynslu hefur að lögmansstörfum í sakamálum, segir of algengt að fjölmiðlaumræða um dóma í sakamálum afvegaleið-

ist. „Umræðan er oft allsvakalega afvegaleidd. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að dómarar tjái sig um dóma sína. Þörfina fyrir það að dómstólar skýri betur sína hlið má að mínu mati rekja til þess að oft eru dómstólar sparir á forsendur niðurstaðna í dómum. Það er vitaskuld ekki algilt. Lögmenn og fræðimenn eiga oft í vandræðum með að skilja niðurstöðurnar og þegar það á við væri gott að geta fengið nánari skýringar frá dómstólunum.“

Ekki náðist í Árna Kolbeinsson, forseta Hæstaréttar, við vinnslu fréttarinnar. magnush@frettabladid.is

EÐLILEGT AÐ SÝN DÓMARA SÉ LJÓS

Lúðvík Bergvinsson, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, talaði fyrir því á málþingi laganema við Háskóla Íslands fyrir skemmstu að meginsjónarmið dómara er varða lögin ættu að vera opinber.

Segir Lúðvík skynsamlegt að þau séu kynnt í ferlinu þegar menn sækjast eftir embætti dómara.

„Ég hef talað fyrir því að það sé skynsamlegt að menn þekki til meginsjónarmiða þeirra sem starfa sem dómarar. En ég held að það sé skynsamlegt að það sé til umfjöllunar áður en dómarar eru skipaðir. Annars geta menn vaknað



LÚÐVÍK BERGVINSSON

upp við vandan draum. En að öðru leyti er ég sammála því að dómarar geti tekið þátt í umræðu um störf þeirra í meira mæli. Ég held að það sé aðeins af hinu góða, þó vitaskuld verði dómarar að gæta þess að tjá sig ekki um einstök dómsmál.“

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari nefndi það í viðtali við Fréttablaðið um helgina að

gott væri ef sjónarmið dómara um álitaefni í lögræði væru rædd opinberlega. Það gæti aukið tiltrú almennings á dómstólana.

Sigurður Kári Kristjánsson: Fólki þekki til dómssvaldsins

DÓMSMÁL „Mér finnst eðlilegt að dómarar tjái sig meira um dómarastörfin einkum til þess að stuðla að vitrænni umræðu um dómstólana,“ segir Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. „Einnig er þetta mikilvægt svo fólk þekki til dómssvaldsins.“

Hann tekur með þessu undir sjónarmið sem Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari viðræði í viðtali við Fréttablaðið á sunnudaginn. „Það er slæmt að traust almennings á dómstólunum skuli mælast jafn lágt og raun ber vitni og það þarf að skoða hvernig má bæta stöðuna.“

Í nýjustu könnun Capacent sögðust 39 prósent aðspurðra treysta dómskerfinu.

- mh

SUMAR FERÐIR

sumarferdir.is



Way of Life!

SÖNN ÁNÆGJA HVENÆR SEM ER, Í HVAÐA VEÐRI SEM ER.

GRAND VITARA frá 2.940 þús.

Sterkbyggð grind, aflmikil vél og fullkomið fjórhjóladrif, með háu og láu sídrifi. ABS/EDB hemlakerfi, ESP stöðugleikakerfi og spól-vörn, 4 öryggisloftþúðar og hliðargardinur auk ISO FIX barnastólafestinga eru staðalbúnaður.



Hugtek Maas 08

Komdu og reynsluaktu Suzuki 4x4, upplifunin verður ánægjuleg.



SX4 2.190 þús.

Bíll með kröftugt útlit, mikla veghæð og fjöðrun fyrir fjölbreyttar aðstæður. „Crossover“ hönnun SX4 gefur öikumanni og farþegum meira rými, hærra aðgengi og betri yfirsýn. Drifbúnaður SX4 gefur möguleika á framdrifi, sitengdu fjórhjóladrifi og læstu fjórhjóladrifi.



SWIFT 4x4 1.859 þús.

Bíll ársins á Íslandi 2006, Swift er einstaklega vel búinn, aflmikill, lipur og síðast en ekki síst sparneytinn fjórhjóladrifsbíll. Bíll sem á sér engan sinn líka á íslenskum bílamarkaði. 92 hö vél, afburða aksturseginnleikar og mikið veggrip veita einstaka akstursánægju.



JIMNY 1.950 þús.

Öflugur og léttur þriggja dyra jeppi með hátt og lágt drif, sem hefur sannað sig í 8 ár við íslenskar aðstæður. Algjör "sparibaukur" sem fæst sjálfskiptur.

SUZUKI SPARNEYTNI



SUZUKI

TRAUST UMBOD Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKIBILAR.IS

OROBLU

Kynningar á nýju vorvörunum frá Oroblu í Lyfjum og heilsu

- Miðvikudag, kl. 14-18 í Firði
- Fimmtudag, kl. 13-17 í Austurveri
- Föstudag, kl. 13-17 í Kringlunni



Kaupauki
fylgir vöru frá Oroblu

Lyf & heilsa
Vid hlustun!

Greiða 250 milljónir inn á vatnsréttindin

Landsvirkjun hefur greitt 250 milljónir króna til þeirra eigenda vatnsréttinda í kringum Kárahnjúkavirkjun sem skotið hafa til dómstóla úrskurði matsnefndar um verðmæti réttindanna. Ríkið og fleiri una matinu varðandi sínar jarðir.

DÓMSMÁL Landsvirkjun greiddi um mánaðamótin eigendum jarða í Jökuldal og Fljótsdal liðlega 250 milljónir króna vegna vatnsréttinda. Það er helmingur þeirrar upphæðar sem matsnefnd eignarnámsbóta ætlaði þessum tilteknu landeigendum.

Um er að ræða þá landeigendur sem sætta sig ekki við niðurstöðu matsnefndarinnar og hafa skotið málinu til Héraðsdóms Austurlands. Aðalkrafa þeirra er að öll vatnsréttindin vegna Kárahnjúkavirkjunar verði metin á um 70 milljarða króna en ekki 1.634 milljónir eins og matsnefndin úrskurðaði.

Landeigendurnir sem stefna eiga um þriðjung vatnsréttindanna og átta samkvæmt matsnefndinni að fá samtals um 550 milljónir í sinn hlut. Eins og áður segir hafa þeir nú fengið um 250 milljónir króna. Það er sú upphæð sem Landsvirkjun segir í aðalkröfu sinni fyrir héraðsdómi að sé rétt verð.

Aðrir landeigendur, þar á meðal ríkið sem á stóran hluta þess sem eftir stendur, féllust á niðurstöðu matsnefndarinnar og hafa fengið samtals yfir milljarð króna í greiðslur frá Landsvirkjun í samræmi við það. Er þáttur þessara landeiganda þar með úr sögunni, jafnvel þótt dómstólar telji vatnsréttindin meira virði en matsnefndin úrskurðaði.

Jón Jónsson hjá lögmannsstofunni Regular segir landeigendurna sem standa að málsókninni gera



FRÁ GERÐ KÁRAHNJÚKAVIRKJUNAR Landeigendur á Jökuldal og Fljótsdal eiga vatnsréttindin sem rekstur Kárahnjúkavirkjunar byggir á. Enn er deilt um verð fyrir réttindin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÞORSTEINN HILMARSSON

arðsemi Kárahnjúkavirkjunar er mikil og notagildi vatnsréttindanna þar með. Landeigendurnir telja að með því að bera málið undir dómstóla fái þeir fullt verð fyrir rétt-

indin í skilningi stjórnarskrárinnar," segir Jón.

„En þeir eiga það sammerkt að þeir vilja að það verði dæmt að niðurstaða matsnefndarinnar hafi ekki falið í sér rétt verð fyrir vatnsréttindin. Það er alltaf að koma betur í ljós að

greiðsla á þessum greiðslum að minnsta kosti og við viljum ekki halda þeim frá þeim," segir Þorsteinn.

„Þeir eiga rétt á þessum greiðslum að minnsta kosti og við viljum ekki halda þeim frá þeim," segir Þorsteinn.

gar@frettabladid.is

MITSUBISHI DAGAR!

Mitsubishi eru einstakir gæðabílar sem halda verði sínu fram eftir öllum aldri. Nú eru Mitsubishi dagar í Bílaþingi HEKLU og þér gefst tækifæri til að gera frábær kaup á nýlegum Mitsubishi.

Komdu á Klettháls dagana 12.-18. mars - skoðuðu glæsilegt úrvalið og tryggðu þér mikinn bíl fyrir mátulegan pening!



Pajero Sport

Nýskráður
ágúst 2006
Sjálfskiptur
Ekinn 23.000 km.

Ásett verð:
3.350.000,-
Tilboðsverð:
2.690.000,-



Pajero Sport

Nýskráður
júní 2004
Beinskiptur
Ekinn 112.000 km.

Ásett verð:
1.750.000,-
Tilboðsverð:
1.390.000,-



Outlander

Nýskráður
desember 2004
Sjálfskiptur
Ekinn 77.000 km.

Ásett verð:
2.150.000,-
Tilboðsverð:
1.750.000,-



Outlander

Nýskráður
nóvember 2004
Sjálfskiptur
Ekinn 40.000 km.

Ásett verð:
1.990.000,-
Tilboðsverð:
1.590.000,-



Lancer

Nýskráður
janúar 2004
Sjálfskiptur
Ekinn 53.000 km.

Ásett verð:
1.290.000,-
Tilboðsverð:
990.000,-



Lancer

Nýskráður
nóvember 2004
Sjálfskiptur
Ekinn 41.000 km.

Ásett verð:
1.490.000,-
Tilboðsverð:
1.190.000,-



Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum

Ný ESB-löggjöf:

Hert viðurlög við mengun sjávar

BRUSSEL, AP Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi í gær frá sér endurskoðað frumvarp að Evrópulöggjöf, sem kveður á um að hægt sé að sækja útgerðarmenn og skipstjórnendur til saka sem uppvísir verða að því að menga sjóinn.

Evrópudómstóllinn hafði árið 2005 lýst fyrra frumvarp að sömu lögum formgallað. Friso Roscam Abbing, talsmaður framkvæmdastjórnarinnar, sagði að hann ætти von á að allar ríkisstjórnir ESB-landanna 27 myndu samþykkja lög in sinni endurskoðuðu mynd og koma þeim í framkvæmd innan hálfis árs frá afgreiðslu ESB. - aa

Fjallað um afleiðingar ísbráðunar á Norður-Íshafi í tímaritinu Foreign Affairs:

Ísland sagt í lykilaðstöðu í norðursiglingu

SIGLINGAR Innan fárra ára mun ísinn á Norður-Íshafi hafa hoptað nógu mikið til þess að þar opnast siglingaleið fyrir stór flutningaskip. „Slík siglingaleið, sem að öllum líkindum myndi liggja milli Íslands og Dutch Harbour í Alaska, myndi tengja stórhafnir Norður-Atlantshafs við slíkar hafnir við norðanvert Kyrrahaf og þaðan áfram til annarra hafna,“ segir í nýrri grein í bandaríska alþjóðamálatímaritinu Foreign Affairs.

Með þessum orðum staðfestir höfundurinn, Scott G. Borgerson, að Ísland yrði í lykilaðstöðu til að byggja upp umskipunarhafnir

fyrir flutninga yfir Norður-Íshaf. Borgerson er sérfræðingur við utanríkismálaráð Bandaríkjanna og fyrrverandi yfirmaður í bandarísku strandgæslunni.

Í greininni er athygli vakin á því hvernig ísinn á Norður-Íshafi er hröðum skrefum að hopta, mun hraðar en áður hafði verið spáð. Þessi þróun opni bæði aðgang að náttúruauðlindum – einkum jarðgasi og olíu – sem áður voru utan seilingar og að siglingaleiðum sem gætu stýtt flutningstímann milli til dæmis Japan og Vestur-Evrópu um marga daga og sparað flutninga-fyrirtækjum milljarða.

Rakið er hvaða afleiðingar þessi þróun hefur fyrir öryggismál á þessum slóðum. Borgerson hvetur Bandaríkjamenn til að reka af sér slyðruorðið og drífa í að staðfesta Hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna (UNCLOS) svo að Bandaríkjamenn geti tekið forystuna um að finna lausnir á þeim ágreiningi sem ríkir milli þeirra landa sem eiga strandir að Norður-Íshafi um yfirráð yfir því og því sem undir því er. Brýnt sé að leysa þann ágreining því annars gæti hann haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar.



ÍSINN HOPAR Siglingaleið yfir N-Íshaf er sögð geta opnast eftir 5-10 ár. MYND/AP/NASA



NÆTURSTART Endeavour hefur sig á loft fyrir birtingu í gærmorgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Endeavour til geimstöðvar:

Lengsti leiðangur geimferju

BANDARÍKIN, AP Geimferjunnar Endeavour var í gær skotið á loft frá geimferðamiðstöð NASA á Kanaveralhöfða með sjö manna áhöfn innanborðs. Áformað er að geimferjan verði í alls 16 daga á sporbaug um jörðu en enginn geimferjuleiðangur hefur staðið í svo langan tíma hingað til.

Aðalverkefni áhafnarinnar verður að bæta nýjum róbótörum á alþjóðlegu geimstöðina og smíða þar einnig hól sem seinna er ætlað að hýsa nýja rannsóknastofu. Hana leggja Japanir til, en þeir hafa fjárfest sem svarar 440 milljörðum króna í smíði geimstöðvarinnar. - aa

Koma til móts við ungt fólk:

Verktaki brúar bilið með láni

VIÐSKIPTI Byggingarfélagið Mótás lánar fé til íbúðakaupa. Kaupendum íbúða við Skipalón, á Hvaleyrarholttinu í Hafnarfirði, býðst að taka að láni hjá fyrirtækinu það sem upp á vantar þegar búíð er að taka lán hjá Íbúðalánasjóði. Íbúðirnar eru þannig veðsettar að fullu.

Í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins sagði Bergþór Jónsson, framkvæmdastjóri Mótáss, að gripið hefði verið til þessa ráðs til að koma til móts við ungt fólk sem sé að kaupa íbúð. Bankar og sparisjóðir hafi ekki lánað svo hátt hlutfall upp á síðkastið. - sfs

FJARÐABYGGÐ

Vilja efla fræðasetur

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar vill að uppsjávarsvið Hafrannsóknastofnunar verði í Neskaupstað. Einnig að rannsóknir Matís í samvinnu við sjávarútvegsfyrirtæki í sveitarfélaginu verði eflaðar og starfsemi Fiskistofu á svæðinu verði styrkt.



ÍSLENSKA NATA IS NATA 40000 0208

— Nýjar 1 lítra umbúðir —



Sjöunda sjálfsvígstilraunin á þremur vikum banar minnst 24 manns:

Íslömsk öfgaöfl sýna mátt sinn í Pakistan

PAKISTAN, AP Sjálfsvígstilræðismenn sprengdu í gær öflugar sprengjur, aðra í sjö hæða byggingu sem hýsir höfuðstöðvar lögreglunnar í Lahore í Pakistan, og hina við hús annars staðar í borginni þar sem auglýsingastofa var til húsa. Tílræðin bönuðu 24 manns og yfir 200 særðust. Ungbörn voru meðal hinna látnu.

Þau eru nýjasta viðbótin í langri röð hryðjuverkaárása herskára múslima og eykur enn á öryggis- og stjórnmalakreppuna í landinu sem orðin var mikil fyrir. Að minnsta kosti sjö sjálfsvígssprengjuárásir hafa verið framd-



MIKIÐ TJÓN Særður maður á vettvangi í Lahore í gær.

ar á þeim þremur vikum sem liðnar eru frá þingkosningunum 18. febrúar.

Nawaz Sharif, leiðtogi annars flokksins í samsteyppustjórninni sem nú er að taka við völdum, sakaði Pervez Musharraf forseta um að bera ábyrgð á ástandinu vegna misheppnaðra aðgerða hersins gegn öfgaöflum, sem aðeins hefðu ýtt undir óstöðugleika.

Musharraf sjálfur fordæmdi hin „villimannlegu“ tílræði og sagði þau ekki myndu haggja ákveðni hans í baráttunni gegn meini hryðjuverkafla.



RÆKILEGA MERKTUR Kosningabaráttan í Bandaríkjunum tekur á sig ýmsar myndir. Þessi eldheiti stuðningsmaður Hillary Clinton sást á almannafæri klæddur fáu öðru en kosningalímmiðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glæsilegt yfirbragð

- við öll tækifæri

LinStyle servíettur

40cm 50stk. í ýmsum litum **878 kr.**

LinStyle dúkar

1,20x20m í ýmsum litum **2.786 kr.**

Yfirdúkar

60cmx25m í ýmsum litum **2.388 kr.**

Kerti rústik

13x7cm í ýmsum litum **239 kr.**



Á tilboði
í mars 2008
LinStyle dúkar og servíettur,
NexxStyle servíettur,
yfirdúkar og kerti

Rekstrarvörur

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is



RVINIQUE 030802



LUNDI Fyrirhugaður er opin fundur um lundann á vegum Þekkingarsetursins í Eyjum í apríl. Stjórnvöld og veiðimenn verða að finna lausn á vandanum, segir Erpur Snær Hansen, á Náttúrustofu Suðurlands.

MYND/ÓSKAR

Lundastofninn verður óvenju lítill í sumar

Lundastofninn verður lítill í Vestmannaeyjum í sumar þar sem nýliðun brást bæði 2005 og 2006. Ástandið verður enn verra á næsta ári. Svona hefur ekki gerst í fimmtíu ár, segir sérfræðingur.

VESTMANNAEYJAR Lundaveiðimenn verða að koma sér saman um hvernig verður með lundaveiðina í Vestmannaeyjum í sumar. Óvenjulítið verður um veiðanlegan lunda og þá nánast eingöngu fjögurra ára fugl þar sem nýliðunin brást árið 2005 og 2006.

Erpur Snær Hansen, sérfræðingur á Náttúrustofu Suðurlands, segir að „menn hafi ekki séð svona gerast í þrjú ár samfellt í fimmtíu ár og hafa því áhyggjur af því hvað er á seyði“.

„Síðasta sumar var nýliðunin aðeins skárrí en samt undir meðallagi. Við erum ekki alveg búin að fullvinna úr gögnum okkar en við vitum nóg til að geta fullrytt að síðasta sumar var slæmt,“ segir Erpur Snær og telur fyrirsjáanlegt að veiðistofninn verði lítill í Eyjum í sumar og nánast enginn árið 2009.

„Sandslíðið hefur hrúnið við Vestmannaeyjar,“ segir hann og bendir á að í meðalári síðustu þrjátíu árin hafi verið veiddir um 100 þúsund lundar bara í Vestmannaeyjum. „Þetta er mest veidda fuglategund á Íslandi en veiðin samanstendur bara af tveggja ára, þrjú ára og fjögurra ára fuglum. 2005 og 2006 árgangarnir eru varla til þannig

að það er lítill lundi til að veiða í sumar.“

Tæplega helmingur af aflanum er þrjú ára fugl, fimmtungur er tveggja ára fugl og fjögurra ára fuglar tuttugu prósent.

Fyrirhugað er að standa fyrir opnum fundi um lundann á vegum Þekkingarsetursins í Eyjum um miðjan apríl. Farið verður yfir rannsóknaniðurstöður sérfræðinga. „Síðan komum við með þá ráðgjöf að dregið verði verulega úr veiðum miðað við í fyrra en það er auðvitað stjórnvalda og veiðimanna að finna flöt á því,“ segir Erpur. „Þessir árgangar eru horfnir og það þurfa menn að horfast í augu við.“

Ævar Petersen, sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun, segir að „vandráðaástand“ sé á lundastofninum, sérstaklega á Breiðafirði síðustu fimm árin. Ástandið fari þó eftir æti. Fyrir norðan geti fuglinn tekið loðnu og því sé ástandið skárrí þar en á sunnan- og vestanverðu landinu þar sem sandslíði hafi hoptað. „Þetta er bagalegt því lundinn er stærsti fuglategundin okkar. Við berum ábyrgð á nálægt helmingi af lunda í heiminum fyrir nú utan það að þessi stofn er nytjaður hérna,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is



SIEMENS



Eldunartæki, kælitæki, uppvottavél og ljós í eldhúsið þitt. Sannarlega góð hugmynd!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Athafnasemi í Þorlákshöfn: Bruggari dæmdur í háa sekt

DÓMSMÁL Karlmaður, búsettur í Þorlákshöfn, hefur verið dæmdur í ríflega 500 þúsund króna sekt fyrir að brugga mikið magn af áfengi á heimili sínu. Ákvörðun um refsingu eiginkonu mannsins var frestað, þar sem það var hann sem sá um bruggunina.

Á heimili fólksins, sem er af erlendu bergi brotið, fundust, auk tæplega 150 lítra af bruggi, eimingartæki, tankar, síubúnaður og kælidæla auk fjögurra plastbrúsa.

Fólkið kvaðst hafa staðið í þeirri trú að því væri heimilt að búa til áfengi á heimili sínu til einkaneyslu.

- jss

Hvassviðri veldur tjóni í Bretlandi og víðar í norðanverðri Evrópu:

Sænskt olúskip þurfti aðstoð í ofsanum

BRETLAND, AP Dýpsta lægð vetrarins hélt í gær áfram að gera íbúum Bretlandseyja og fleiri landa í norðanverðri Evrópu lífið leitt.

Dráttarbátar bresku strandgæslunnar komu á mánudag til bjargar sænsku olúskipi sem rak stjórnlaust í ofsaroki á Ermarsundi.

Illviðrið olli miklu tjóni. Tré rifnuðu upp með rötum, þakplötur fuku af húsum og rafmagnslínur slitnuðu víða um Bretland og Írland. Vindhviðurnar komust upp í 40 metra á sekúndu og háar sjávaröldur töfðu ferjur og aðra skipaumferð í enskum höfnum.

Í Skotlandi og norðanverðu Englandi fylgdi snjókomu hvassviðrinu en sunnar barðist fólk í gegnum hellirigningu.

Óveðrið hafði áhrif víðar í norðanverðri Evrópu. Við vesturströnd Frakklands

strandaði hollenskt flutningaskip sem hafði rekið af leið þegar reynt var að sigla því inn í höfn.

Heldur lægði síðdegis á mánudag en veðrið versnaði á ný þegar líða tók á kvöldið og vindhæð hélst mikil í gær.

Sænska olúskipið Astral rak stjórnlaust undan ströndum Isle of Wight í Ermarsundi. Þrettán manns voru um borð en tvö bresk togskip drógu skipið í áttina til olúhrensunarstöðvar í Englandi, þangað sem fór þess var upphaflega heitið.

- gb/aa



FRÉTTABLAÐ/AP

FJÖLSKYLDA Á STRÖNDINNI Þessi breska fjölskylda brá sér niður á strönd þrátt fyrir veðurofsann.

Morgunverðarfundur:

Hugsanleg upptaka evru

EFNAHAGSMÁL Morgunverðarfundur um hugsanlega innleiðingu evru á Íslandi verður haldinn á Grand Hótel í Reykjavík í dag og hefst klukkan 8.15.

Tílefni fundarins er útgáfa bókarinnar Hvað með evruna? sem nýlega kom út en höfundar hennar, þeir Eiríkur Bergmann Einarsson, dósent í stjórnmálafræði, og Jón Þór Sturluson, dósent í hagfræði, eru frummælendur á fundinum. Pallborðið skipa Gylfi Arnbjörns-son, framkvæmdastjóri ASÍ, Jón Steindór Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og Kristín Pétursdóttir, forstjóri og annar stofnenda Auðar Capital.

- ovd



VOTTUÐ VIRÐING Spænsku konungshjónin við athöfnina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Lestasprengrjuárása minnst:

Þagnarmínútur við minnismarki

SPÁNN, AP Jóhann Karl Spánar-konungur lagði í gær blómsveig að stærðarinnar minnismarki úr gleri í miðborg Madrídur er rétt fjögur ár voru frá blóðugasta hryðjuverki íslamskra öfgamanna í Evrópu: lestasprengrjuárásunum sem bönuðu 191 vegfaranda og særðu 1.800.

Konungurinn og Silvía drottning, aðrir tignargestir og nokkrar þúsundir annarra gesta héldu tvær þagnarmínútur er klukkan sló hádegi við minnismarkið fyrir utan Atocha-járnbrautarstöðina í miðborginni. Svartklæddur kór söng verk sem samið var í tilefni af hryðjuverkinu. Engar ræður voru haldnar.

- aa

GRAFARVOGUR

Fundur í Borgarholtsskóla

Íbúafundur verður haldinn í Borgarholtsskóla í kvöld klukkan átta. Kynnt verður heimasíðan 1,2 og Reykjavík. Ásta Þorleifsdóttir, fulltrúi F-lista, talar fyrir borgina, en Ásta hefur sjálf verið í íbúasamtökum Grafarvogs í ein sjö ár.



3G

MSN
Facebook
Myspace
og sjónvarpið í símanum

NOKIA 5610 - 3G
Léttkaupsútborgun aðeins:
4.900 kr.
2.500 kr. á mánuði í 12 mánuði. Verð 34.900 kr.
Tónlist, myndsímtal og háhraða-nettenging.

Frábært fermingartilboð

NOKIA 5610 - skemmtilegur 3G sími með háhraða Internettengingu, góðri myndavél og mp3 spilara. Í honum er mögulegt að fara á Facebook, Myspace eða MSN og horfa á sjónvarpið í símanum.

800 7000 • siminn.is

Það er **Síminn**

- Sími
- Netið
- Sjónvarp



DUGLEGUR AÐ TAKA LYFIN SÍN
Petra heitir þessi þrettán ára gamla kóalabjörn, sem fékk sveppasýkingu í trýnið og þurfti því að fá lyf frá dýralækninum. Petra er einn af íbúum dýragarðs í Sydney í Ástralíu.

NORDICPHOTOS/AFP

Ráðherra ákveður útboð vegna byggingar hjúkrunarheimilis við Suðurlandsbraut:

Útboðið dróst í ellefu mánuði

STJÓRNMÁL Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, hefur falið Framkvæmdasýslu ríkisins að bjóða út byggingu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða við Suðurlandsbraut 66 í Reykjavík. Á heimilinu, sem verður 7.700 fermetrar að stærð á fjórum hæðum, munu 110 búa. Fjörutíu rými verða fyrir heilabílaða og tíu fyrir aldraða með geðfötlun. Íbúarnir fá 24 fermetra einkarými með baðherbergi.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, þá borgarstjóri, og Siv Friðleifsdóttir, þá heilbrigðis- og tryggingaráðherra, tóku fyrstu skóflustunguna að heimilinu í febrúar á síðasta ári. Við það tækifæri var þess getið að stefnt væri að útboði byggingaframkvæmda í apríl það ár og átti notkun að hefjast í ársbyrjun 2009.

Að sögn Hrannars B. Arnarssonar, aðstoðarmanns félagsmálaráðherra, kom verkefnið inn á

borð ráðuneytisins þegar málefni aldraða fluttust þangað um áramót. Hann kann ekki skýringu á hvers vegna útboð framkvæmdanna hefur tafist en segir að nú verði reynt að láta hendur standa fram úr ermum.

Áætlaður heildarkostnaður verksins er um 2,2 milljarðar króna. Ríkið greiðir 990 milljónir, Reykjavíkurborg 660 og úr Framkvæmdasjóði aldraða renna 550 milljónir króna. Áætlað er að heimilið verði tekið í notkun um mitt ár 2010. - bps



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN
Útboð fer fram, tæpu ári eftir að upphaflega var ráðgert.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

www.volkswagen.is

Passat Meira fótapl



Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Frumvarp um útlendinga:

Lögregla fær of víðar heimildir

STJÓRNMÁL Persónuvernd segir að í frumvarpi til laga um atvinnuréttindi útlendinga sé gert ráð fyrir of víðtækum og óskýrum heimildum Vinnu- málafstofnunar og lögreglu til vinnslu viðkvæmra persónu- upplýsinga.

Frumvarpið er nú til meðferðar hjá félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, sem óskaði eftir umsögn Persónuverndar. „Í frumvarpinu er lagt til að, að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að útlendingar dvelji og starfi lögregla hér á landi, verði heimilt að samkeyra upplýsingar Vinnu- málafstofnunar, Útlendingastofnunar, lögreglu, skattfyrvalda og Þjóðskrár,“ segir meðal annars um frumvarpið í umsögninni.

- gar

Hveravirkni hefur færst til vegna borana eftir gufu á vegum Hitaveitu Suðurnesja:


Gunnuhver slettir leir nokkra metra

REYKJANES Goshveravirkni á Reykjanesi hefur breyst frá því í haust. Vatnsstaðan í jarðhitakerfinu hefur lækkað á nokkur hundruð metra dýpi og leitt til meiri suðu og gufumyndunar. Gufan hitar regnvatn og grunnvatn næst yfirborði og þess vegna verður aukin suða og virkni á yfirborðinu.

Hveravirkni hefur færst til vegna borana eftir gufu á vegum Hitaveitu Suðurnesja.

Virkni í Gunnuhver hefur aukist verulega og ganga leirslettur- ar nú gjarnan nokkra metra í loft upp. Smáhverir eru virkir sitt hvoru megin við veginn að hvern- um og hefur veginum verið lokað.

„Það er erfitt að reikna út hversu hátt eða langt hverinn eys leirnum svo það er vissara að halda sig fjarri honum. Það er líka þekkt að þegar leirhverir eru í



HITAR VATN VIÐ YFIRBORÐIÐ Virkni í Gunnuhver hefur aukist verulega. Vatnsstaðan í jarðhitakerfinu á svæðinu hefur lækkað niður á nokkur hundruð metra dýpi og leitt til meiri suðu og gufumyndunar. Gufan hitar regnvatn og grunnvatn næst yfirborðinu og þess vegna verður aukin virkni á yfirborðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VF

svona ham þá geta orðið í þeim sprengingar sem þeyta sjóðandi eðju tugi og jafnvel hundruð metra

frá hvernun,“ segir í viðvörðun Almanna- og Guðmundur Ómar Friðleifsson,

jarðfræðingur hjá Hitaveitu Suðurnesja, telur að þetta sé heldur orðum aukið. Jarðhitasvæði séu þess eðlis að þau breyti sér sjálf, virkni geti aukist tímabundið og færst til og það sé að gerast nú. Virkni við útsýnisvallana hafi hjaðnað og færst norðar og vestar. Breytingin sé svipuð og eftir jarðskjálfta 1967.

„Þá var mikil virkni og hverinn skvettandi svipað og nú. Þetta eru náttúrulegar breytingar. Hverasvæði færast til í tímans rás.“

Guðmundur rifjar upp að í umhverfismati hafi komið fram að boranir vegna virkjunarinnar á Reykjanesi myndu hafa áhrif á hverasvæðið en ekki hvernig. Ástandið nú sé tímabundið. Gerðar verði boranir sem hafi áhrif á gufuna þannig að dragi úr virkni- ni í Gunnuhver.

- ghs

ESB-aðild Finna:
Stöðugt fleiri neikvæðir

FINNLAND Finnar verða stöðugt gagnrýnni á aðild að Evrópusambandinu. Í nýrri skoðanakönnun kemur fram að 35 prósent þjóðarinnar hafa neikvæð viðhorf í garð ESB-aðildarinnar en 36 prósent hafa jákvæð viðhorf. Neikvæðu viðhorfunum hefur fjölgað jafnt og þétt, að sögn Helsingin Sanomat.

Meirihluti finnsku þjóðarinnar telur að ESB-aðildin sé of dýr. Tæplega áttatíu prósent telja að ESB neyði Finna til að taka upp alls kyns lög og reglur sem þeir vilji ekki og þurfi ekki. Tæp þrjátíu prósent vilja yfirgefa Evrópusambandið.

- ghs

Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, á Iðnþingi 2008:

Reynslan frá Brussel er góð

EFNAHAGSMÁL Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems, telur að Íslendingar komist ekki hjá því að nota krónuna næstu árin. Einungis sé verið að fresta eða falsa verðbólgu með styrkingu krónunnar. Þetta kom fram á Iðnþingi nýlega.

Hörður telur að breyta þurfi lögum um Seðlabankann þar sem eingöngu verðbólga, sem byggist á innlendri þenslu, hafi áhrif á vaxtaákvæðanir, gengisbreyting krónunnar frá jafnvægisgengi hafi ekki áhrif á vaxtaákvæðanir, hækkun á heimsmarkaðsverði á til dæmis olíu hafi ekki áhrif á vaxtaákvæðanir og hávaxtamun-



HÖRÐUR ARNARSON

Hörður telur að núverandi fyrirkomulag muni leiða til óstöðugleika í gengismálum, hærri vaxta og lakari lífskjara til lengri tíma

ur við evru verði fjögur prósent til að forðast spákaupmennsku.

„Ríkið, sveitarfélög og öll fyrirtæki í þeirra eigu fjármagni sig alfaríð í íslenskum krónum,“ sagði hann í erindi sínu.

litið. Þó sé hægt að gera betur en síðustu ár. Nauðsynlegt sé að verða hluti af stærra mynsvæði. Eðlilegasta leiðin sé aðild að ESB og upptaka evru.

Hörður bendir á að Marel hafi haft umfangsmikinn rekstur með um eitt þúsund starfsmenn í meira en tíu ár í löndum ESB. Reynslan gagnvart Brussel sé jákvæð, reglur frá Brussel séu almennt skýrar, samræmdar og sanngjarnar en reglur í einstökum aðildarríkjum ESB og öðrum löndum séu hins vegar oft óskýrar og misnotaðar út frá sjónarmiðum markaðsverndunar.

- ghs

Herkostnaður Breta:
400 milljarðar í stríðsrekstur

BRETLAND, AP Bresk stjórnvöld upplýstu í gær, að kostnaðurinn af hernaðinum sem Bretar halda úti í Írak og Afganistan hefði nærri því tvöfaldast milli ára, þrátt fyrir að breskum hermönnum á vettvangi hefði verið fækkað. Alls hefði farið sem svarar yfir 400 milljörðum króna í þennan útgjaldalið á yfirstandandi fjárlagaári.

Kostnaður hefur verið að aukast þrátt fyrir að hermönnum á vettvangi í Suður-Írak hafi fækkað úr 7.200 fyrir tveimur árum í um 4.000 nú. Á sama tíma hefur hermönnum í Afganistan verið fjölgað úr 5.000 árið 2006 í 7.800 nú.

- aa

TDI®		CO₂		★★★★★		
FÆST MEÐ TDI® DÍLSÍVÉL	EYÐIR AÐEINS FRÁ 5,6 l/100 KM	ÚTBLÁSTUR AÐEINS FRÁ 148 G/KM	KOLEFNIS-JAFNAÐUR Í EITT ÁR	DÚXAÐI Á EURO NCAP PRÓFINU	HLAUT GULLNA STÝRIÐ	SVEIGJAN-LEGR SOLUMENN

áss er ekki stillingaratriði.

Með hinni mögnuðu TDI® dísilvélinni eyðir Passat aðeins 5,6 lítrum á hundraðið.

Fáir bílar sameina jafn vel kraft, þægindi og magnaða akstursupplifun og Passat. Og enginn þeirra fæst á sambærilegu verði. Volkswagen Passat færir þér búnaðinn, plássíð og útlitið sem þig hefur alltaf dreymt um. Allt sem þú þarft að gera er að leggja blaðið frá þér, koma til okkar og prófa þennan frábæra lúxus.

Passat kostar aðeins frá **2.770.000 kr.**

Eða 34.900 kr. á mánuði miðað við gengistrygðan bilasamning til 84 mánaða og 20% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 7,95%. Sýndur bill á mynd Passat Comfortline Plus.

TDI® vél og meiri lúxus fyrir 350.000 kr.

- 1.9 TDI® dísilvél
- fjarlægðarskynjarar að framan og aftan
- aðkomuljós
- hiti í sætum
- 16" álfelgur,
- leðurklætt stýri
- leðurklædd handbremsa
- leðurklædd gírstöng
- vegleg VW regnhlíf



Das Auto.

HEKLA Laugavegi 172-174 • sími 590 5000 • www.hekla.is • hekla@hekla.is

Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri • Akranesi • Ísafirði • Reyðarfirði • Reykjanesbæ • Selfossi



Norska ríkisstjórnin:
Vill banna plastinnkaupapoka

NOREGUR Norska ríkisstjórnin vill banna plastpoka, að sögn fréttavefs Aftenposten. Erik Solheim umhverfisráðherra bendir á að aðrar þjóðir íhugi líka að banna plastpoka, þar á meðal Ástraljar. Kínverjar hafa þegar bannað þá.

„Fólk lærir að nota taupoka undir vörurnar ef plastpokar eru ekki í boði,“ segir Solheim.

Samtök verslunar og þjónustugreina í Noregi hafa efasemdir um bannið. Jarle Hammersstad, upplýsingafulltrúi samtakanna, bendir á að plastpokar séu notaðir á ýmsan hátt. Hann telur betra að endurvinna plastpokana eða þróa umhverfisvænni poka.

- ghs

BANNA PLASTPOKA?

Plastpokabann er í skoðun í Noregi. Hugmyndin hefur lítið sem ekkert verið rædd á Íslandi.



Þátttökan í kosningunni um kjarasamningana var misjöfn eftir samböndum:

Sýnir áhugaleysi um kjörin

VINNUMARKAÐUR Þátttökan í atkvæðagreiðslu um kjarasamningana síðustu daga var mjög mismunandi eftir stéttarfélagum. Einna mest var hún hjá Félagi bóka-gerðarmanna, eða um þriðjungur félagsmanna, og einna minnst hjá VR þar sem tæplega þrettán prósent félagsmanna greiddu atkvæði.

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, ASÍ, segir að kosningaþátttökan hafi verið upp og ofan og landssamböndin hafi reynt ýmislegt til að auka þátttökuna, þannig hafi verslunarmenn til dæmis tekið upp rafræna kosningu.


„Það er dálítið erfitt að bera þetta saman en auðvitað þykir mönnum miður að það sé ekki meiri þátttöka en þetta, það er alveg ljóst,“ segir Halldór og telur forystusveitina túlka dræma þátttöku sem „þögn er sama og samþykki“.

Halldór segir að forystumennirnir hafi á tilfinningunni að félagsmenn stéttarfélaganna líti á kjarasamningana sem gerðan hlut og hafi enga sérstaka skoðun á því hvort eigi að gera þá einhvern veginn öðruvísi. „Þetta er alveg klárlega einhvers konar áhugaleysi og það er það sem mönnum þykir miður í þessu.“

Halldór bendir á að efnisatriði kjarasamninganna séu kynnt nú með öðrum hætti en áður. Fólk hafi lesið um samningana á vefnum um leið og þeir hafi orðið til og það geti haft áhrif líka. „Fólk er kannski búið að kynna sér málið og telur sig geta lifað með þessum samningum og geri ekkert meira í því.“

- ghs

ÞÖGN ER SAMÞYKKI Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að dræm þátttöka sé tülkuð sem „þögn er sama og samþykki“.



Finnski utanríkisráðherra:
Lætur SMS-in dynja á konum

FINNLAND Finnski utanríkisráðherra, Ilkka Kanerva, er enn einu sinni kominn í klemmu út af smáskilaboðum sem hann hefur sent erótískum dansara, segir í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat.



ILKKA KANERVA

Kanerva hitti dansarann fyrst í flugvél á leið til Lapplands í vetrarbyrjun og eyddi með henni kvöldi í sumarbústað. Hann hefur síðan sent konunni um 200 SMS-skeyti.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kanerva sendir ungum konum persónuleg skeyti úr síma sínum.

- ghs



Pioneer

Hljómar eins og til var ætlast!



Pioneer DCS-363

HEIMABIÓ

- 5.1 rása heimabíókerfi með DVD-spilara og FM útvarpis
- 360W magnari (6 x 60W RMS)
- HDMI útgangur gefur stafrænt hljóð og mynd alla leið
- Spilar alla DVD og CD disk, Mp3, WMA, Jpeg og DivX.
- USB tengi til að spila tónlist og sýna ljósmyndir af hörðum diskum, minnskubbum, Mp3 spilurum o.fl.
- Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic og Pro Logic II surroundkerfi
- Spilar öll DVD-kerfi, bæði PAL og NTSC
- FM útvarp með RDS
- Tengir: HDMI út, USB inn, Euro-SCART (RGB) út, Composite út, RCA hljóð inn.

Verð: 49.900 kr.



Nýjasta snildin frá Pioneer ..!!

Komdu til okkar og fáðu að heyra hljóminn.

Nintendo®

LEIKJATÖLVAN NÝ UPPLIFUN!

Vinsælasta leikjatölva
heims.*

*Skv. mælingu www.vgchartz.com



Freyju páskaegg nr. 6 fylgir hverri
Wii tölvu fram að páskum



VERÐTRYGGING – ALLTAF ÓDÝRUST Í ORMSSON!

FLÆÐI AF FRÁBÆRUM LEIKJUM!



Super Mario Galaxy
- einn besti leikur allra tíma!



Lego Star Wars; Complete Saga
- spilaðu allt ævintýrið með Lego



Zack & Wiki
- Viltu verða besti/versti sjóræninginn?



Big Brain Academy
- þjálfðu hugan með Wii



Zelda - Twilight Princess
- ævintýrið heldur áfram



ORMSSON



At the heart of the image



Nikon S-510
COOLPIX
Hágæða myndavél
Kr. 24.900,-

- 8.1 milljón pixlar
- Mjög fljót að kveikja á sér, eintaklega fljót að smella af
- 3 x aðdráttur í linsu (tilsvarandi 35-105mm á 35mm filmu)
- VR hristivörn
- 2,5" LCD skjár
- Hús úr ryðfríu stáli
- Video upptaka með hljóði
- ISO 50-2000
- Rafhlaða endist í allt að 170 myndir
- Notar SD minniskort
- D-lighting, hugbúnaður til að leiðrétta lýsingu í vélinni
- Aðeins 125 grömm án rafhlöðu
- Fæst í tveimur litum

Ekki bara myndavél – NIKON

OLYMPUS

OLYMPUS FE-270
Frábær myndavél
á fínu verði
Kr. 13.900,-

3ja ára ábyrgð!



Eru einhverjir að bjóða jafn tæknilega
fullkomna fartölvu á þessu verði?



LEPTO[®]
the notebook company



Zepto 3215W
Fartölva
Kr. 99.900,-

- Skjár: 15,4" WXGA
- Örgjörvi: Intel Core DUO T2330 1,6Ghz
- Vinnsluminni: 2 Gb PC5300
- Harður diskur: 160GB SATA 5400rpm
- Drif: DVD-RW
- Windows Vista Home Basic



// ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 // ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 // ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 // ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 // ORMSSON ÞRISTUR-ISAFIRÐI SÍMI 456 4751 // ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 // ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 // ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 // ORMSSON VÍK-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 // ORMSSON VÍK-REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 // ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160

Pagnir dómara og traust:

Að kynnast dómurum

SVANBORG SIGMARSÓTTIR SKRIFAR

Skapar þögnin traust og virðingu eða vantraust og fjarlægð? Að þessu hlýtur fólk að spyrja sig eftir áhuga-vert viðtal Fréttablaðsins við Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómara. Það er ekki á hverjum degi sem hæstaréttardómarar gefa kost á sér til viðtals, að minnsta kosti ekki fyrr en þeir hafa látið af störfum. Dómarar hafa ekki haft það til síðs að tjá sig um störf sín, né heldur hefur verið mikið um að þeir rjúfi þögnina til að ræða almennt um dómapróun. Dómskerfið er ein þriggja grundvallarstoða lýðræðisins og hinar tvær þekkir almenningur mun betur; Alþingi og ríkisstjórn. Sem dæmi um hve dómarar eru fjarlægir má nefna að þrátt fyrir að hæstaréttardómarar séu aðeins nú er ekki hægt að segja að þau Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen, Hjördís Hákonardóttir, Ingibjörg Benediksdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson, Markús Sigurbjörnsson, Ólafur Þórður Þorvaldsson og Páll Hreinsson séu allt þjóðþekktir einstaklingar. Ráðherrarnir í núverandi ríkisstjórn eru tólf og er næsta víst að almenningur á auðveldara með að telja þá upp, já eða að minnsta kosti nú þingmenn.

Þegar dómararnir eru lítt þekktir er ekki hægt að gera ráð fyrir að almenningur þekki meginsjónarmið þeirra. Það er ekki fullkomin sátt um hvernig túlka beri dómafordæmi eða lög, eins og sjá má til dæmis á því þegar dómarar gefa sérálit. Því má gera ráð fyrir að almenningur eigi rétt á að vita fyrir hvað einstakir dómarar standa.

Reglan er að ekki tjáir að deila við dómara. Þegar úrskurður hefur borist er hægt að lesa sér til um forsendur dómsins og það yrði ekki góð þróun ef dómarar færu að svara fyrir sig á almennum vettvangi fyrir einstök mál. Hættan er að þegar dómarar kæmu fram opinberlega til að tjá sig almennt um dómsmál væri það í kringum umdeilda dóma. Allt sem dómararnir segðu yrði svo sett í samhengi við þessar einstöku umdeilda niðurstöður. Kosturinn við þagnir dómaranna er að þær gera niðurstöðuna endanlegri. Fólk getur verið ósátt við niðurstöðuna en það er til lítils að deila við þann sem svarar aldrei fyrir sig.

Það er ekki þar með sagt að ekki sé hægt að færa dómara og meginsjónarmið þeirra nær almenningi. Annars vegar lýtur það að lögspekingum og hins vegar að fjölmiðlum. Fjölmiðlar geta verið mun duglegri við að nafngreina dómara þegar sagt er frá úrskurði þeirra. Þá eru niðurstöður Hæstaréttar tiltæk- ar á vef dómstólsins og út frá úrskurðum dómara og sérálitum væri hægt að draga saman skoðanir hæstaréttardómaranna og þau meginsjónarmið sem þeir notast við til að dæma út frá. Þessar niðurstöður væri svo hægt að kynna fyrir almenningi. Með því væri hægt að tryggja að fólk í landinu þekkti betur sína hæstaréttardómara og myndi jafnvel treysta dómstólunum betur en nú er. Þá er einnig spurning hvort ekki ætti að taka saman og kynna meginsjónarmið þeirra sem sækja um að verða hæstaréttardómarar þannig að almenningur viti fyrir hvað nýir hæstaréttardómarar standa.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson
 ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir
 FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Halldórsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál).
 FULLTRUI RITSTJÓRA: Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Kjöt & Fiskskottorgið

Alltaf ferskt



Nautalundir
íslenskar

3.498 kr/kg

Verð áður 4.155.-

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

FRÁ DEGI TIL DAGS

Guðfinna gagnrýnir

Guðfinna Bjarnadóttir alþingismaður sendir félögum sínum í Sjálfstæðisflokknum tóninn undir rós í viðhorfspistli í 24 stundum í gær. Pistillinn fjallar um stofnanavæðingu; þingmenn séu ýmist að samþykkja lög eða ræða frumvörp (langflest stjórnarfrumvörp) sem feli í sér að koma á fót stofnunum, breyta þeim og efla. Guðfinnu reiknast til



Þetta „helvíti“ sem hér um ræðir er hefðbundið nafn á sérstakri deild í þjóðarbókhöndunni, deildinni þar sem geymd voru rit og myndir af ýmsu tagi sem voru kennd við „klám“ og ekki talið rétt að almenningur hefði beinan og greiddan aðgang að. Heimildum ber ekki alveg saman um það hvort helvíti var sérstakur staður í gömlu byggingu bókhöndunar eða hvort það var einungis einhver ákveðin númeraröð. Um slík mál hafa guðfræðingar löngum verið ósammála. En víst er, að það var sett á stofn snemma á 19. öld, þegar borgaraleg síðavendni var óðum að færast í aukana, og stóð síðan lengi með miklum blóma.

Helvíti

Þessa daga er helvíti opið í París og til sýnis fyrir almenning, einu skilyrðin eru þau að menn hafi náð sextán ára aldri. Einfaldast er að taka neðanjarðarlest nr. 14 til að komast þangað. Frá næst síðustu stöðinni á austurleið er gengið yfir brú, yfir í nýju þjóðarbókhöndun sem kennd er við Mitterrand og þar er haldið niður á við eftir einhvers konar langri og skuggalegri rennu. Biðraðirnar eru jafnan langar, en helvíti er greinilega vítt inngöngu því maður kemst fljótlega í áfangastað.

Þetta „helvíti“ sem hér um ræðir er hefðbundið nafn á sérstakri deild í þjóðarbókhöndunni, deildinni þar sem geymd voru rit og myndir af ýmsu tagi sem voru kennd við „klám“ og ekki talið rétt að almenningur hefði beinan og greiddan aðgang að. Heimildum ber ekki alveg saman um það hvort helvíti var sérstakur staður í gömlu byggingu bókhöndunar eða hvort það var einungis einhver ákveðin númeraröð. Um slík mál hafa guðfræðingar löngum verið ósammála. En víst er, að það var sett á stofn snemma á 19. öld, þegar borgaraleg síðavendni var óðum að færast í aukana, og stóð síðan lengi með miklum blóma.

Það var reyndar ekki með öllu lokað, menn gátu sótt um að fá að lesa þar eitt eða annað og var mikilvægt að greina skilmerkilega frá aldri sínum á umsókninni. Síðan réðu einhverjir yfirmenn því hvort leyfið var veitt eða ekki. Ljóðskáldið Guillaume Apollinaire fékk slíkt leyfi og notaði tækifærið til að taka saman skrá yfir helvíti sem kom út á prenti 1913; í leiðinni bætti hann nokkrum ritum við deildina frá eigin brjósti. Eftir óeirðirnar miklu í maí 1968 var helvíti síðan lokað sem slíku og bókunum skipt milli annarra deilda, þar sem menn höfðu að þeim frjálsan aðgang, og var það athyglisverður ávöxtur „byltingarinnar“. Nokkrum árum síðar var það þó stofnsett á ný, fræðimön-

að á meðan heildarvinnuafli á Íslandi hafi aukist um 25 prósent á liðnum áratug hafi opinberum starfsmönnum fjölgað um 35 prósent. Þetta sviður auðvitað alvöru sjálfstæðismönnum sem vilja minnka umsvif ríkisins, og þótt grein Guðfinnu sé kurteislega orðuð er inntakið þetta: Þótt Sjálfstæðisflokkurinn hafi setið samfleytt í ríkisstjórn síðan 1991 hefur ekki dregið úr ríkisumsvifum og báknið heldur áfram að blása út. Þetta er nokkuð beitt gagnrýni komandi úr röðum sjálfstæðismanna.

Sigríður sendiherra

Sigríður Anna Þórðardóttir, fyrrverandi ráðherra, segist fagna því að tveir af



þremur nýskipuðum sendiherrum Íslands séu konur. Eflaust dregur það ekki úr gleði hennar að önnur af þessum tveimur konum er hún. „Af tillitssemi við móttökuríkið“ vill Sigríður Anna ekki gefa upp að svo stöddu hvert hún fer og kunna þarlandir ráðamenn henni sjálfsgat bestu þakkar fyrir. En hvar sem í veröldinni Sigríður Anna nú endar ætti hún ekki að vera á flæðiskeri stödd. Hún var einn þeirra þingmanna sem samþykktu hið umdeilda eftirlaunafrumvarp um árið og getur því notið líffeyris ofan í kaupið – ef hún kys.

bergsteinn@frettabladid.is



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | Bönnuð rit

um og öðrum lesendum til hægðarauka, svo þeir gætu gengið að þessum bókmenntum á einum stað. En ekkert af þeim mun nú lengur vera bannað, og er helvíti því ekki lengur helvíti heldur n.k. buðir þar sem fræðimenn geta frlístað sig. Þessi sýning sem nú stendur yfir á innviðum í hinu neðra er því ekki í sjálfu sér nein stórbylting. Kannske var það athyglisverðast hve sýningargestir, sem voru á öllum aldri og af báðum kynjum, voru virðulegir og grafalvarlegir og skoðuðu það sem fyrir augu þar í djúpri þögn, líkast því sem þeir væru að skoða sýningu á trúarlegri list.

Þarna gat þó að líta allfjölskrúðugar sjónhverfingar. Um leið og inn var komið blöstu við sýningar-gestum stórar og listilega vel gerðar koparstungur af hvílu-brögðum sögulegra persóna með vöðva að hætti Michaelangelos, þar voru Akkiles og Brisedóttir (úr 1. bók Ilionskviðu), Dido og Eneas (úr 4. bók Eneasarkviðu), Anton og Kleopatra (væntanlega úr Plútark fremur en Shakespeare) o.s.frv. Svo voru nokkrir glerskápar helgaðir hinni frægu skáldsögu „Teresa gerist heimspekingur“, eftir óþekktan höfund, sem kom út 1748 en sagt er að hafi verið fyrsta bókin sem hlaut þann heiður að vera dæmd til vistar í helvíti þegar það var sett á stofn. Nú þykir hún merk heimild um hugmyndir og umræður á upplýsingaöld og er gefin út í kiljubroti með fræðilegum skýringum. Þegar lengra kom voru ýmis

dæmi um það hvernig hreint klám gat verið notað í pólitískum tilgangi. Tvær persónur í sögu Frakklands urðu einkum fyrir barðinu á slíkum árásum: Mazarin kardináli á 17. öld og svo Marie-Antoinette á hinna 18. En hefðin varð langlíf. Frá tímum frönsku stjórnarbyltingarinnar gat þarna að líta lista sem var væntanlega runninn undan rifjum byltingarmanna og prestahataara og taldi upp þá presta sem gómaðir höfðu verið á amorsþingi með portkonum, ásamt nákvæmum upplýsingum um stað og stund, nafn konunnar og sitthvað fleira. Frá 20. öld eru líka til dæmi en þau voru ekki á sýningunni.

Á tjaldi voru sýnd atriði úr kvikmyndinni „Nunnan“ eftir Jacques Rivette frá 1967, sem dæmi um það hvað skilgreiningin á „klámi“ getur verið erfið og auðvelt að misnota hana ef svo ber undir. Þessi mynd var gerð eftir hinni sígildu skáldsögu Diderots frá 18. öld og mjög dramatísk en gersneydd öllu því sem hægt væri að kalla klám. Eigi að síður var hún bönnuð á sínum tíma, aðallega að því er virtist til að þóknast fíaldsömum kaþólskum mönnum sem litu á efnishyggjumanninn Diderot nánast sem djöfulinn.

Þegar gengið var út úr sýningunni tók við bókaverslun, þar sem m.a. var hægt að kaupa nútímaútgáfur af ýmsum þeim ritum sem áður áttu vist í helvíti, ásamt öðru. Þar bar fyrir mín augu konu sem var að kaupa eitt af þessum gömlu og bönnuðu ritum, en svo leit hún flóttalega í kringum sig, greip aðra bók, faldi hana vandlega undir klámrítinu svo enginn sæi hana, og fór með hvort tveggja að kassanum. Það kom upp í mér rannsóknarblaðamaðurinn svo ég gáði að því hvaða bók konan væri að fela svona vendilega. Það var rit sem nefndist „Hvernig á að sigrast á feimni“. „Tempora mutantur, nos et mutamur in illis“, hugsaði ég. Tímarnir breytast og mennirnir með.

Hagsmunamat vegna ESB

UMRÆÐAN

Evrópumál

Svo virðist sem einhverjir hafi smisskilið tillögur Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi í síðustu viku og telji að þau vilji aðild að ESB án frekari málalenginga. Það er rangt. Vinna þarf á mörgum vígstöðvum samtímis:

1. Taka verður á núverandi vanda í efnahags- og atvinnumálum. Vöxtum verður að ná niður, tryggja stöðugt verðlag og takast á við versnandi stöðu og kjör þjóðarinnar. Við eigum að setja okkur að uppfylla á næstu misserum svokölluð Maastricht-skilyrði ESB um efnahagslegan stöðugleika.
2. Til þess að geta gengið í ESB verður að breyta stjórnarskránni.
3. Skilgreina verður samningsmarkmið með hliðsjón af heildarhagsmunum. Við sækjumst að sjálfsögðu ekki eftir aðild nema við séum sannfærð um að hún hafi ávinning í för með sér og verði atvinnu- og þjóðlífi til framdráttar. Menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra sögðu fyrir helgi að hagsmunamat



HELGI MAGNÚSSON

væri fyrsta skref til upplýstrar ákvörðunar. Við erum algjörlega sammála.

4. Þegar hagsmunamat og samningsmarkmið liggja fyrir er fyrst tímabært að sækja um aðild og ganga til samninga við ESB. Margt bendir til þess að umsókn Íslendinga yrði vel tekið vegna þess mikla samstarfs sem við eigum þegar við ESB með EES-samningnum og því ættu samningar að nást á skömmum tíma.

5. Á gerðum samningi þarf að kynna hann og efna til þjóðaratkvæðagreiðslu.


6. Eftir tveggja ára aðild að ESB kemur fyrst til greina að við getum tekið upp evru að því gefnu að fyrrgreind Maastricht-skilyrði séu uppfyllt.

Höfundur er formaður Samtaka iðnaðarins.

Á EIGIN VEGUM

Að ýmsu þarf að huga ef taka á fjölskyldubílinn með í sumarfríð.

BÍLAR 2



FERÐALJÓSMYNDUN

Michael J. Kissane kennir ferðaljósmyndun hjá Námsflokkum Hafnarfjarðar en hann hefur tekið myndir víða um heim.

FERÐIR 3



allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



„Þó að staðurinn sé hinum megin á hnettinum er ferðalagið vel þess virði til að geta upplifað hann,“ segir Guðbjörg.

Kafað við kóralrifin

Guðbjörg Bragadóttir leiðsögumaður og eigandi KGB ferða fór ásamt stórfjölskyldu sinni í ferð til Ástralíu sem var ævintýri líkast. Guðbjörgu og eiginmanni hennar þótti upplagt að bjóða upp á ferðir fyrir aðra Íslendinga á þessar slóðir og stefna nú á ferð í október.

„Okkur hjónin langaði til þess að starfa saman og keyptum því rútu fyrir nokkrum árum. Við höfum verið með hópa hérna á Íslandi en nú erum að fara með hóp út fyrir landsteinana og alla leið til Ástralíu,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörg og eiginmaður hennar hafa oft ferðast til Ástralíu en bróðir Guðbjargar er búsettur þar. Móðir Guðbjargar vildi fagna áttæðisafmæli sínu með öllum fjölskyldumeðlimum og því var ákveðið að allir færu til Ástralíu og út í eyjar sem liggja á hinum frægu kóralrifum sem eru á heimsminjaskrá.

„Bróðir minn skipulagði ferð sem fóll í sér ferð út í eyjar sem eru á hinum heimspekktu kóralrifjum. Fraser Island og Heron Island voru eyjarnar sem við heimsóttum og þar vorum við í litlum húsum í þrjár

nætur. Fegurðin var stórkostleg, sjórinn tær og hreinn og hvítar strendur, þetta var ævintýri líkast. Við köfuðum við kóralrifin með litríkum fiskum og litlum kóralhákörslum,“ útskýrir Guðbjörg.

Fraser Island er stærsti sandskafl í heimi en eyjan er þó vaxin gróðri frá fjöru til fjalls. „Þegar maður keyrir þarna um er það eins og að keyra í snjó, maður þarf að vera á fjórhjóladrifnum jepum til að komast um eyna. Við heimsóttum síðan dýragarð sem hinn heimspekkti Steve Irvin heitinn átti og er nú rekinn af fjölskyldu hans. Í þjóðgarðinum sem við heimsóttum sáum við tré sem var holt að innan og annað tré sem gengur. Tréð hreyfist úr stað og hefur gengið yfir leikgrind barna og bekk. Auðvitað tekur það mörg ár en tréð gengur áfram hægt og rólega. Þessir staðir sem við heimsóttum skilja alveg ótrúlega mikið eftir sig,“ segir Guðbjörg.

Guðbjörg segist aftur ætla að heimsækja þessa paradís en fyrirtæki hennar KGB ferðir mun í október fara með íslenska ferðalanga á þennan stað í Ástralíu. Forvitnir ferðalangar geta heimsótt heimasíðuna www.kgbtours.is og skoðað hvað er í boði.

mikael@rettabladid.is

Parftu breiðari bíl?

Hjá Lýsingu bjóðum við þér einfalda lausn til þess að eignast draumbílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalan // Einkaleiga



LYSING.IS // 540 1500

Breiðhöfða



517 0000

www.planid.is



VW Passat TDI Dísel 170hó, 3/07, 18þ.km. top-plúga, álfelgur, leður, auka dekk. Verð 3.650.000.-



Dodge Ram 2500, 8/07, 14þ.km. 6.7 tdi, ssk, álfelgur, krókur. Verð 5.190.000.-



Ford F350 Lariat, 6,4, 27þ.km. 2008, krókur, magasin. Verð 4.750.000.-



Subaru Legacy Sedan, 6/06, 18þ.km. ssk, 19" álfelgur, þjónustubók. Verð 2.290.000.- áhv. 1.800.000.-



Nissan Navara LE D/C, 4/04, 101þ.km. 35" álfelgur, krókur, lok á palli. Verð 2.190.000.- áhv 1.550.000.-



Toyota Landcruiser 100VX 38", 9/06, 24þ.km. 7 manna, ssk, driflæsingar framan og aftan. Verð 10.800.000.-



Ford F350, 6,0 dísel, 2005, 56þ.km. ssk, 37" breyting, er á 35" dekkjum. Verð nú 3.790.000.-



Rafstilling ehf

startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is



Norræna siglir bæði með farþega og bíla til Evrópu.

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is

NISSAN SUBARU HONDA
ISUZU OPEL

SMÍÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · Sími: 567 7360

Á bílnum til Evrópu

Nú eru margir farnir að íhuga ferðalög í sumar og alltaf eru einhverjir sem vilja ferðast um Evrópu á eigin bíl. Nokkrar leiðir eru færar til þess að koma bílnum á meginlandið en mikilvægt er að hafa alla pappíra á hreinu.

drikstad Svíþjóð, Rotterdam í Hollandi og Hamburg í Þýskalandi.

Samskip sigla til Immingham í Englandi, Rotterdam í Hollandi, Cuxhaven í Þýskalandi, Árósa í Danmörku og Valberg og Moss í Svíþjóð.

Atlantsskip sigla til Immingham í Englandi, Vlissingen og Rotterdam í Hollandi og Esbjerg í Danmörku.

Norræna hefur um árabíl flutt bíla til meginlands Evrópu og hægt er að sigla til Bergen í Noregi, Scrabster í Skotlandi og Færeyja.

Ekki er þó nóg að huga að því hvernig á að koma bílnum á áfangastað því það eru ýmsir pappírar sem þarf að hafa meðferðis þegar haldið er út til Evrópu á eigin bíl.



Alþjóðlegt ökuskríteini fæst hjá FIB og lögregluembættinu.

Bíllinn þarf að hafa staðist skoðun hérna heima og fylla þarf út tryggingapappíra sem kallaðir eru Græna kortið og er hægt að nálgast hjá tryggingafélagum. Græna kortið er alþjóðleg staðfesting þess að bíllinn sé ábyrgðartryggður og er það afar mikilvægt í Austur-Evrópu.

Íslenskt ökuskríteini er fullgilt í flestum löndum Evrópu en í Austur-Evrópu og öðrum heimshlutum er nauðsynlegt að hafa með í för alþjóðlegt ökuskríteini sem fæst hjá FÍB og lögregluembættinu.

Skráningarskríteini bílsins sem ferðast er á verður að vera meðferðis og ekki er öruggt að skilja það eftir í hanskahólfinu þegar bíllinn er yfirgefinn.

mikael@frettabladid.is

Bremsuhlutir í alla jeppa og pickupa

Diskar
Klossar
Dælur
Borðar

Ísetningarþjónusta

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

FRAMÖXKLAR Í JEPPA Japan/U.S.A.

Öxullidur í flestar gerðir jeppa

FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.

Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
fjallabilar@fjallabilar.is

KOMIS SAMOCHODOWY

CARMAX.is

oferuje:

- pomoc w zakupie lub sprzedaży samochodu
- sprzedaż gotówkową lub autokredyt
- formalności i ubezpieczenie złatwiamy na miejscu
- w swojej ofercie posiadamy 550 aut
- juz od 40 tyś.

Z komisem samochodowym CARMAX zaoszczędzą Państwo czas. A czas to pieniądz

CARMAX • Hyrjarhöfði 2
Tel. 540 5800 • www.carmax.is



Náttúran varðveitt í mynd

Námsflokkar Hafnarfjarðar bjóða þeim upp á gagnlegt námskeið sem vilja læra betur á stafrænu ljósmyndavélina. Á námskeiðinu læra þátttakendur einnig um helstu grunnþætti ljósmyndunar, en kennari er Michael J. Kissane.

Michael er Bandaríkjamaður með íslenskan ríkisborgararétt sem hefur búið og starfað á Íslandi í rúma tvo áratugi. Hann hefur ljósmyndað náttúruna víða um heim, m.a. í Afríku, Kanada og Evrópu. Í fjórutíu og níu af fimmtíu fylkjum Bandaríkjanna hefur hann einnig ljósmyndað á ferðalögum sínum. Michael hefur skrifað fjölmargar greinar um náttúruvernd og ferðalög, bæði í íslensk tímarit og erlend. Einnig hefur hann þýtt bækur um fluguveiði á íslensku. Sem náttúrufræðingur, leiðsögumaður og ljósmyndari ætlar hann að miðla af þekkingu sinni til nemande Námsflokka Hafnarfjarðar. En 7. apríl næstkomandi hefst námskeið í umsjón hans í ferðaljósmýndun.

„Nútímatækni gerir það að verkum að hægt er að taka nær ótakmarkaðan fjölda ljósmynda. Á námskeiðinu verður farið í helstu atriði ljósmyndunar sem ættu að nýtast öllum þeim sem vilja taka betri ljósmyndir,“ segir Michael. Fjallað verður um helstu grunnatriði ljósmyndunar eins og lýsingu, uppbyggingu mynda, liti



„Í ferðaljósmýndun felst náttúruvernd, við verndum minninguna um náttúruna með því að taka myndir,“ segir Michael.

og annað sem við kemur ljósmyndataekni. Stutt ferð verður farin þar sem þátttakendur fá að spreyta sig á ferðaljósmýndun.

„Í ferðaljósmýndun felst náttúruvernd,“ segir Michael. „Við verndum minninguna um náttúruna með því að taka myndir. Áður en fyrsti þjóðgarðurinn í Bandaríkjunum, Yellowstone, opnaði 1872, reyndist erfitt að sannfæra fólk um þá náttúrudýrd sem þar er að finna. Það var ekki fyrr en ljósmyndari kom á staðinn og festi dýrðina á filmu að heimurinn gerði sér grein fyrir náttúruferðstöð staðarins. Sama má segja um íslenska náttúru. Íslenska náttúran er stórbróttin og í henni felast mikil verðmæti. En náttúruvernd má ekki tengja við öfga, við verðum að hafa í huga að maðurinn er

hluti af umhverfi sínu. Við erum hluti af stóru vistkerfi og höldum stundum að við séum við stjórnlölinn. En ef við höldum áfram að menga vistkerfið þá gæti farið svo einn daginn að við hættum að geta séð norðurljósin. Ósnortin náttúra er eitt það dýrmætasta sem við eignum.“

Þótt Michael hafi unnið við ljósmyndun við læknadeild Háskóla Íslands um tíma þá hafði hann alltaf hug á að snúa sér aftur að því að ljósmynda fegurðina úti í náttúrunni sem hann lærði um í háskólanum í Colorado. En náttúruvernd er sannarlega samofin ferðaljósmýndun í huga Michaels og á vefsíðunni www.f-stoptours.com er hægt að skoða hluta af þeim ljósmyndun sem hann hefur tekið á ferðalögum sínum.

FRÉTTABÍLDI/STEFÁN

Sigur lífsins

Á PÁSKUM VERÐUR ÁRLEG DAGSKRÁ Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI SEM NEFNIST SIGUR LÍFSINS.

Fléttað verður saman fræðslu um Skaftár-eldana 1783, útvíst á söguslóðum og helgihald páska hátíðarinnar á Klaustri dagana 20.-24. mars. Dagskráin er á vegum Kirkjubæjrestofu í samvinnu við sóknarprest og sóknarnefnd Prestsbakka-sóknar. Nánari upplýsingar eru í síma: 487 4645 og á www.klaustur.is



GISTING Í HÖRPUHÚSI Kaupmannahöfn <http://surprizetravel.is/gistingdk.html>

Nánari upplýsingar í síma 822-3890

Selir, sigling og sólarlag

Michael J. Kissane hefur ljósmyndað náttúruna víða um heim.


Í myndasafni Michaels er meðal annars að finna fjölmargar myndir úr íslenskri náttúru. Hér fyrir neðan má sjá þrjár þeirra en fleiri myndir er hægt að skoða á heimasíðu hans www.f-stoptours.com.



Snæfellsjökull er aðeins dagsferð frá Reykjavík.



Selir skoða heiminn nálægt Bessastöðum.



Víkingaskipið Íslendingur á siglingu.

THULE[®] SWEDEN

SKÍÐABOGAR

Allar upplýsingar um THULE er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavík | Bildshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur
Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður | Draupnigata 1, 600 Akureyri
Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

BARCELONA

í mars og apríl

frá kr. **9.990**

Frábær sértíloð í vor!
- Flugsæti eða helgarferðir

Heimsferðir bjóða einstök tilboð til Barcelona í mars og apríl. Í boði er frábært tilboð á þriggja náttu helgarferðum, 28. mars, eða 10. apríl, fjögurra náttu helgarferð 3. apríl og á flugsætum á fjölmörgum dagsetningum í mars og apríl. Barcelona er einstök perla sem Íslendingar hafa tekið ástföstri við. Borgin býður frábært mannlíf og óendanlega fjölbreytni í menningu, afþreyingu og úrvali fjölbreyttra veitingastaða og verslana. Griptu þetta frábæra tækifæri – takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði!

Kynntu þér fjölbreytt tilboð til Barcelona og fleiri borga í vor á www.heimsferdir.is

Verð kr. 9.990

Netverð á mann, flugsæti aðra leið með sköttum. Gildir í flugi frá Keflavík á mánudögum og flugi frá Barcelona á fimmtu- eða föstudögum í mars og apríl.

Verð kr. 44.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Princesa *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra náttu helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Verð kr. 49.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Princesa *** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra náttu helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.

Verð kr. 52.990

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli á Hotel Catalonia Plaza **** í 3 nætur með morgunverði, 28. mars eða 10. apríl. Fjögurra náttu helgarferð 3. apríl kr. 5.000 aukalega.





Valdís Vífilisdóttir inanhússarkitekt breytti nýlega eldhúsinu.

RÉTTABLAÐID/GVA

Eldhúsið allt svart

Valdís Vífilisdóttir inanhússarkitekt breytti um lit í eldhúsinu hjá sér.

„Ég breytti síðast í eldhúsinu og sprautaði innréttinguna svarta, bætti við nokkrum skápum og setti svarta borðplötu úr steini,“ segir Valdís. „Ég er mjög ánægð með breytinguna. Ég var með viðarplötu áður á borðunum en nú er allt orðið svart því á gólfinu voru svartar steinflísar. Eldhúsið varð allt miklu aðgengilegra og auðveldara í þrifum.“

Valdís tók alla íbúðina sína í gegn fyrir nokkru og ætlar sér ekki í frekari framkvæmdir í bráð. „Ég held að ég sé búin að gera allt sem hægt er að gera í þessari íbúð en ég

tók hana alveg í gegn á sínum tíma. Skipti um gólf og tók niður vegg, setti nýja lýsingu og endurnýjaði glugga og hurðir. Það er mjög mikið svart hjá mér án þess að vera kuldalegt. Ég hef mjög gaman af að blanda gömlu og nýju saman og vil hafa smá grófleika líka, ekki of stílhreint heldur líka heimilislegt.“

Sem inanhússarkitekt hefur Valdís áhuga á hönnun og leggur metnað í vandaða muni. „Ég leitast við að kaupa hönnun, bæði í húsgögnum og nytjamunum, og bið þá frekar bara eftir því að geta keypt hlutinn. Ég er alltaf veik fyrir skandinavískri húsgagnahönnun en svo er gaman að eiga eitthvað eftir Starck og Eames. Ítölsk hönnun er líka mjög spennandi.“

- rat

Verðmætin eru í hönnun

Undirritaðir hafa verið samningar milli stjórnvalda og hönnuða um rekstur Hönnunarmiðstöðvar.

Ráðherrar menntamála og iðnaðar skrifuðu í síðustu viku undir þjónustusamning við fulltrúa nýu fagfélaga hönnuða og arkitekta um rekstur Hönnunarmiðstöðvar. Hönnunarmiðstöðin tekur við af Hönnunarrættvangi, þróunarverkefni iðnaðarráðuneytis, Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Samtaka iðnaðarins, Útflutningsráðs, Reykjavíkurborgar og Forms Íslands - samtaka hönnuða. Eitt af verkefnum Hönnunarrættvangs var að undirbúa stofnun Hönnunarmiðstöðvar sem er nú orðin að veruleika.

Íslensk hönnun hefur verið í stöðugri sókn undanfarin ár en eins og fram kemur á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar er áætlað að um 1.500 hönnuðir og arkitektar séu nú starfandi á Íslandi. Sá hópur fer ört stækkandi en auk þeirra sem stunda nám erlendis útskrifar Listaháskóli Íslands á hverju ári vöruhönnuði, fatahönnuði og grafíska hönnuði og hófst kennsla í arkitektúr árið 2003. Dennis Davíð Jóhannesson, fulltrúi Arkitektafélags Íslands í stjórn Hönnunarmiðstöðvar, segir nú kominn grundvöll fyrir samfélag hönnuða og arkitekta með tengsl við landið.

„Það hefur bæði háð okkur en líka verið kostur að fólk komi úr ýmsum áttum og úr mismunandi skólum. Það verður mikil breyting núna þegar stórir hópar koma úr Listaháskólanum og með Hönnunarmiðstöðinni er verið að að tengja saman öll þessi mismunandi svið hönnunar. Hönnuðir munu geta unnið saman og ég vil meina að hönnun og arkitektúr séu sterkasta vopnið í samkeppni í dag.“

Dennis segir hlutverk Hönnunarmiðstöðvarinnar einnig vera að koma á tengslum milli almennings og hönnuða. Mikilvægt sé að vekja áhuga hjá fólki og upplýsa það um hönnun og byggingarlist.

„Við þurfum að ná til unga fólksins og ég sé fyrir mér fræðslu um hönnun og byggingarlist á öllum skólastigum. Umhverfið endurspeglar það þjóðfélag sem við búum í. Við notum hönnun og arkitektúr til að skapa verðmæti, gera umhverfið fállegra og auka



FRETTABLAÐID/ANTON

Dennis Davíð Jóhannesson arkitekt segir íslenska hönnun skapa verðmæti og fegra umhverfið.

samkeppnishæfni borgarinnar og atvinnulífsins í landinu. Með Hönnunarmiðstöð skapast grundvöllur til þess.“

Dennis nefnir líka þá sögu sem við búum yfir á Íslandi í byggingarlist og hönnun og að virða beri gamlar byggingar og muni.

„Ég vona að Hönnunarmiðstöðin verði til þess að hér verði ekki eitthvert alþjóðlegt umhverfi líkt öllu öðru. Hér verði til eitthvað sérstakt sem tengist okkar rötum, menningu og veðráttu. Íslensk hönnun.“

heida@frettabladid.is

Álklæðning og álundirkefi

Fegurð, mýkt, ending
Fæst í fjölda lita



BAZOOKA/2008

Ál er okkar mál
Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is



allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-17

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
VIRKA DAGA

8-17

BÍLAR & FARARTÆKI

bifreiðasalan

Tangarhófa 2 • 112 Reykjavík •
Sími 577 4400 • Fax 577 4401



PEUGEOT 206 XS árg 10/02 ekinn 690 þús km glerþak og toppluga, heilmiki endurnýjaður bíll Verð 690 þús. áhvilandi 650 þús afborgun á mánuði 15 þús kr.



TOYOTA AVENSIS WAGON TERRA árg 2001 ekinn 168 þús km góður bíll á góðu verði og hagstætt lán

Bifreiðasalan
Tangarhófa 2, 112 Reykjavík
Sími: 577 4400
www.bifreidasalan.is




Suzuki XL7 Luxury Limited, 7 manna, árgerð 2007, 3,6 cc, 250 hestöfl, ekinn 7 þúsund, leður, toppluga og mikill aukabúnaður, verð kr. 3.690.000,- 821-6292



Skoda Octavia 1.6 11/1998, 5g, ek 99 þkm, grænn, verð 490 þús. visa lán




Renault Megane Scenic 8/1998, 5g, ek 159 þkm, grænn verð 290 þús stgr. visa lán



Opel Astra stw 6/2002, 5g, ek 118 þkm, rauður, verð 590 þús visa lán



Peugeot 306 2/1999, 5g, ek 88 þkm, verð 450 þús visa lán



Peugeot 306 2/1999, 5g, ek 88 þkm, verð 450 þús visa lán



Peugeot 306 2/1999, 5g, ek 88 þkm, verð 450 þús visa lán

Litla bílasalan
Eirhöfða 11, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



Dodge Durango 4WD Limited árg. 2006. Ek. 34 þús.km. Ssk., DVD, filmur, leður ofl. Tilboð 2990 þús.kr. stgr. Verð áður 3490 þús. kr.



Dodge Durango 4WD Limited, árg. 2006, ek.34þús.km, Sjálfsk. DVD, Filmur, Leður og fl. Stgr.Tilboð 2990þús. kr, Verð áður 3490þús.kr.


100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is



Við Íslendingar hljótum og eigum að bera kjör okkar saman við það besta og hefur þar orðið vel ágengt, þökk sé fullveldi landsins og farsælli stjórn. En það eru alvarlegar ranghugmyndir þegar menn bera heildarafl og möguleika hagkerfis hjá 300 þúsund manna þjóð saman við það sem er hjá milljóna þjóðum. Meira að segja hin Norðurlöndin eru of stórar hagfræðieiningar til samanburðar. Við eigum ekki að hafa minnimáttarkennd yfir smæðinni, en þurfum að taka mið af henni.

Frá 1997 hefur verið gerð sérstök og djörf tilraun til að láta gjaldmiðil okkar litla hagkerfis fljóta á alþjóðlegum fjármálamörkuðum. Það eru engin dæmi um svo lítin gjaldmiðil í þeim ólgusjó, ekki í allri veraldarsögunni. Íslenski seðlabankinn er vegna smæðar sinnar tæplega fær um að veita íslensku viðskiptabönkunum eðlilega starfstryggingu í ólgusjó alþjóðaviðskipta. Aðalatriðið er þó að það er mikill kostnaðarauki af því fyrir almennig og atvinnulífið að búa við örsmáa sveiflugjarna hávaxtamynt. Ofurvextir og verðþrygging eru að sliga alla hina efnaminni í samfélaginu. Því er það skylda stjórnvalda að ræða þetta mál og leita lausna.

Til skamms tíma hafa fulltrúar Sjálfstæðisflokks verið tregir til viðræðu um gjaldmiðilmál en við sjáum nú sólarmerki breytinga með framtíðarleiðtogum þess flokks. Það er vel og mín von er að þeim takist jafnvel að ruska við forsætisráðherra landsins sem er nú farinn að taka stjórnarandstöðunni heldur ólundaerlega.

Erum í tilraunastarfi

Það að Svisslendingar hafa gert myntbandalag við granna sína segir að sú leið kann að vera möguleg. Ef rétt er að reikna megi með áhuga Svisslendinga á myntbandalagi við önnur lönd eru það mikilvæg rök. Það er algerlega ljóst að með svissneskum franka fengi Ísland mestan ef ekki allan sama ávinning og næðist með evru. Traust þess gjaldmiðils á alþjóðavettvangi er síst lakara en evrunnar.

Önnur leið sem ber að skoða er að stjórnvöld leggi formlega blessun sína yfir upptöku á margri erlendri mynti í fjölmyntarsamfélagi. Allt væru þetta vissulega tilraunir en við erum líka í tilraunastarfi í dag og höfum verið frá a.m.k. 1997. Það breytir engu þó að milljónþjóðir í nágrenni við okkur hafi ekki opinberlega hugleitt þessar sömu leiðir. Þær hafa heldur ekki þurft að gera tilraun með fljótandi örmynt. Við þurfum í mörgu að fara aðrar leiðir en hinar fjölmennari þjóðir.

Þeir sem telja sjálfsgagt að bera myntkerfi íslensku krónunnar og hagkerfið okkar saman við það þýska eða breska en er síðan gróflega misboðið þegar minnst er á Liechtenstein eða Svartfjallaland skulda okkur rökstuðning sem byggir á öðru en því að þá langi til að vera hluti af milljónþjóð. Sjálfur er ég hæstánægður með að tilheyra smáríki og skora á krata þessa lands að vera það nú líka.

Höfundur er alþingismaður.

Þorirðu ekki að opna þau?

UMRÆÐAN

Greiðsluerfiðleikar



ÁSTA S. HELGADÓTTIR



HELGA G. HALLDÓRSDÓTTIR

Að steypa sér í Askuldur er auðvelt. Að koma sér upp úr skuldafeni er mun erfiðara. Ef þú þorir ekki að opna gluggaumlögin er það vísbending um að þú verðir að leita þér aðstoðar sem fyrst. Greiðsluerfiðleikar eru vaxandi vandamál hér á landi og það er mikilvægt að grípa strax inn í áður en vandamálið verður óyfistíganlegt. Allir geta á lífsleiðinni lent í erfiðleikum með fjármálin sín. Ýmis óvænt atvik geta komið upp sem breyta öllu varðandi fjárhaginn, t.d. veikindi, atvinnuleysi, óvænt tekjulækkun, skilnaður og fleira.

Átaksvika Hjálparsíma Rauða krossins 1717 fjallar að þessu sinni um greiðsluörðugleika og er unnin í samstarfi við Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna. Ætlunin er að auðvelda fólki í greiðsluörðugleikum að stíga fyrstu skrefin til að leita sér aðstoðar. Hjálparsíminn er alltaf opin, það kostar ekkert að hringja í 1717 og trúnaður er alger. Þeir sem hringja í Hjálparsímann geta létt á hjarta sínu og fengið leiðbeiningar um hvernig þeir eigi að leita sér

aðstoðar Ráðgjafarstofu vegna greiðsluerfiðleika.

Það er brýnt samfélagslegt kappmál að aðstoða þá sem eiga í greiðsluerfiðleikum. Sextán aðilar koma að rekstri Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna og þar á meðal er Rauði kross Íslands. Ráðgjöf vegna greiðsluerfiðleika hjá Ráðgjafarstofu er endurgjaldslaus og óháð búsetu umsækjanda. Þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu koma í viðtöl, en þeim sem búa á landsbyggðinni gefst kostur á að póstsenda mál til stofunnar. Einnig er símaráðgjöf alla virka daga kl. 9.00-12.00 og 13.00-15.00. Netspjall er á heimasíðu (www.rad.is) á sama tíma.

Mikilvægt er að gera eitthvað strax varðandi greiðsluerfiðleika – ekki bíða. Eftir því sem beðið er lengur er verið að búa til stærra vandamál sem erfiðara verður að leysa. Hringdu í Hjálparsíma Rauða kross Íslands 1717 og þú ert kominn nær því að leysa vandann.

Helga er sviðsstjóri innanlands-sviðs Rauða kross Íslands og Ásta er forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna.

Snjókorn falla og verðið líka! Lynx-sleðar á tilboði!



<p>X-TRIM 600 SDI Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.250.000 kr. Listaverð 1.350.000 kr.</p>	<p>RAVE 550 Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 819.000 kr. Listaverð 919.000 kr.</p>	<p>X-TRIM 800 POWER TEK Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.420.000 kr. Listaverð 1.520.000 kr.</p>	<p>Adventure V-800 Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.050.000 kr. Listaverð 1.150.000 kr.</p>	<p>RAVE RE 600 HO Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.120.000 kr. Listaverð 1.350.000 kr.</p>
<p>YETI 600 SDI Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.370.000 kr. Listaverð 1.470.000 kr.</p>	<p>Yeti V 800 Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.410.000 kr. Listaverð 1.510.000 kr.</p>	<p>X-TRIM 550 Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 895.000 kr. Listaverð 995.000 kr.</p>	<p>Rave 800 Power TEK Árgerð 2008</p> <p>Tilboðsverð 1.430.000 kr. Listaverð 1.530.000 kr.</p>	<p>X-TRIM 800 POWER TEK Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.250.000 kr. Listaverð 1.510.000 kr.</p>
<p>RAVE RC 800 POWER TEK Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.270.000 kr. Listaverð 1.530.000 kr.</p>	<p>RAVE RC 600 SDI Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.140.000 kr. Listaverð 1.370.000 kr.</p>	<p>X-TRIM 600 SDI Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.120.000 kr. Listaverð 1.350.000 kr.</p>	<p>ADVENTURE 600 SDI Árgerð 2007</p> <p>Tilboðsverð 1.140.000 kr. Listaverð 1.370.000 kr.</p>	<p>olis 50.000 kr. bensínúttekt með 2007 árgerðinni</p>



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, dóttir og amma,

Rannveig Baldursdóttir
Einilundi 8e, Akureyri,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri sunnudaginn 9. mars. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 17. mars kl. 13.30.

Baldur Guðnason

Pórarinn Guðnason

Birkir Hólm Guðnason

Hólmfríður Guðnadóttir

Sveinbjörg H. Wíum og ömmubörn.

Kristrún Sigurgeirsdóttir

Fríða Dóra Steindósdóttir

Halldór Kristjánsson



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug vegna andláts móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Pollyjar Sæmundsdóttir
síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir góða umönnun og hjálpssemi.

Eygló Guðjónsdóttir

Kristinn Guðjónsson

Valgarður Guðjónsson

og fjölskyldur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, sonur og bróðir,

Sigurður Sveinn Mátsson

varð bráðkvaddur í Vilnius í Litháen mánudaginn 10. mars.

Vaida og Samúel Mátsson

Fanný Guðbjörg Guðmannsdóttir

Jón Guðmann Jónsson

Halldóra Elín, Sólveig Fanný og Valdís Magnúsdætur

og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigtryggur Björnsson
Héðinsbraut 7, Húsavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Pingeyinga þriðjudaginn 4. mars. Jarðsett verður frá Neskirkju Aðaldal í dag, miðvikudaginn 12. mars, kl. 14.00.

Ingibjörg Gísladóttir

Björn Sigtryggsson

Eyrún D. Sigtryggisdóttir

Jón Sverrir Sigtryggsson

og barnabörn.

Eva Hovland

Jónas A. Sævarsson

Inga Þórey Ingólfssdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Margrét Sigurðardóttir

Hjallaseli 21 (áður Réttarholtsvegi 57),

sem lést á Landspítalanum við Hringbraut laugar- daginn 23. febrúar, verður jarðsungen frá Seljakirkju fimudaginn 13. mars kl. 13.00.

Ásmundur Sigurðsson

Ruth Woodward

Sonja Sigurðardóttir

Svanhvít Sigurðardóttir

Gunnar Kr. Sigurðsson

Erla Hafdís Sigurðardóttir

Jenný Sigurðardóttir

Þorsteinn Sigurðsson

Stefnir Páll Sigurðsson

Matthías Sigurðsson

Sigurður G. Sigurðsson

Kristín Ármannsdóttir

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

Guðríður Jónsdóttir

Sigurður V. Magnússon

Ragnar Geirdal

Laufey V. Hjaltalín

Ásdís Sigurðardóttir

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Sigurveig Björgvinsdóttir

Birgir Ómarsson

LIZA MINELLI LEIK- OG SÖNG-
KONA ER 62 ÁRA.

„Ég erfði sjúkdóminn alkó-
hólisma og lærði snemma
að sækja mér aðstoð vegna
hans.“

Liza Minelli er dóttir hinnar
frægu leikkonu Judy Garland
og Vincents Minelli leikstjóra.
Sjálf hefur hún átt vinsældum
að fagna sem leik- og söng-
kona en eins og hún segir sjálf
hefur hún eytt miklum tíma í
að takast á við fjölskyldusjúk-
dóminn alkóhólisma.



tímamót

timamot@frettabladid.is

KEILAN Á AKUREYRI: FYRSTI KEILUSALURINN NORÐAN HEIÐA

Fjölskylduvæn stemning

„Við vorum með kaffihús í sama húsi og Blómaval. Þegar Blómaval fór urðum við að endurskoða stöðuna. Þá fengum við ýmsar hugmyndir, meðal annars að Keilunni,“ segir Dagný Ingólfssdóttir, sem opnaði Keiluna á Akureyri fyrir skömmu ásamt manni sínum, Þorgeiri Jónssyni.

Í kjölfarið fóru þau suður í skoðun- arferð. „Við keyptum notaðar keilu- brautir úr Keiluhöllinni í Öskjuhlíð. Síðan komu hingað þrír Ameríkanar sem settu upp salinn ásamt restinni af útbúnaðinum,“ segir Dagný sem tekur fram að keilusalurinn sé ekki bara sá fyrsti norðan heiða, heldur líka sá fyrsti sem selur kók! „Hefðin er að selja pepsi í keilusölum af einhverjum ástæðum. Hins vegar hef ég ekki hugmynd um hver ástæðan fyrir því er. Okkur var bara sagt að kvikmynda- húsin væru oftast með kók og keilusal- ir pepsi,“ segir Dagný hlæjandi.

Í Keilunni eru átta brautir og við- brögðin hafa ekki látið á sér standa „Það hefur verið fullt út úr dyrum og á háannatíma er tveggja tíma bið. Hingað kemur fólk á öllum aldri og við getum tekið á móti 40 manns í einu.“

Dagný segir jafnt bæjarbúa sem aðra sækja staðinn. „Ég er með pant- anir úr 500 km rás, sumar langt fram í tímann.“ Stemningin á stað- um er fjölskylduvæn segir Dagný og tekur það skýrt fram að strangar regl- ur séu um vínveitingar. „Ég vil að unglingar geti komið hingað og spil- að án þess að foreldrar hafi áhyggjur. Við erum með vínveitingar í öðrum sal en aðeins frá klukkan 20. Það er allt í lagi að fá sér einn og einn bjór en hér á ekki að vera þöbbastemning, heldur fyrst og fremst fjölskylduvæn stemn- ing,“ segir Dagný sem hefur fengið góð viðbrögð við þessari stefnu. „Bæj- arbúar hafa bæði komið og hringt til



FJÖLSKYLDUVÆN KEILUSTEMNING Hugmyndin að norðensku keiluhöllinni fæddist fyrir ári síðan. Nú er fullt út úr dyrum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

ur séu um vínveitingar. „Ég vil að unglingar geti komið hingað og spil- að án þess að foreldrar hafi áhyggjur. Við erum með vínveitingar í öðrum sal en aðeins frá klukkan 20. Það er allt í lagi að fá sér einn og einn bjór en hér á ekki að vera þöbbastemning, heldur fyrst og fremst fjölskylduvæn stemn- ing,“ segir Dagný sem hefur fengið góð viðbrögð við þessari stefnu. „Bæj- arbúar hafa bæði komið og hringt til

að þakka mér fyrir ábyrga stefnu og það þykir mér mjög gott. Svona vil- jum við hafa þetta.“ Í Keilunni er einn- ig rekinn veitingastaður með veglegan ísbar, hamborgara, pítsur og crêpes.

Framundan eru einnig námskeið í keilusþróttinni og stofnun á keiluliði sem getur keppt við hið reykvíska að sögn Dagnýjar.

Opnunartími Keilunnar er frá kl.11.00-23.30 alla dag. rh@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Jón Guðlaugsson

frá Vík í Mýrdal, Hraunbæ 103, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Skjólí þriðjudaginn 4. mars. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 13. mars kl. 13.00.

Margrét Ögmundsdóttir

Guðrún Jónsdóttir

Jóna Jónsdóttir

Guðlaugur G. Jónsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Oddur Þórðarson

Pétur Eiríksson

Sigríður Ingunn Ágústsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Jóhannes Sólbjartur

Sigurbjörnsson

sem lést á hjúkrunarheimilinu Grund, Hringbraut 50, miðvikudaginn 27. febrúar, verður jarðsungen frá Fossvogskapellu föstudaginn 14. mars kl. 15.00.

Skúli Jóhannesson

Ágústa Jóhannesdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Anna Sigurðardóttir

Vilhjálmur Georgsson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar sendist á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

ÞETTA GERÐIST: 12. MARS 1913

Canberra höfuðborg

Canberra, höfuð- borg Samveldisins Ástralíu, var stofnuð þennan dag árið 1913. Hún var stofnuð sérstaklega sem höfuðborg í kjölfar deilna milli tveggja stærstu borganna, Mel- bourne og Sydney, um hvar hið nýja þing skyldi vera staðsett.

Staðurinn var valinn árið 1908, nokkurn veginn mitt á milli borganna tveggja, á hentugum byggingarstað, með góðum að- gangi að vatni. Árið 1911 sigr-



aði Bandaríkja- maðurinn Walter Burley Griffin al- þjóðlega keppni um skipulag borgarinnar. Í borginni miðri er stöðuvatn nefnt eftir honum. 1913 var borgin nefnd og byrjað að reisa hana. Árið 1927 flutti samveldis- þingið þangað.

Nafnið er komið af heiti frum- byggja svæðisins og talið þýða staður þar sem fólk kemur saman. Íbúar borgarinnar eru um 340.000.

VANDAÐAR

HÁGÆÐA ELDHÚS INNRETTINGAR

...eitt hagstæðasta verðið á markaðnum

LINE

Hvít lakkað háglans, höldurlaus



SPRAUTULAKKAÐ

COUNTRY

Fulningur - hvít lakkað, háglans



SPRAUTULAKKAÐ

Töfra hornskápur



BLUM mjúklökandi skápurhurðir



BLUM fullútdraganlegar og mjúklökandi skúffur
Skúffur breidd 40-60-90-120 sm

Búr skápur



Fjölbreytt úrval af áhaldaskúffum



Glerskápar með ljósi í botni

HORIZONTAL

Amerísk hnota spónlögð



DUCALE

Ljós eik - innfelld handföng



Hálfmáni hornskápur



Skoðið hugmyndabankann fyrir eldhús á heimasíðunni
www.i-t.is



- fyrir þitt heimili

Opð **virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15**

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Páskaferð til Krakár



19.-26. mars

Fararstjóri: Valgeir Bjarnason

Verð á mann í tvíbýli

72.700 kr.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting á 4* hóteli ásamt morgunverði og einum kvöldverði, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn. Skoðunarferðir ekki innifaldar.



Nánar á expressferdir.is
eða í síma 5 900 100

Express ferðir

Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express



STUÐ MILLI STRÍÐA Hryllingssögur og heilagur Pétur

SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR HEFUR LÁTIÐ HEILLAST AF LANDI SKRIFFINNSKUNNAR



Í dag er för minni heitið til lands skriffinnskunnar. Þar sem ég hef haft hina megnustu óbeit á öllu sem eyðublöð og þrít heita frá því að ég kom fyrst inn í banka sundlaði mig af hryllingi þegar ég áttaði mig á því að vikuskrepp til borgar heilags Péturs kallaði á vegabréfsáritun. Eftir hálf tíma djúpöndun lyfti ég síma og hringdi í sendiráðið til að öðlast innsýn í hvað ég þyrfti að hafa meðferðis (í hversu mörgum eintökum og með hversu mörgum undirskriftum) til að geta sótt um slíkan pappír. Snögg yfirferð leiddi í ljós að til að safna því saman þyrfti ég að hrista fram úr erminni eitt stykki faxtæki, fara í

tvo bíltúra og verða mér úti um íslenska seðla – sem ég hef vart séð síðan mér áskotnaðist debetkort hér um árið.

Í þessu erfiða ferli fékk ég að heyra margar hryllingssögur af viðureignum við sendiráð í svipuðum erindagjörðum. Í þeim komu við sögu illgjarnir verðir, kuldaskjálfti, langar raðir, frestanir og ein algjörlega misheppnuð tilraun til að móta móttökuritarar með tveggja hæða konfektikassa. Þetta er allt ansi óheppilegt þegar maður ákveður að vera ekkert að stressa sig á því að sækja um áritunina fyrr en tveimur vikum fyrir brottför og þar sem ég er auðtrúa með eindæmum mætti ég svitastorkin af stressi í sendiráðið einn fallegan febrúarmorgun. Þar

tók brosmildur starfsmaður á móti mér opnum örmum, stafaði umsóknina ofan í mig, bugtaði sig og beygði og bauð mér svo að koma aftur viku síðar. Ég kvaddi hann með eina orðinu sem ég kann á rússnesku – spásiba (takk) – og hann svaraði með því að biðja mig að giftast sér. Held ég. Það hljómaði í það minnsta svona: Przzjnzzsjsst.

Ég held alla vega til Rússlands með bros á vör og vegabréfsáritun upp á vasann. Af samskiptum mínum við landsmenn hingað til er ekki annað að sjá en að förin verði hin farsælasta. Ef ég sný ekki aftur er það því örugglega af því að ég verð orðin harðgift babúska í blokk með hjónabandsvottorð í þrít innrammað uppi á vegg. Lifi skriffinnskan.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



www.gras.is
ÞAR, SEM ALLT SNÝST UM
FOTBOLTA

Nýtt! Gras.is beint á skjáborðið þitt!
Gras.is hefur sett upp vefþjónustu (Gagdet) sem tengir þig beint við fréttirnar, án þess að þurfa opna vafrann þinn!

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

PÁSKAMYNDIN Í ÁR!

Fíllinn Horton leggur mikið á sig til að bjarga Hvervar bæjarstjóra í æðislega skemmtilegri teiknimynd frá höfundum **ICE AGE**



Frumskýnd 14. mars

HORTON

SENDU SMS **JA VHO** Á NÚMERIÐ
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir,
varningur tengdur myndinni og margt fleira!

9

HVER VINNUR!

ATH!

Frábær sýnishorn af
Ice Age 3 frumsýnt á Horton



SÓL

Þú finnur muninn
frá fyrsta sopa!





Kl. 20

Lesið verður upp úr framúrskarandi fræðiritum sem tilnefnd eru til viðurkenningar Hagþenkis í Te og kaffi í bókabúð Máls og menningar á Laugavegi í kvöld kl. 20. Meðal þeirra rita sem lesið verður úr eru *Sverris saga*, *Byggðasaga Skagafjarðar IV* og *Bannfæring og kirkjuvald á Íslandi 1275-1550*.

menning

menning@frettabladid.is

Frumflutningur í hádeginu

Caput-hópurinn frumflytur verkið Niður-þytur-brak eftir Hauk Tómasson á Háskólatónleikum í dag. Tónverkið er samið við ljóð eftir Sjón.

Tónskáldið Hauk Tómasson nam tónlist í Reykjavík, Amsterdam, Köln og við Kaliforníuháskóla í San Diego. Meðal helstu verka hans eru óperan Fjórði söngur Guðrúnar, hljómsveitarverkin Strati, Storka, Ardent og Dyr að draumum, Fiðlukonsert, Skíma og flautukonsertar. Haukur hefur hlotið ýmsar viðurkenningar, til að mynda fékk hann Bjartsýnisverðlaun Bróstes 1996 og Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir hljómsveitarverkið Ardent. Hann hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs árið 2004 fyrir Fjórða söng Guðrúnar. Tónlist hans er að mestu útgefin af sænsku útgáfunni BIS og



HAUKUR TÓMASSON Verk hans Niður-þytur-brak verður frumflutt í hádeginu í dag.

Íslenski tónverkamiðstöð. Haukur samdi verkið Niður-þytur-brak á árunum 2000-2006 við ljóð úr bókinni *Myrkar figúru* eftir Sjón sem út kom 1998.

Caput-hópurinn var stofnaður árið 1987 af ungum íslenskum tónlistarmönnum í því skyni að flytja nýja tónlist. Hópurinn hefur allar götur síðan verið leiðandi afl í íslensku tónlistarhópa Evrópu sem fást við flutning nýrrar tónlistar. Caput hefur gefið út fjórtán hljómdiska í Danmörku, Svíþjóð, Ítalíu, Bandaríkjunum og á Íslandi og eru fleiri hljóðritanir væntanlegar.

Tónleikarnir fara fram í hátíðarsal Háskóla Íslands og hefjast kl. 12.30. Aðgangseyrir er 1.000 kr., 500 kr. fyrir eldri borgara, öryrkja og nema en nemendur Háskóla Íslands fá frítt inn.

> Ekki missa af...

Síðustu sýningu á leikritinu *norway.today*, en hún fer fram í Kassanum, Lindargötu 7, kl. 20 í kvöld. Leikritið var frumsýnt í Edinborgarhúsinu á Ísafirði fyrir í vetur og hefur síðan ferðast um landið og hvarvetna hlotið góðar viðtök-ur áhorfenda og gagnrýnenda. Miða á sýninguna má nálgast í miðasölu Þjóðleikhússins og er miðaverð 1.500 kr.



Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30-18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30-20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ívanov e. Anton Tsjechov
sýn. mið. 12/3, fim 13/3 sun 16/3 örfá sæti laus
Allra síðustu sýningar

Vígaguðinn e. Yasminu Reza
sýn. lau. 15/3 örfá sæti laus

Sólarferð e. Guðmund Steinsson
sýn. fös 14/3, lau. 15/3 uppselt

Baðstofan e. Hugleik Dagsson
sýn. fim 6/3, fös 7/3 örfá sæti laus

norway.today e. Igor Bauersima
Síðasta sýning í kvöld

Píanóverk Hafliða leikin

Merkir tónleikar fara fram í Salnum í Kópavogi í kvöld. Þar kemur fram hinn ungi enski píanóleikari Simon Smith og flytur heildarverk tónskáldsins Hafliða Hallgrímssonar fyrir píanó. Tónleikarnir eru liður í tónleikaröðinni Tíbrá.

Hafliði Hallgrímsson er meðal fremstu tónskálda Íslands og er tónverkaskrá hans ein sú víðamesta og glæsilegasta sem íslenskt tónskáld getur státað af. Það má því teljast tónlistarsögulegur viðburður þegar tónlistarunnendum gefst nú loks tækifæri til að heyra öll píanóverk Hafliða á einum tónleikum og þar af eru fjögur sem aldrei hafa hljómað hér á landi fyrr.

Hafliði er menntaður sellóleikari og naut mikillar velgengni sem slíkur í mörg ár á Íslandi og í London. Hann lék með mörgum þekktum kammersveitum, svo sem Ensku kammersveitinni, Monteverdi Orchestra og Menuhin Festival Orchestra. Á ferli sínum sem sellóleikari kom hann fram á tónleikum með hljómsveitum, kammerhópum og sem einleikari í yfir fjöru löndum. Árið 1977 var Hafliði ráðinn fyrsti sellóleikari Skosku kammersveitarinnar og settist að í Edinborg.



HÖFUNDIR OG FLYTJANDI Hafliði Hallgrímsson og Simon Smith. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hafliði samdi ávallt tónlist auk spilamennskunnar og stundaði tónsmíðanám í London. Fór svo að árið 1983 ákvað hann að helga sig algjörlega tónsmíðum. Hafliði hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir verk sín, meðal annars Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs, sem hann hlaut fyrir fiðlukonsertinn *Poemi* árið 1986. Stærstu verk Hafliða eru óratorían *Passia* og óperan *Die Wäلت der Zwischenfälle*. Hann var nýverið ráðinn staðartónskáld Símfóníuhljómsveitar Íslands til næstu þriggja ára og mun starfa náið með hljómsveitinni á tímabilinu. Hafliði kemur til með að semja verk sérstaklega fyrir hljómsveitina, auk þess sem eldri verk hans verða tekin til flutnings.

Píanóleikarinn Simon Smith er

ekki síður mikill hæfileikamaður. Hann hefur valið sér það hlutverk að flytja tónlist eftir minna þekkt tónskáld og veita þannig áheyrendum sínum tækifæri til að kynna ýmsu nýju. Smith býr í Edinborg í Skotlandi, starfar sem píanóleikari og tónskáld og sinnir ýmsum verkefnum fyrir Boosey and Hawkes og Stockholm útgáfufyrirtækin. Hann er félagi í Hebrides-Ensamble, en það er hópur sem sérhæfir sig í flutningi nýrrar tónlistar í Skotlandi. Þess má til gamans geta að helstu áhugamál Smith, önnur en tónlist, eru menning og tungumál Póllands, hljómplötusöfnun og kettir.

Tónleikarnir fara fram í Salnum, Hamraborg 6, í kvöld kl. 20. Miðaverð er 2.000 kr.

vigdis@frettabladid.is

Biblían er bókin sem segir við mig; „Sérhvert hár á höfði yðar er talið.“
Í daglegu lífi og þegar mér verður hugsað til dauðans er ég henni þakklátur fyrir það.

Ólafur Gunnarsson

Biblían
21. ALDAR

JPU
JPU ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Tjáð og túlkað á íslensku

Íslensk málnefnd, Rithöfundasamband Íslands og Bandalag íslenskra listamanna standa á föstudag fyrir afar áhugaverðu málþingi um stöðu íslenskunnar í bókmenntum og listum.

Á málþinginu verður leitast við að svara spurningum sem brenna á áhugafólki um íslenska tungu. Til að mynda verður rætt hvort málvöndun sé andstæð nýsköpun í bókmenntum, hvort íslenskur bókmenntaarfur sé aðgengilegur íslenskum lesendum og hvort Þjóðleikhúsið sé musteri íslenskrar tungu. Einnig verður staða íslensku í nýrri miðlum og í dægurmenningu skoðuð. Í því sambandi verður rætt hvers vegna ensk nöfn kvikmynda eru ekki lengur þýdd á íslensku, um mikilvægi þess fyrir tungumálið að efla íslenska kvikmynda- og dagskrárgerð og hvort íslenskan sé við það að hverfa úr dægurlagatextum.

Frummælendur á málþinginu eru Hilmar Oddsson kvikmyndaleikstjóri og rithöfundarnir Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Sigurður Pálsson og Þórunn Valdimarsdóttir. Stuttar fyrirspurnir verða að loknu hverju erindi en almennar umræður í lokin.



HILMAR ODDSSON LEIKSTJÓRI Einn af frummælendum á málþingi um stöðu íslenskunnar í bókmenntum og listum.

Málþingið er hið fimmta í röð eflufu málþinga sem Íslensk málnefnd stendur fyrir á vormisseri 2008 um ýmislegt er lýtur að íslenskri málstefnu, en nefndin vinnur nú að tilloðu að málstefnu fyrir menntamálaráðuneytið.

Málþingið fer fram í Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, á föstudag frá kl. 14 til 17. Aðgangur er ókeypis og öllum opinn á meðan húsrúm leyfir.

Opið til kl. 21 í kvöld
Við erum í ofsa páskasamningastuði

Reynsluaktu og fáðu tvö páskaegg



Sparaðu. Fáðu 2 páskaegg í Brimborg í dag.

Komdu í páskana í Brimborg í dag.
Fyrstu 500 sem **reynsluaka**
notuðum úrvalsbíl
frá Brimborg fá tvö páskaegg
frá Nóa Siríus.
Opið til kl. 21 í kvöld.

Við erum í ofsa páskasamningastuði í dag



Seldu Brimborg gamla bílinn þinn Kauptu nýjan notaðan í staðinn

Við erum í ofsa páskasamningastuði í dag.
Seldu okkur gamla bílinn þinn fyrir nýjan notaðan.
Gerðu frábær páska kaup.

Við gerum næstum allt fyrir þig í dag:

- við bjóðum þér frábær páska kjör
- við kaupum gamla bílinn þinn
- við sækjum um allt að 90% lán fyrir þann nýja
- við skráum nýja notaða úrvalsbílinn þinn og
- við tryggjum hann hjá tryggingafélaginu þínu

Þægilegra getur það bara ekki verið.
Byrjaðu páskana í Brimborg.

Opið til kl. 21 í kvöld.

> BRITNEY Í SJÓNVARP

Britney Spears mun taka að sér gestahlutverk í bandarísku þáttunum *How I Met Your Mother*. Þátturinn verður sýndur í apríl, en Spears mun leika Abby sem vinnur með aðalpersónunni Ted. Hún hefur áður komið fram í þáttunum *Will & Grace* og lék einnig í bíómyndinni *Crossroads*, sem hlaut þó afar misjafnar viðtökur.



fólk

folk@frettabladid.is

Madonna í Frægðarhöll

Söngkonan Madonna, Leonard Cohen og John Mellencamp voru á meðal þeirra sem voru í vígðir inn í Frægðarhöll rokksins í New York fyrir skömmu. Í ræðu sinni þakkaði Madonna öllum þeim sem gerðu lítið úr henni þegar hún var að hefja sinn feril, þar á meðal þeim sem töldu hana ekki eiga neina framtíð í bransanum.

„Þeir veittu mér innblástur því þeir fengu mig til að horfa á sjálfa mig á gagnrýninn hátt og neyddu mig til að verða betri,“ sagði Madonna. „Ég hef gert ýmislegt í lífinu, allt frá því að semja barnabækur í það að hanna fót



SAMAN Í NEW YORK Iggy Pop, Madonna og Justin Timberlake við athöfnina í New York.

og leikstýra kvikmynd. En hjá mér skiptir tónlistin alltaf höfuðmáli.“
Söngvarinn Justin Timberlake afhenti Madonna verðlaunin. „Heimurinn er fullur af stelpum sem vilja vera eins og Madonna. Kannski hef ég verið með þeim nokkrum. En það er aðeins ein Madonna,“ sagði hann.

Iggy Pop og hljómsveitin The Stooges sungu lögin *Burning Up* og *Ray of Light* eftir Madonna við athöfnina. Skilyrðin til að komast í Frægðarhöllina eru þau að tuttugu og fimm ár verða að vera liðin síðan fyrsta plata listamanna kom út.

Sá vinsælasti á Vísi.is

Kosning er hafin á Vísi.is í samstarfi við Íslensku tónlistarverðlaunin um vinsælasta tónlistarflytjanda landsins. Fram að úrslitakvöldinu, sem verður haldið á átjándan mars í Borgarleikhúsinu, geta lesendur Vísis kosið uppháldsflytjandann sinn á vefnum.

Á sjálfu úrslitakvöldinu verður svo haldin símakosning og valið á milli þeirra fimm sem fengu flestar tilnefningar á Vísi.is. Íslensku tónlistarverðlaunin verða afhent í fjórtándan sinn á þriðjudaginn og verður athöfnin sýnd í beinni útsendingu í Ríkissjónvarpinu.

Balti farinn til LA

„Ég var í Brussel þegar kallið kom frá Bandaríkjunum og er því eiginlega ekki með neinn farangur,“ segir leikstjórinn Baltasar Kormákur, sem hefur búið í ferðatösku undanfarnar vikur og er nú á leið til Hollywood. Tökur á fyrstu kvikmynd hans í Bandaríkjunum, *Run for Her Life*, hefjast 1. maí og er allt komið á fullt þar vestra. „Ég er nú bara á flugvellinum í Denver, fer fyrst til Los Angeles á nokkra fundi,“ heldur leikstjórinn áfram sem mun þó einnig hafa viðkomu í Reykjavík, Toronto og Rotterdam áður en tökuferlið hefst.

Kvikmyndin hefur fengið grænt ljós frá mönnum með peningana og því allt kapp lagt á að hefjast handa sem fyrst enda búið að semja við aðalleikara myndarinnar, Dermot Mulroney, að hann fái greitt, óháð öllu.

Baltasar var að vonum nokkuð



LAGÐUR AF STAÐ Baltasar Kormákur er lagður af stað til Bandaríkjaþar sem tökur á fyrstu kvikmynd hans þar vestra hefjast 1. maí.

ánægður að nú skyldi þetta lokins vera að fara af stað en áætlað er að tökur standi yfir í tvo mánuði. „Ég stefni eiginlega bara mest að því að ná landsmóti íslenskra hestamanna.“

- fgg



SÁTTIR VIÐ VIÐBRÖGÐIN Ari og Bergsteinn eru sáttir við þau viðbrögð sem Syndir feðranna fengu í Grikklandi.

Grikkir klökkir yfir Breiðavík

Heimildarmyndin *Syndir feðranna* skyldi engan eftir ósnortinn í Grikklandi þegar hún var sýnd á heimildarmyndahátíð í Þessalóníku fyrir skömmu. Leikstjórar myndarinnar eru undrandi á að hún hafi ekki verið nefnd á nafn þegar blaðamannaverðlaunin voru afhent.

„Myndin fékk þvílíkar viðtökur og Grikkirnir felldu tár yfir henni,“ segir Bergsteinn Björgúlfsson, annar leikstjóri kvikmyndarinnar *Syndir feðranna*, heimildarmyndar um skelfilegan aðbúnað og meðferð á ungom vistmönnum í Breiðavík. Leikstjórinn var viðstaddur sýninguna á heimildarmyndahátíð í Þessalóníku ásamt samstarfsfélagi sínum, Ara Alexander. „Við höfðum smá áhyggjur af því að myndin væri of íslensk

en þegar á hölminn var komið reyndust þær áhyggjur algerlega óþarfar. *Syndir feðranna* er fyrst og fremst mannleg saga og hreyfir við tilfinningum fólks, óháð þjóðerni,“ bætir Bergsteinn við. „Ein konan viðurkenni að hafa grátið í eina og hálf klukkustund samfleytt eftir myndina,“ heldur Ari áfram.

Nýlega voru blaðamannaverðlaun BÍ afhent og féllu þau í skaut Kastljósinsu og DV fyrir umfjöllun sína um Breiðavík. Bergsteinn segir að þetta hafi komið honum nokkuð á óvart enda hafi heimildarmyndin verið upphafið að þessu öllu, hún hafi legið til grundvallar umfjöllunar beggja fjölmiðlanna, en Bergsteinn var búinn að vinna að myndinni í fimm ár þegar henni var „lekið“ til fjölmiðla. „Myndin átti auðvitað stóran þátt í því að Breiðavíkurmálið kom upp á yfirborðið,“ segir Bergsteinn sem ætlar þó ekki að elta ólar við ákvörðun BÍ. Ari tekur í sama streng en bætir við að auðvitað hafi það verið gott

fyrir Breiðavíkurdrengina að fjölmiðlar skyldu taka málið upp á sína arma. Vissulega skjóti það hins vegar skökku við að *Syndir feðranna* skuli ekki einu sinni vera nefnd í tengslum við verðlaunin. „Mér finnst hins vegar mjög ánægjulegt hversu mikil áhrif myndin hefur haft, það er verið að ræða um hugsanlegar skaðabætur handa þeim og ég tek hattinn ofan fyrir forsætisráðherranum, Geir H. Haarde, hann fær fullt hús stiga fyrir sín viðbrögð. Ég veit að strákarnir frá Breiðavík hafa hitt hann persónulega og rætt við hann um sína hagi,“ segir Ari og bætir við að þeir séu einnig mjög ánægðir með skýrslu Róberts Spanó sem kynnt var nýverið. „Við viljum sjá meira af svona faglegum vinnubrögðum í kringum mál á borð við þetta,“ segir Ari og upplýsir að þeir séu nú af fullri alvöru að skoða gerð heimildarmyndar um heilbrigðiskerfið og þá sérstaklega geðheilbrigðismál.

freyrgigja@frettabladid.is

Sigmar fer til Serbíu

Sigmar Guðmundsson fer til Serbíu í maí og kynnir Eurovision-söngvakeppnina í beinni. „Ég er ekki byrjaður að kynna mér lögin ennþá en mér er sagt að það sé mikið af grín- og flíplögum. Þetta ætti allavega að verða áhugavert,“ segir hann. Þetta verður í þriðja sinn sem Sigmar lýsir Eurovision. Hann hefur helst verið kunnur fyrir rokkáhuga sinn og hefur séð um rokkþætti á Rás 2 og X-inu. „Mjög há prósentu af lögnum í keppninni er algjört rusl sem ég myndi aldrei setja á heima hjá mér,“ játar hann. „Maður verður bara að hafa húmor fyrir þessu og sjá skemmtanagildið. Íslendingar taka þessu oft alltof alvarlega. Svo má finna ágætis lög ef maður leitast vel. Tækjar voru til dæmis með fínt rokklag í fyrri. Það varð reyndar í neðsta sæti.“



VILL EKKI VERA RÆTINN Sigmar Guðmundsson sér skemmtanagildið í Eurovision.

Sigmar hefur tekið þann pól í hæðina að gera góðlátlegt grín í lýsingum sínum. „Ég leyfi mér ekki að ganga jafn langt og til dæmis breski kynnirinn, Terry Wogan, sem gengur lengst allra. Ég vil ekki vera rættinn í garð þjóða og keppenda. Maður þarf líka að passa sig. Mér skilst að

norski kynnirinn hafi verið rekinn af því hann var með of föst skot á Svía.“

RÚV sendir sex til sjö manna hóp til Serbíu, þar á meðal verður Ragnhildur Steinunn sem býr til innsög fyrir Kastljósið og fréttirnar. Sigmar lýsir seinni undankeppninni sem Ísland tekur þátt í 22. maí, og úrslitakeppninni 24. maí. Hann segir ekki komið á hreint hvort RÚV sýni frá fyrri undankeppninni 20. maí, en ef svo fer lýsir hann þeirri keppni líka. Um möguleika okkar lags segir Sigmar: „Það gæti hæglega gert ágætis hluti. Svona lögum hefur oft vegnað vel. Það minnir mig á rúmenska lagið sem náði fjórða sæti fyrir tveimur árum. Svo gæti það alveg eins setið eftir í riðlinum. Það er mjög erfitt að grísa á þetta.“

EUROVISION

73 DAGAR TIL STEFNU

ÞRIFIN VERÐA LEIKUR EINN!

20%
AFSLÁTTUR*
af frábærum
moppum

vileda
PROFESSIONAL

ULTRAMAX MOPPUSETT

Blaut- og þurrmoppur fyrir allar gerðir gólfa. Fatan vindur fyrir þig. Hrein snilld!

ATTRACTIVE RYKKÚSTUR

Afþurrkunarkústur sem afrafmagnar. Langir þræðir sem ná í afskekktustu afkima og skilja ekkert eftir! Ótrúlega sniðugt!

EXPRESS MOPPUSKAFT

Þú þarft enga fötu, fyllir bara handfangið með vatni og hreinsiefni! Ótrúlega einfalt!

BESTA

www.besta.is

Ármúla 23
108 Reykjavík
Sími: 510 0000

Miðási 7
Egilsstöðum
Sími: 470 0000

Brekkustíg 39
Njarðvík
Sími: 420 0000

Grundargötu 61
Grundarfirði
Sími: 430 0000

Glæsilegt Könukvöld

LÉTT BYLGJUNNAR
Í SMÁRALIND Í KVÖLD

SKEMMTUN Í VETRARGARÐINUM

- ✿ Páll Óskar
- ✿ Pabbinn
- ✿ Hjómsveitin Myst
- ✿ Argentískur tangó með Hany og Bryndísi
- ✿ Afrekskona Létt Bylgjunnar verður kynnt og heiðruð
- ✿ Jónsi kynnir dagskrána og tekur lagið

- ✿ Boðið verður upp á léttu fordrykki
- ✿ Glæsilegt happdrætti*

**Römblustemning á göngum Smáralindar og verslanir opnar.
Glæsileg tiskusýning og skemmtilegar uppákomur.**

* Vikuferð fyrir 2 konur með Úrvali Útsýn á Tenerife, 30 þúsund kr. gjafabréf í Smáralind, árskort í Hreyfingu með gjafakorti í fljótandi djúpslökun í Blue Lagoon Spa og gjafakort í Þjóðleikhúsið.

www.lettbylgjan.is

LÉTT
BYLGJAN
967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

SAMbio.is **SAMBIÓIN**
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

JACK NICHOLSON MORGAN FREEMAN
NÍÓTTU LÍFSINS
THE BUCKET LIST

AUGUST RUSH

ÞAD ELSKA ALLIR JUNO!

BESTI VINUR MAUSINS

LAUGARÁS SELFOSS			
THE BUCKET LIST	DIGITAL	kl. 6 - 8 - 10:10	7
AUGUST RUSH		kl. 5:30 - 8	7
DARK FLOORS		kl. 10:30	14
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 6	L
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
NO COUNTRY FOR OLD MEN		kl. 5:30 - 8 - 10:30	VIP
THERE WILL BE BLOOD		kl. 10:30	16
STEP UP 2		kl. 5:50 - 8 - 10:10	7
P.S. I LOVE YOU		kl. 8	L
LAUGARÁS AKUREYRI			
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 6	L
THE BUCKET LIST		kl. 8	7
STEP UP 2		kl. 6 - 10	7
JUNO		kl. 8	7
DARK FLOORS		kl. 10	16
LAUGARÁS KEFLAVÍK			
THE BUCKET LIST		kl. 8 - 10:10	L
JUNO		kl. 6 - 8 - 10:10	7
UNDRAHUNDURINN	ISL. TAL.	kl. 6:10	L
STEP UP 2		kl. 8:20 - 10:30	7

ÓSKARSMYNDIRNAR ERU Í SAMBIÓUNUM
nánari upplýsingar um ÓSKARSMYNDIRNAR má finna á www.SAMbio.is

Nýtt í bíó

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

SEMI-PRO

FLUGDREKAHLAUPARINN

RAMBO

ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM

20% afsláttur fyrir Vörufélaga

LAUGARÁS BÍÓ - SÝNINGARTÍMAR			
SEMI-PRO		kl. 6, 8 og 10	12
FLUGDREKAHLAUPARINN		kl. 5.30, 8 og 10.20	12
RAMBO		kl. 8 og 10	16
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM		kl. 5.30	L

NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ! NÝTT Í BÍÓ!

SEMI-PRO

THE ORPHANAGE

AUGUST RUSH

27 DRESSES

THE KITE RUNNER

BE KIND REWIND

DIVING BELL

27 DRESSES

ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM

JUMPER

BRÚÐGUMINN

SEMI-PRO

THE KITE RUNNER

THERE WILL BE BLOOD

INTO THE WILD

ATONEMENT

BRÚÐGUMINN

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000			
SEMI PRO		kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10:10	12
SEMI PRO LÚXUS		kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10:10	
BE KIND REWIND		kl. 5.45 - 8 - 10:15	
27 DRESSES		kl. 8 - 10:30	
ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM	ISL. TAL.	kl. 3.40	
JUMPER		kl. 10:10	12
BRÚÐGUMINN		kl. 3.40 - 5.50 - 8	7

REGNBÖGINN Sími 551 9000			
THE ORPHANAGE		kl. 6 - 8 - 10	16
AUGUST RUSH		kl. 5:30 - 8 - 10:30	
BE KIND REWIND		kl. 8 - 10:15	
DIVING BELL		kl. 5.40 - 8	7
27 DRESSES		kl. 5:30 - 10:10	

HÁSHÓLA BÍÓ Sími 530 1919			
SEMI PRO		kl. 6 - 8 - 10	12
THE KITE RUNNER		kl. 6 - 9	12
THERE WILL BE BLOOD		kl. 8	16
INTO THE WILD		kl. 10:10	7
ATONEMENT		kl. 5:30	14
BRÚÐGUMINN		kl. 5:50 - 8	7

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500			
SEMI PRO		kl. 6 - 8 - 10	12
THE KITE RUNNER		kl. 8	12
BE KIND REWIND		kl. 10:10	
BRÚÐGUMINN		kl. 6	7

5% AUKAKRÖNUR

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIDANN MED KRÉDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

450 kr. í bíó!

Rændur á leið heim af pönkhátíð

Pönkhátíð íslenskra frumpönkara á Grand Rokki á laugardaginn tókst ljómandi vel. Fullt var út úr dyrum þegar rifjaðir voru upp gullaldarslagarar pönksins. Einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, sagnfræðingurinn og tónlistarmaðurinn Árni Daníel Júlíusson, var í góðum fílingi á leiðinni heim til sín eftir gígg þegar þrír ungir menn réðust á hann á Sudurgötu hjá gamla kirkjugarðinum.

„Ég á heima þarna rétt hjá og hef gengið þessa leið áhyggjulaus í þrjátíu ár,“ segir hann. „Lagið „Down at the tube station at midnight“ með The Jam, sem fjallar einmitt um svipaða atburði, var á



Í GÓÐU PÖNKGEIMI Á GRAND ROKK Árni Daníel var rændur á Sudurgötunni skömmu síðar.

þegar þeir réðust á mig aftan frá og stálu af mér æpodinum og veskinu.“

Árni hefur kært árásina og segir hugsanlega hægt að finna dusilmennin eftir serial-númeri spilarans. Vitanlega fékk lífsreynslan á hann. „Það var skammt á milli gleðinnar á pönktónleikumum og svartnættis barbarismans. Eins og þetta var nú ómurlegt þá hefur það verið rosa góð tilfinning að finna fyrir þeim stuðningi og hlýhug sem fólk hefur sýnt mér. Ég vil koma á framfæri þakkæti til allra sem hafa stutt mig. Mér var meira að segja gefinn nýr æpod.“

Árni segir pönkhátíðina það vel heppnaða að hún verði pottþétt endurtekin að ári. „En ég keyri örugglega heim næst.“ - glh

Fjölmiðlafárið skelfir Bubba

Bubba Morthens brá í brún þegar hann sá umfjöllun fjölmiðla um skrif hans um Bigga í Maus.

„Mér finnst gaman að nota síðuna mína til að skrifa pistla en ég hugsa mig kannski tvisvar um næst ef það á að vera fjölmiðlafári í hvert skipti sem ég segi eitt-hvað,“ segir Bubbi Morthens sem segist hafa vaknað í gærmorgun og orðið hálfskelkaður þegar hann sá umfjöllun um „stóra“ Bubba/Bigga í Maus-málið í öllum dagblöðunum. „Það er ansi súrt að ég geti ekki svarað Bigga í Maus án þess það endi á forsíðum blaða.“

Bubbi segir misjafnt hvað hann hafi neynt að elta við að svara gagnrýni í gegnum tíðina. Hann hafi stundum gert það en fyrir tilstuðlan internetsins sjái það bara fleiri en áður. Það sem fór fyrir brjóstið á Bubba var að Biggi dró í efa sagnfræðilegt vægi hans í tónlistarsögunni. „Ef þessar skoð-

anir sem Biggi setti fram eru endurteknar nógu oft fer fólk kannski að trúa þeim. Þess vegna fannst mér nauðsynlegt að benda á þá óumdeildu staðreynd að ég og Utangarðsmenn byltu íslenskrí tónlistarsögu með Ísbjarnarblús fyrir tæplega 30 árum. Og ég neita líka að kyngja þeirri sögu-sköðun Bigga að ég geri ekki annað en að teika vinsældir ungs tónlistarfólks og hringi í það um leið og það meikar það. Það getur vel verið að Biggi hafi bedið við símann í 15 ár og skrifi þetta þess vegna. Ég hefði kannski átt að láta það eiga sig að segja hann falskan – oft má satt kyrrt liggja og allt það – en þetta er bara svona. Fólk getur sannreynt þetta með því að kaupa Maus-plötu út í búð.“

Bubbi skrifar á spjallsvæði bubbi.is. Skrif hans um Dóra DNA vöktu líka mikla athygli nýlega en Dóri hafði skrifað um Bandið hans Bubba í DV. „Þá var ég nú bara spældur og í fýlu yfir því að hann skyldi ekki fíla þáttinn



VILL HALDA SÖGULEGUM STAÐREYNDUM TIL HAGA Bubbi með fingur á lofti í Kópavogsbíói 1980.

FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR BALDURSSON

minn,“ segir Bubbi. „Hvað get ég sagt? Ég er bara mannlegur.“

gunnarh@frettabladid.is

HLUTHAFAFUNDUR GLITNIS BANKA HF.

Með vísan til 7. gr. samþykktu Glitnis banka hf. er hér með boðað til hluthafafundar í félaginu. Hluthafafundurinn verður haldinn í höfuðstöðvum Glitnis banka hf., Kirkjusandi 2, 5. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 19. mars 2008 kl. 9.00.

DAGSKRÁ

- Tillaga til breytinga á samþykktum félagsins.¹⁾

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir hluthöfum eða umboðsmönnum þeirra á fundarstað frá kl. 8.00 á fundardegi. Afhendingu aðgöngumiða og atkvæðaseðla verður hætt kl. 9.00.

Dagskrá fundarins og endanlegar tillögur liggja frammi hluthöfum til sýnis á Kirkjusandi 2, 5. hæð, frá og með deginum í dag. Þessi gögn verða einnig aðgengileg á www.glitnir.is.

Reykjavík, 12. mars 2008,
stjórn Glitnis banka hf.

¹⁾ Gerð er tillaga um að hluthafafundur samþykki heimild til stjórnar til útgáfu breytanlegra skuldabréfa að fjárhæð allt að kr. 15.000.000.000 og breytingu á samþykktum félagsins um heimild stjórnar til hækkunar hlutfjár í tengslum við útgáfuna.

GLITNIR

Alkar sáu Astrópiu

„Þetta var frábært. Við sýndum myndina og spjölluðum um hana, hvaða pælingar lágu til grundvallar við gerð hennar. Við vorum þarna í eina tvo tíma eftir sýningu myndarinnar,“ segir Gunnar Björn Guðmundsson kvikmyndaleikstjóri.

Húsfyllir var í Von, húsakynnum SÁÁ við Efstaleiti, á laugardagskvöldið en þá var Astrópiá sýnd fyrir unga alkóhólista. Leikstjóri myndarinnar, Gunnar Björn, og einn af aðalleikurum myndarinnar, Halldór Magnússon, og handritshöfundurinn Jóhann Ævar Grímsson mættu og fjölluðu um myndina á breiðum grundvelli og svörðuðu spurningum gesta.

Gunnar Björn segir Astrópiu að efni til ekki eiga sérstakt erindi við alkóhólista umfram aðra. Ekki þannig. „Nei, nei, við fórum ekkert út í þau mál sérstaklega. Astrópiá á bara erindi til allra. Skemmtileg mynd og allir sem eru í góðum gir ættu að hafa gaman af henni. Og ætli menn sem eru edrú séu ekki einmitt í góðum gir? Þetta var mjög skemmtilegt,“ segir Gunnar Björn.

Aðspurður segir leikstjórinn kná ímislegt í pipunum sem ekki er vert að greina frá á þessu stigi en Gunnar Björn starfar nú við að gera auglýsingar fyrir Pegasus. Þá vinna framleiðendurnir, Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp, að frek-



HALLDÓR OG GUNNAR BJÖRN Aðstandendur myndarinnar Astrópiá mættu í Von og ræddu gerð myndarinnar við SÁÁ-menn. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

ari framgangi Astrópiu á heimsvísu. Ragnhildur Steinunn lét þess getið í þætti Loga Bergmanns að gengið hafi verið frá sölu Astrópiu til Kína – sem mega heita nokkur tíðindi. Sýna á myndina í 300 sölum en samkvæmt kínverskum lögum er einungis heimilt að kaupa tutugu erlendar myndir inn til landsins til sýninga. Og lítur út fyrir að Astrópiá sé ein þeirra. - jbg



FYNDNIR FÉLAGAR Þeir Þórhallur Þórhallsson, Eyvindur Karlsson og Bjarni töframaður koma fram á Nasa.

Ekki lengur fyndnastur

Þórhallur Þórhallsson, Eyvindur Karlsson og Bjarni töframaður koma fram á uppstandskvöldi á skemmtistaðnum Nasa á fimmtudag. Kvöldið hefur yfirskriftina Fyndinn í fyrri enda er þetta í síðasta sinn sem Þórhallur kemur fram sem Fyndnasti maður Íslands.

Þórhallur hefur verið duglegur að skemmta síðan hann var kjörinn Fyndnasti maður Íslands á síðasta ári. Hefur hann komið fram í menntaskólum og víða annars staðar auk þess sem efni með honum hefur verið sýnt á Skjá einum.




Blúskvöld á bókasafni

Blúskvöld verður haldið í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði á fimmtudag. Þar koma fram Johnny and the Rest, Grasætur og Spooky Jetson.

Blúskvöldið er hluti af tónleikaröð Gamla bókasafnsins þar sem reynt er að bjóða upp á fjöl-

breytta flóru tónlistar. Aðgangur á tónleikaröðina er ávallt ókeypis til að koma til móts við unglunga sem geta oft ekki borgað sig inn á slíka viðburði. Tónleikarnir á fimmtudag hefjast klukkan 20. Húsið verður opnað hálf tíma fyrir.

Stærsta leikritahátíð Evrópu býður Baðstofunni heim



Baðstofan

eftir Hugleik Dagsson

Leikstjörn: Stefán Jónsson

BJÓÐLEIKHÚSIÐ

Einstök leikhúsupplifun



Án PVC, engar áhyggjur.

Þetta er það sem fleiri og fleiri framleiðendur stefna að. Við höfum sett ný viðmið hvað varðar öndunarbúnað og heyrnarhlífar sem veitir þér hugarró. **100% án PVC**, án nokkurs aukakostnaðar.



MOLDEX

Við að draga úr notkun PVC er stutt við stefnu um sjálfbæra, vistvæna þróun sem mörg fyrirtæki hafa ákveðið að fylgja. **Adidas, Nike, Puma, Daimler, Ford, Volvo, General Motors, Toyota, Eco AB, Ricoh, Microsoft, Nokia, Brio, Carlsberg, IKEA, Johnson and Johnson** og **Legó Group** eru einungis örfá af þeim.*

Ef þú eða þinn viðskiptavinur er meðal fylgjanda þessari stefnu, þá höfum við þróað okkar vöru þér til stuðnings.

* www.pvcfree.org

pvc-free@moldex-europe.com · www.moldex.com

> George Byrd í Ármann/Prótt

1. deildarlið Ármanns/Próttar í körfubolta hefur skipt um Kana. Maurice Ingram stakk af og í hans stað hefur liðið fengið George Byrd. Ingram stóð sig vel með Ármanni/Prótti í 1. deildinni og brotthvarf hans kom því mikið á óvart. Pétur Ingvarsson, núverandi þjálfari Ármanns/Próttar, þjálfaði Byrd í eitt og hálf ár hjá Hamri og þekkir því vel til hans en með þennan stóra og sterka miðherja innanborðs er Ármann/Próttur til alls líklegt í komandi úrslitakeppni 1. deildar karla í körfubolta. Byrd hætti að spila með Hamri um áramótin og reyndi fyrir sér í Sviss en var látinn fara þaðan.

sport
sport@frettabladid.is



KATRÍN JÓNSDÓTTIR, FYRIRLIÐI LANDSLIÐSINS: BÆTIR LEIKJAMET A-LANDSLIÐS KVENNA Í DAG

Smá fíflangangur í gangi innan um alla alvöruna

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði kvennalandsliðsins í knattspyrnu, mun spila sinn 70. A-landsleik þegar Ísland mætir Finnnum í dag í leik um 7. sætið á Algarve Cup. Katrín jafnaði met Ást-hildar Helgadóttur í sigurleik gegn Portúgal á mánudaginn. „Þetta er búið að ganga mjög vel en allar þessar þrjár þjóðir sem við erum búnar að spila við eru neðar en við á styrkleikalistanum og eru því þjóðir sem við eigum að vinna. Það er mjög gott að geta staðist pressuna því það er ekki alltaf sjálfgefið,“ segir Katrín. Katrín spilar vanalega á miðjunni með Val en í landsliðinu er hún í vörninni. „Ég hef oft spilað vörn með landsliðinu og spilaði sem dæmi alltaf bakvörð í mínum fyrstu landsleikjum. Maður hleypur minna þegar maður spilar miðvörðinn en það reynir ennþá meira á hausinn. Ég hef verið að spila mikið við hliðina á Gunnu [Guðrúnu Sóleyju Gunnarsdóttur] og mér finnst við ná mjög vel saman,“ segir Katrín, en íslenska liðið hefur aðeins fengið á sig eitt mark í þremur leikjum á Algarve Cup.



Katrín er ánægð með innkomu ungra leikmanna á mótinu. „Það hafa verið mjög sterkir leikmenn og miklir karakterar að detta út úr hópnum og það hafa því aðrir í liðinu verið að taka á sig meiri ábyrgð. Sara [Björk Gunnarsdóttir], Rakel [Hönnudóttir] og Hallbera [Gísladóttir] eru allar búnar spila mjög mikið og hafa spilað vel,“ segir Katrín, sem sjálf ætlar sér að spila fleiri landsleiki þótt að hún sé ekki farin að stefna á 100 leiki. „Markmið númer er eitt, tvö og þrjú hjá landsliðinu er að komast í úrslitakeppni á stórmóti. Það er það sem maður er að hugsa um en ég er ekki mikið að hugsa um fjölda leikja. Það verður bara að koma í ljós hvað leikirnir hjá mér verða margir,“ segir Katrín og það er gaman hjá landsliðinu í Portúgal. „Í svona langri ferð verður náttúrulega að vera smá fíflangangur innan um alla alvöruna. Þegar kemur að æfingum og leikjum þá eru allir með hugann við það en inn á milli er hægt að grínast því annars myndi maður aldrei halda út tíu daga þar sem væri alvara allan tímann,“ sagði Katrín að lokum.

Landsbankadeild karla í fótbolta sumarið 2008:

Viktor Bjarki með KR

FÓTBOLTI KR-ingar hafa komist að samkomulagi við norska liðið Lillestrøm um að leigja besta leikmann Íslandsmótsins 2006, Viktor Bjarka Arnarsson, í sumar og mun hann því spila með Vesturbæjarliðinu í Landsbankadeildinni út tímabilið 2008.

„Viktor er væntanlegur í Vesturbæinn í lok mars þar sem hann hittir fyrrum félaganum hjá Víkingi, KR-ingnum Grétari Sigfinni,“ segir á heimasíðu KR í gær en þar segir að gengið hafi verið frá samkomulagi við bæði Lillestrøm sem og leikmanninn sjálfan. - 66j

Liverpool vann í Mílanó

Liverpool varð fjórða enska liðið til þess að tryggja sér sæti í átta liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu eftir 1-0 sigur á Inter í Mílanó í gærkvöldi. Fernando Torres skoraði sigurmarkið með glæsilegum hætti á 63. mínútu leiksins.

FÓTBOLTI Það verða fjögur ensk lið í pottinum þegar dregið verður í átta liða úrslit Meistaradeildar Evrópu því Liverpool sló í gær út ítölsku meistaranana í Inter með því að vinna seinni leikinn í Mílanó 1-0 í gær. Liverpool vann fyrri leikinn 2-0 á Anfield og þar með 3-0 samantlagt. Það var Spánverjinn frá bæri, Fernando Torres sem gerði endanlega út um möguleika Inter með því að skora á 63. mínútu.

Andrúmsloftið var rafmagnað á Giuseppe Meazza leikvanginum og hávaðinn mikill enda var Roberto Mancini, stjóri Liverpool, búinn að biðla til sinna stuðningsmanna að óskra Liverpool-mennina í kaf. Leikaðferð hans gekk hins vegar ekki upp í gær.

Liverpool byrjaði ágætlega og þátt fyrir að Inter hafi verið meira með boltann gekk heimamönnum illa að opna Liverpool-vörnina. Liverpool-liðið spilaði skynsamlega og spilaði boltanum af yfirvegum út úr vörninni og náði inn á milli góðum sóknunum.

Bæði lið fengu mjög góð færi eftir hálf tíma leik, fyrst slapp Fernando Torres inn í teiginn eftir slæm varnarmistök Esteban Cambiasso en Julio Cesar varði frá honum úr þröngu færi og svo skömmu síðar átti Zlatan Ibrahimovic stórkostlega sendingu inn fyrir á Julio Ricardo Cruz sem fór illa með dauðafæri einn á móti markverði. Julio Ricardo Cruz var manna ágangastur upp við mark Liverpool og reyndi nokkrum sinnum á Pepe Reina í markinu.

Það var markalaust í hálfleik og Inter-liðið vantaði tilfinnanlega



FÖGNUMBUR Fernando Torres og Steven Gerrard fagna sigurmarki þess fyrrnefnda sem hann skoraði með frábærum hætti á 63. mínútu eins og sést hér til hægri. NORDICPHOTOS/GETTY

ferska anda inn í liðið. Mancini breytti hins vegar engu í lélinu.

Möguleikar Inter urðu síðan að engu í upphafi seinni hálfleik því líkt og í fyrri leiknum urðu Inter-menn manni færri þegar Nicolas Burdisso fékk sitt annað gula spjald á 49. mínútu. Skömmu síðar fékk Zlatan dauðafæri en skaut framhjá og þetta virtist ekki ætla að verða dagur heimamanna.

Fernando Torres skoraði síðan frábært mark á 63. mínútu efrir laglega sendingu Fabio Aurelio sem átti mjög góðan leik í vinstri

bakverðinum. Torres tók við boltanum, sneri sér á punktinum og afgreiddi boltann í markið af vítalínunni. Eftir markið þurfti Inter að skora fjögur mörk manni færri sem var aldrei að fara gegn Liverpool sem skipulögðu liði Liverpool.

Mílanó-liðið varð því að sætta sig við að tapa á heimavelli gegn ensku liði og detta út úr 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar en í 8 liða úrslitunum verða auk Liverpool: Arsenal, Chelsea, Man. United, Fenerbahce, Barcelona, Roma og Schalke. ooj@frettabladid.is



Landsbankaleikar á skíðum 15. mars

Landsbankaleikarnir, barnaskíðamót Ármanns, fara fram laugardaginn 15. mars næstkomandi. Mótið er ætlað öllum börnum á aldrinum 5-10 ára sem finnst gaman á skíðum, ekki bara keppnisfólki.

Skráning á mótið fer fram á vef landsbankans, www.landsbanki.is, út föstudaginn 14. mars næstkomandi. Mótið verður haldið við Skíðaskála Ármanns sem er í Suðurgili í Bláfjöllum. Ekkert þátttökugjald.

Dagskrá

- 10.00-11.00 Afhending númera í Ármannsskála og andlitsmálun.
- 11.00-11.30 Brautarskoðun í fylgd Sprota og trúðanna.
- 11.30-12.30 Leikjabraut fyrir byrjendur. Yngstu börnin byrja.
- 12.30-13.30 Braut fyrir lengra komna. Yngstu börnin byrja.

Samhliðasvigráur verða fyrir alla til að spreyta sig á móti félögum sínum á meðan fjölskylduskemmtunin stendur yfir. Foreldrar, systkini og allir þátttakendur í leiknum eru hvattir til að vera með.

- Á meðan leikarnir standa yfir verður boðið upp á andlitsmálun fyrir þátttakendur.
- Allir þátttakendur fá afhentar gjafir og viðurkenningu frá Landsbankanum.



skráning á www.landsbanki.is



Akureyringar lögðu Stjörnumenn fyrir norðan í N1-deild karla í gærkvöldi:

Það var kominn tími á þetta

HANDBOLTI Akureyri vann sætan tveggja marka sigur á Stjörnunni í N1-deild karla í gær, 34-32. Fyrri hálfleikur var hraður og skemmtilegur. Akureyringar náðu undirtökunum um miðbik hálfleiksins og héldu þriggja marka forystu lengst af, meðal annars í hálfleiknum þegar staðan var 19-16.

Akureyringar juku við forskot sitt í síðari hálfleiknum og leiddu mest með fimm mörkum, þegar fimmtán mínútur lifðu leiks. Það bil brúðu Stjörnumenn bilið jafnt og þétt og munurinn var eitt mark þegar fimm mínútur voru eftir.

Það hefur loðað við Akureyringa í vetur að spila vel en fara illa að ráði sínu undir lokin. Það hefðu þeir hæglega getað gert í gær en í stað þess héldu þeir haus og Stjörnumenn klúðruðu fínu færi á að ná í stig með óskynsemi undir lokin. Þó skal ekkert tekið af Akureyri sem lék vel.

„Okkur er ekki illa við dramatikina,“ gantaðist glaðbeittur Rúnar Sigtryggsson eftir leikinn. „Okkur hefur skort sjálfstraust í

leikjum til að halda haus og klára leikina en það tókst í dag og það var kominn tími á þetta. Við höfum oft verið nálægt svona sætum sigurum. Þetta var mikilvægt til að forðast sjöunda sætið og mjög ánægjulegt. Nú söfnum við bara stigum áfram, það er nóg eftir af mótinu,“ sagði Rúnar. Sveinbjörn markmaður stóð sig vel líkt

GÓBUR Magnús Stefánsson átti finan leik gegn Stjörnunnu. PEDRO-MYNDIR/ÞÓRIR



og Magnús Stefánsson og hinn ungi Oddur Grétarsson sem enn er í þriðja flokki. „Sammála því og mér fannst Einar Logi einnig góður. Ég gagnrýni Einar fyrir áramót og þá kom hann bara sterkur upp. Hann spilar frábæra leiga fyrir liðið,“ sagði Rúnar.

Kristján Halldórsson, þjálfari Stjörunnar, var ekki ánægður með leik sinna manna. „Þegar við erum að koma inn í leikinn undir lokin brotnum við og héldum ekki haus. Við látum reka okkur útaf fyrir eitthvað kjaftæði og menn eins og Heimir og fleiri eiga að hafa haus í að klára svona leiki. Það gefur auga leið að við vorum óskynsamir undir lokin. Ég tek ekkert af Akureyri en við erum hálf vængbrotnir þessa dagana og það sást í þessum leik,“ sagði Kristján en það skal einnig tekið fram að dómáral leiksins stóðu sig með miklum sóma. - hþ

ÚRSLITIN Í GÆR

N1 deild karla í handbolta

HK-Fram 28-25 (16-11)

Mörk HK (skot): Ragnar Hjaltsted 7/4 (10/4), Ólafur Bjarki Ragnarsson 5 (8), Sergey Petraytis 4 (5), Augustas Strazdas 4 (4), Tomas Eitutis 3 (9), Brynjar Valsteinnsson 2 (2), Arnar Þór Sæþórsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2), Gunnar Steinn Jónsson 1 (3).

Varin skot: Egidijus Petkevicius 20/1 (45/5 44%).

Hraðaupplauptur: 4 (Strazdas 2, Sergey, Sigurgeir).

Fiskuð viti: 4 (Sergey 2, Strazdas, Ólafur).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Fram (skot): Rúnar Kárason 8 (17), Andri Berg Haraldsson 7/2 (10/3), Guðjón Drengrsson 4/1 (7/1), Jón Björgvin Pétursson 2 (2), Brjánn Bjarnason 1 (2), Hjörtur Hinriksson 1 (2), Stefán Baldvín Stefánsson 1 (2), Haraldur Þorvaldsson 1 (1), Einar Ingi Hrafnsson (2).

Varin skot: Magnús Erlendsson 8 (25/2) 32%, Björgvin Páll Gústavsson 3 (14/2) 21 %.

Hraðaupplauptur: 6 (Jón 2, Hjörtur, Brjánn, Guðjón, Stefán).

Fiskuð viti: 5 (Rúnar 3, Haraldur, Jón).

Utan vallar: 4 mínútur.

Afturelding-Haukar 26-32 (12-18)

Mörk Aftureldingar (skot): Daniel Jónsson 7 (13).

Ingimar Jónsson 5 (7), Haukur Sigurvinsson 5 (8), Davíð Ágústsson 2 (4), Magnús Einarsson 2 (4), Jóhann Jóhannsson 1 (1), Jón Andri Helgason 1 (1), Hrafn Ingvansson 1 (3), Einar Óm Guðmundsson 1 (6/1).

Varin skot: Davíð Svansson 20 (47/2), 43%, Oliver Kiss 6 (11), 55%.

Hraðaupplauptur: 2 (Ingimar, Jóhann).

Fiskuð viti: 1 (Daniel).

Utan vallar: 8 mínútur.

Mörk Hauka (skot): Andri Stefan Guðrúnarson 11 (20), Gísli Jón Þórisson 5 (9), Jón Karl Björnsson 4/2 (5/2), Kári Kristján Kristjánsson 4 (6), Freyr Brynjarsson 2 (4), Elías Már Halldórsson 2 (4), Pétur Pálsson 1 (1), Arnar Jón Agnarsson 1 (3), Gunnar Berg Viktorsson 1 (3), Sigurbergur Sveinsson 1 (5).

Varin skot: Gísli Guðmundsson 12/1 (32/1), 38%, Magnús Sigmundsson 5 (11), 45%.

Hraðaupplauptur: 6 (Elías Már 2, Kári Kristján, Andri Stefan, Jón Karl, Gísli Jón).

Fiskuð viti: 2 (Andri Stefan, Elías Már).

Utan vallar: 2 mínútur.

Valur-ÍBV 39-26

1. deild karla

FH-ÍR 30-25 (14-13)

Markahæstir: Guðmundur Pedersen 9, Aron Pálmason 5, Sigurður Ágústsson 5 - Brynjar Steinarsson 13. FH náði með þessu sjö stigum forskoti á toppi deildarinnar.

HK enn með í baráttunni um Íslandsmeistaratið eftir góðan sigur á Fram:

HK var hunggraðra í sigur

HANDBOLTI Það sem virtist skilja HK og Fram að í gær var hungrið. HK var að berjast fyrir því að vera með í toppbaráttunni og Kópavogsbúar vildu sigurinn meira en Framarar sem voru óvenju daprir. Lokatölur 28-25 í ágætum leik.

Viggó Sigurðsson var mættur til þess að berja sína tilvonandi lærisveina augum í Digranesi í gær. Hann hefur eflaust ekki hrifist af leik Framara í fyrri hálfleik en þeir voru þungir á báðum endum vallarins og markvarslan engin.

Heimamenn voru aftur á móti tilbúnir í slaginn frá upphafi. Keyrðu upp hraðann í leiknum, spiluðu ágæta vörn og leiddu með fimm mörkum í hléi, 16-11.

Framarar byrjuðu síðari hálfleik með látum, náðu að skora sex mörk í röð og jafna leikinn, 17-17. Þeir komust síða yfir, 20-21, en þá féll þeim allur ketill í eld á ný, var engu líkara en þeir yrðu bensínlausir. Grimmir HK-menn gengu á lagið og lönduðu verðskuldum þriggja marka sigri sem þeir vildu



GRIMMARI Ólafur Bjarki Ragnarsson og félagar í HK unnu þriðja heimasigurinn í röð í gær þegar þeir unnu Framara. Ólafur fagnar hér einum marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

einfaldlega meir en Framarar.

„Þetta er í fyrsta skipti í langan tíma sem við vinnum leik sem er jafn í lokin. Ég er virkilega ánægður með það,“ sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK. „Þetta var úrslitaleikur upp á líf og dauða. Svo eru það Haukarnir næst þannig að það er allt hægt.“

Halldór Jóhann Sigfússon, leikmaður Fram, var ekki upplitsdjarfur í leikslok. „Þetta var dapurt hjá okkur en við fengum tækifæri til að klára leikinn en þá fór leikur okkar í rugl á ný. Það var grátlegt að tapa þessum stigum en HK var betra liðið í dag,“ sagði Halldór.

- hbg

ÚRSLITIN Í GÆR

N1-deild karla í handbolta

Akureyri-Stjarnan 34-32 (xx-xx)

Mörk Akureyrar: Magnús Stefánsson 8 (14), Oddur Grétarsson 6 (8), Goran Gusic 5 (8), Jónatan Magnússon 4 (5), Einar Logi Friðjónsson 4 (11), Ásbjörn Friðriksson 3/1 (6/1), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (7), Þorvaldur Þorvaldsson 2 (2). Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 21/1 (53) 40% Hraðaupplauptur: 5 (Goran 2, Hörður, Jónatan, Oddur).

Fiskuð viti: 3 (Einar Logi, Þorvaldur, Goran)

Mörk Stjörnunnar: Heimir Órn Arnason 10/2 (16), Ólafur Víðir Ólafsson 7/3 (10/1), Volodymyr Kysil 5 (6), Björgvin Hólmgeirsson 5 (14), Daniel Einarsson 2 (2), Vilhjálmur Halldórsson 2 (9), Guðmundur Guðmundsson 1 (2), Kristján Kristjánsson 0 (1), Bjarki Þórðarson 0 (1).

Varin skot: Roland Valur Eradze 4 (9) 55%, Hlynur Morthens 16/1 (45) 36%

Hraðaupplauptur: 3 (Guðmundur, Daniel, Heimir)

Fiskuð viti: 6 (Kysil 3, Heimir 2, Ólafur).

Utan vallar: Akureyri 2 mín., Stjarnan 6 mín.

STADAN Í DEILDINNI:

Haukar	20	14	4	2	586-516	32
Valur	20	12	3	5	573-505	27
HK	20	12	2	6	561-506	26
Fram	20	12	2	6	568-541	26
Stjarnan	20	10	2	8	592-554	22
Akureyri	20	5	4	11	548-565	14
Afturelding	20	3	3	14	494-543	9
ÍBV	20	2	0	18	511-703	4

Haukarnir fljúga hátt á toppi N1-deildar karla eftir sigur gegn Aftureldingu í gærkvöld:

Haukarnir kláruðu leikinn fyrir hálfleik

HANDBOLTI Topplið Hauka lagði Aftureldingu að velli 26-32 að Varmá í gærkvöld.

Heimamenn í Aftureldingu byrjuðu leikinn ágætlega og gáfu toppliði Hauka ekkert eftir á upphafsmínútunum og staðan var jöfn 6-6 þegar rúmar tíu mínútur voru liðnar af leiknum. Í stöðunni 8-9 skoruðu Haukarnir fjögur mörk í röð og voru þrjú þeirra eftir vel útfærð hraðaupplauptur. Á þeim leikkafli var leikur Aftur-

eldingar í molum og ef ekki væri fyrir frábæra markvörslu Davíðs Svanssonar í markinu þá hefði staðan verið mun verri. Staðan var orðin 12-18 í hálfleik.

Í upphafi seinni hálfleiks leit allt út fyrir að Haukar myndu vinna þægilegan sigur og liðið var fljótlega komið með átta marka forystu. Þá tók Afturelding við sér og með mikilli baráttu náði liðið að minnka muninn niður í fjögur mörk, 20-24 þegar seinni

hálfleikur var tæplega hálfnaður. En nær komust heimamenn ekki og lokatölur urðu 26-32.

„Það þýðir náttúrulega ekki að spila lélegar fimmtán mínútur gegn Haukum og við gáfum þetta frá okkur. Það sem háir okkar liði í dag er að við erum ekki að gefa okkur alla í þetta í 60 mínútur og það er mjög svekkjandi, því ef við gerðum það hefðu úrslitin orðið öðruvísi,“ sagði Bjarki Sigurðsson, þjálfari Aftureldingar ósátt-

ur í leikslok.

Haukamaðurinn Andri Stefan Guðrúnarson var besti maður vallarins í gær. „Við lögðum upp með að klára leikinn snemma og mér fannst það ganga ágætlega eftir. Við hleyptum þeim kannski aðeins of mikið inn í leikinn í seinni hálfleik en stigin tvö eru okkar og við erum sáttir með það. Núna eru átta leikir eftir og það er bara að duga eða drepast hér eftir,“ sagði Andri Stefan.

- öp

LÚXUS

Glæsilegt úrval lúxusbíla

Komdu núna í **Bílaland B&L** og kynntu þér kostina



BMW 335i Coupe

Nýskr: 01/2004, 3000cc, 4 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 28.000.

Verð: 4.690.000



BMW X3

Nýskr: 03/2006, 2500cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 38.000

Verð: 4.550.000



L.R RANGE ROVER SPORT Supercharged

Nýskr: 07/2006, 4200cc 400 Hestöfl 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 27.000

Verð: 12.100.000



BMW X5 diesel

Nýskr: 12/2005, 3000cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 35.000

Verð: 5.850.000

ALLIR INNFLUTTIR OG ÞJÓNUSTAÐIR AF UMBOÐI



bilaland.is
575 1230

Opíð virka daga frá kl. 10 til 18 og á laugardögum frá kl. 12 til 16.
Bílaland B&L, Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1230 - luxusbilar@bilaland.is.

> Natalie Portman

„Ég er að mennta mig. Mér er alveg sama þó að það eyðileggi fyrir leiklistarferili mínum. Ég vil frekar vera vitur en bara kvikmyndastjarna.“ segir hin unga efnilega Natalie Portman sem leikur í kvikmyndinni Garden State sem er sýnd á Stöð 2 bíó í kvöld kl. 22.



dagskrá!



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HLUSTAR Á FRÉTTIR RÍKISINS.

Gufan hefur vinning fram yfir sjónvarpsfréttir

Undarlega mikill munur er á heimssýninni í fréttum Ríkisútvarpsins eftir því hvort þær eru unnar af fréttastofu hljóðvarps eða sjónvarps. Fréttastofa Gufunnar sendir frá sér fjölda fréttatíma á hverjum degi, stendur fyrir merkilegum og fjölbreyttum þáttum þar sem víða er gripið niður í deiglu samtímans, bæði heima og heiman. Ef lagt er í samanburð við virtar erlendar fréttastofur sem nú eru aðgengilegar um net kemur í ljós að fréttamenn á gömlu Gufunni standa sig vel.

Fréttir Sjónvarpsins virðast ganga mest út á það að teygja lopann, eru með áherslu á sinn meginfréttatíma sem er raunar alltof langur og má á þeim langa hálf tíma heyrja sömu fréttirnar sagðar í þriggja. Síðar um kvöldið eru þær svo raktar í fjórða sinn í upprifjun eftir fréttapakkan kl. 10 sem er raunar að mestu íþróttufréttir. Raunar er furða hvaða áhersla er lögð á íþróttufréttir almennt í fréttum um heimsmál og innanlandsmálefni. Er það sálhjálpatriði fyrir tugþúsundir manna hvað margar körfur tveggja metra hár Ameríkani átti í einhverjum leik á austurströndinni þá um nóttina?

Munurinn á fréttastofunum tveimur er undarlega

mikill: ræður þar líkast til hefðin. Sjónvarpsfréttastofan var þegar í upphafi lögð undir skjólstæðinga krata og sjálfstæðismanna og var undir styrki stjórna manna sem voru settir þangað inn í pólitískt skjól. Á Gufunni var aftur önnur hefð uppi þar sem menn voru í forsvari sem þurftu þess ekki með að þeim stæðu ráðningarskilmálar stjórnmálaflokka: fagmenn sem litu á sjálfstæði fréttastofu sem grundvallaratriði.

Svo eru fréttamenn Gufunnar blessunarlega lausir við að vera þekktir af öðru en röddum sínum meðan sjónvarpsmenn verða snemma kunnir af fésinu á sér. Og smitast þá af þeim sjúkdómi athyglissýkinnar sem fær ekki svölun nema menn séu alltaf á skjá. Þetta sést best í atriðum þar sem fréttamenn sjónvarps klæða langa viðtalskafla með myndum af sjálfum sér í alvarlegu samtali við þann sem ræða skal við.

Gufan ber enn vinning yfir samkeppnisaðilann hinum megin við vegginn. Guði sé lof að ekkert hefur heyrst í langan tíma af fyrirhugaðri sameiningu þessara tveggja deilda í Ríkisútvarpinu.



ÓÐINN JÓNSSON, FRÉTTASTJÓRI HLJÓÐVARPSINS

EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Fever Pitch STÖÐ2BÍÓ



▶ **20.20** Gossip Girl STÖÐ2



▶ **20.20** Ljóta Betty SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00** Americas Next Top Model SKJÁREINN



▶ **21.10** Young, Sexy and Rich SIRKUS

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Kappflugíð í himingimnum e.
17.55 Alda og Bára
18.00 Disneystundin
18.01 Herkúles
18.23 Sigildar teiknimyndir
18.30 Nýi skólinn keisarans
18.54 Víkingalottó
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós

▶ **20.20** Ljóta Betty Bandarísk þáttaröð um ósköp venjulega stúlkuna sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tiskutímarit í New York.

21.10 Martin lækni (Doc Martin) Breskur gamanmyndaflokkur um lækniinn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur.

22.00 Tíufréttir

22.25 Kiljan Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

23.10 Drekasöngvar - Lang Lang í Kína Þýsk heimildamynd um kínverska píanósnillinginn Lang Lang og tónleikaferðalag hans um Kína. Aðeins liðlega títugur er hann orðinn alþjóðleg stórstjarna í flutningi sigildrar tónlistar en hér snýr hann aftur heim og leikur meðal annars kínverska tónlist á hátíðartónleikum í Tónlistarháskólanum í Peking.

00.10 Kastljós

00.40 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

06.00 Radioland Murders

08.00 Bride & Prejudice

10.00 Hackers

12.00 Fever Pitch

14.00 Bride & Prejudice

16.00 Hackers

▶ **18.00** Fever Pitch (Ást á vellinum)

20.00 Radioland Murders (e)

22.00 Garden State (Garðríkið)

00.00 American Cousins

02.00 Superfire

04.00 Garden State



07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.10 Oprah
08.50 Í finu formi
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Studio 60
11.15 60 mínútur
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours
13.10 Sisters
13.55 Tískulöggurnar
14.45 Til Death
15.10 Grey's Anatomy
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours
18.18 Ísland í dag, markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag og íþróttir
19.30 The Simpsons
19.55 Friends

▶ **20.20** Gossip Girl (10:22) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi í dag. Þáttur um líf unga og ríka fólksins í New York.

21.05 The Closer Þriðja þáttaröð þessa geysisterka spennuþátts sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum.

21.50 Nip/Tuck (8:14) Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldsþætti sem fjallar um skrautlegt og skrífð líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.

22.40 Oprah (How To Look Great At Every Age)

23.25 Grey's Anatomy

00.10 Kompás

00.45 Bookies

02.15 Cold Case

03.00 Nip/Tuck

03.50 The Closer

04.35 Gossip Girl

05.20 The Simpsons

05.45 Fréttir og Ísland í dag

06.40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SYN besta sætið

07.00 Meistaradeildin
07.20 Meistaradeildin
07.40 Meistaradeildin
08.00 Meistaradeildin
15.40 Meistaradeild Evrópu (Inter - Liverpool) Útsending frá leik Inter og Liverpool í Meistaradeild Evrópu.
17.20 Meistaradeildin
17.40 Gillette World Sport Fjölbreyttur íþróttaráttur þar sem farið er yfir víðan völl.
18.10 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn Sýnar kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
18.55 Formúla 1 (F1. Frumsýning Formúla 1) Fjallað verður um frumsýningar Formúlu 1-liða á nýjum ökutækjum. Þá verður rætt við ökumenn, breytingar á reglum skoðaðar og nýir keppnisstaðir skoðaðir.
19:40 PSV - Tottenham UEFA Cup Bein útsending frá seinni leik PSV og Tottenham í Evrópukeppni félagsliða.
21.40 Formúla 1 (F1. Að tjaldabaki) Frábær þáttur þar sem skyggst er bak við tjöldin í Formúlu 1.
22.20 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaráðinni í golfi.

SYN2

16.10 Sunderland - Everton (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Sunderland og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
17.50 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsottir, gömlu stjórnumar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
18.20 Coca Cola mörkin
18.50 English Premier League Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
19.50 Chelsea - Derby (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Chelsea og Derby í ensku úrvalsdeildinni.
21.55 Portsmouth - Birmingham (Enska úrvalsdeildin)
23.35 4 4 2
00.55 Chelsea - Derby (Enska úrvalsdeildin) Útsending frá leik Chelsea og Derby í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

07.00 Skólahreysti (e)
08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
15.25 Vörutorg
16.25 All of Us
16.50 World Cup of Pool 2007 (e)
17.45 Rachael Ray
18.30 Jay Leno (e)
19.15 Skólahreysti (e)
20.10 Less Than Perfect - Lokabáttur Bandarísk gamanseria sem gerist á fréttastofu bandarískrar sjónvarpsstöðvar þar sem stór egó og svikult starfsfólk kryddar tilveruna. Claude Casey hefur unnið sig upp metorðastigann en það eru ekki allir á fréttastofunni hrifnir af henni. Hún er orðin von því að fást við snobbaða samstarfsmenn sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að losna við hana. Aðallutverkinn leika Sara Rue, Andrea Parker, Andy Dick, Eric Roberts og Patrick Warburton.
20.35 Fyrstu skrefin Að þessu sinni verður fjallað um tónlistarkenslu fyrir leikskólábörn. Farið verður á náttfatónleika með Símfóníuhljómsveit Íslands þar sem bæði tónlistarmenn og áhorfendur mættu í náttfötum. Klkt verður í Kramhúsið á tónlistar og hreyfinámskeið fyrir börn. Trúðurinn Barbara kennir börnum að meta klassíska tónlist og farið er í heimsókn í tónlistartíma í Tónskóla Sigursveins.
▶ **21.00** America's Next Top Model (3:13) Tyra Banks er mætt aftur til leiks og leitar að nýri ofurfyrirsætu. Þetta er tíunda fyrirsetuleitin og þættir eru sýndir aðeins viku eftir að þeir eru frumsýndir í Bandaríkjunum. Tyra hefur nú fengið nýjan meðdómara en það er fyrirsetan Paulina Porizkova sem tekur við af Twiggy Lawson.
21.50 The Dead Zone
22.40 Jay Leno
23.25 Boston Legal (e)
00.15 Life (e)
01.05 Vörutorg
02.05 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu fréttu vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

TOYO TIRES ALVÖRU JEPPADEKK

ALL TERRAIN



MUD TERRAIN



TRANPATH HARÐSKELJADEKK



FRÁBÆR DEKK FYRIR ALLAR AÐSTÆÐUR...

www.toyo.is

561 4110

NESDEKK

Fiskislóð 30

Bilabúð Benni

Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík
Sími 590 2000 • www.benni.is

Í KVÖLD

SÝN KL.21.40

Formúlan

Þáttur um heimsókn íslenskra umsjónarmanna Formúlu 1 á lokaæfingu Formúlu 1 keppnisliða í Barcelona. Friðrik Þór Halldórsson myndatökumaður og Gunnlaugur Rögnvaldsson skyggndust að tjaldabaki og ræddu við fjölmarga af þekktustu og reyndustu öikumönnum og tæknimönnum Formúlu 1. Þátturinn sýnir hvernig keppnislið undirbyggja sig fyrir fyrsta Formúlu 1 mótið í Ástralíu, sem verður um næstu helgi.



VIÐ MÆLUM MED

Nip/tuck Stöð 2 kl. 21.50

Fimmta serían af þessum vinsæla framhaldspætti sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy. Eftir að hafa brennt allar brýr að baki sér í Miami ákveða þeir að söðla um og opna nýja stofu í Mekka lýtalækninganna, Los Angeles, þar sem bíða þeirra ný andlit og ný vandamál. Stranglega bönnuð börnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Árla dags
- 06.50 Bæen
- 07.31 Morgunvaktin
- 08.00 Morgunfréttir
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.13 Brot af eilífðinni
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 13.00 Vít og breitt
- 14.03 Tónar að nóni
- 15.03 Útvarpsagan: Sjosja
- 15.30 Dr. RÚV
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Stefnumót
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.12 Lestur Passíúsálma
- 22.18 Í lestarferð um japanskar bókmenntir
- 23.00 Gáru
- 00.07 Næturtónar
- 01.03 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SIRKUS

- 16.00 Hollyoaks (142:260)
- 16.30 Hollyoaks (143:260)
- 17.00 Hollywood Uncensored
- 17.25 Comedy Inc.
- 17.50 American Dad
- 18.10 Young, Sexy and Rich
- 19.00 Hollyoaks (142:260)
- 19.30 Hollyoaks (143:260)
- 20.00 Hollywood Uncensored
- 20.25 Comedy Inc.
- 20.50 American Dad

► 21.10 Young, Sexy and Rich Spennandi þáttur um unga ríka fólkíð sem getur gert hvað sem er fyrir peningana sína. Athina Onassis Roussel er ein af þeim sem er dugleg að eyða peningum á meðan Ivanka Trump vinnur hjá Donald þabba sínum og lærir sjálf inn á stórveldið.

22.00 Shark (1:16) (Hákarlinn) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastians Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðiskrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur. 2007.

- 22.45 Wildfire
- 23.30 Totally Frank
- 23.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

INN

20.00 Mér finnst Kolfinna Baldvinsdóttir og Ásdís Olsen bjóða upp á spjall í anda samræðna kvenna á kvennaklósetti. Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og Elly Ármanns kíkja við ásamt leynigesti.

- 21.00 Mördur Hann fær til sín gesti, ræðir stjórnsmál og önnur hugðarefni.
- 21.30 Hvernig er heilsan? Guðjón Bergmann ræðir við við gest sinn um heilbrigði og lífsstíl.

DR 1

11.35 Aftenshowet 12.05 Aftenshowet 2. del 12.25 Natur til hele banden 12.50 Ha' det godt 13.20 Med andre øjne 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 TV Avisen med vejret 14.10 Dawsons Creek 15.00 Hjerteflimmer: Pigerne mod drengene 15.30 F for Får 15.35 Svampebob Firkant 16.00 AMIGO 16.30 Shanes verden 16.55 Tjulahop - Sonja 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Hvad er det værd? 19.00 Diagnose søges 19.30 Ellens 100 år 20.00 TV Avisen 20.25 Magasinet Penge 20.50 SportNyt 21.00 Flair for mord 22.35 OBS 22.40 Onsdags Lotto 22.45 Seinfeld 23.10 Godt arbejde

NRK 1

8.55 Frokost-tv 11.00 NRK nyheter 11.10 Eksistens 11.40 Bak lukkede dører: Mot alle odds 12.30 4*4*2: Bakrommet: Fotballmagasin 13.00 Presidenten 13.40 V-cup langrenn: Sprint kvinner og menn 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - Nyheter på samisk 16.25 Svenske slag 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Nysgjerrige Nils 17.10 Ugler i mosen 17.35 Pingu 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Forbrukerinspektørene 18.55 Sirkusliv 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.40 Vikinglotto 20.45 Sporløst forsvunnet 21.30 Migrapollis: Kampvilje 22.00 Kveldsnytt 22.15 Lydverket 22.50 The Wire 23.45 Viten om: Giften som helbreder 0.15 Kulturnytt

SVT 1

11.05 Så ska det låta 12.40 Local Hero - byns hjálte 14.30 Andra Avenyn 15.00 Rapport 15.10 Gomorron Sverige 16.00 Packat & klart 16.30 Krokodill 17.00 Bollbompa 17.10 Livet på landet 17.20 Voffy 17.25 Amsti 17.30 Hjämkontoret 17.55 Wallace & Gromit: Magnifika mackapärer 18.00 Bobster 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Tv-stjärnan 20.30 Dubbat 21.00 The Tudors 21.55 Om kärlek 22.00 Rapport 22.10 Kulturhyeterna 22.25 Kungamordet 23.25 Robins 23.55 Entourage

Aðalfundur Bakkavör Group

14. mars 2008



Aðalfundur Bakkavör Group hf. verður haldinn föstudaginn 14. mars nk. kl. 16:30 í Þjóðleikhúsinu, Hverfisgötu 19, 101 Reykjavík.

Eftirtalin mál eru á dagskrá fundarins:

- 1 Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið ár.
- 2 Ársreikningur fyrir liðið starfsár, ásamt áritun endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
- 3 Ákvörðun um greiðslu arðs og ráðstöfun hagnaðar síðastliðins reikningsárs.
- 4 Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
- 5 Tillögur til breytinga á samþykktum:
 - a Breyting á 3. gr. – Lagt er til að stjórn verði veitt heimild til útgáfu hlutafjár félagsins í erlendum gjaldmiðli.
 - b Breyting á 19. gr. – Lagt er til að stjórnarmönnum verði fjölgað úr 7 í 8.
- 6 Kosning stjórnar félagsins.
- 7 Kosning löggilts endurskoðanda.
- 8 Tillögur stjórnar um starfskjarastefnu.
- 9 Heimild til kaupa á allt að 10% á eigin hlutum. – Lagt er til að stjórn félagsins verði veitt heimild til kaupa allt að 10% á eigin hlutum félagsins á næstu 18 mánuðum.
- 10 Önnur mál.

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig hafa gefið kost á sér. Í tilkynningu skal geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsinga um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjareign í félaginu. Auk þess skal geta upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskipta- og samkeppnisaðila félagsins sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Stjórn félagsins skal fara yfir framboðstilkynningar og gefa hlutaðeigandi tækifæri, með sannanlegum hætti til þess að bæta úr göllum sem eru á tilkynningunni innan tiltekens frests sem eigi má vera lengri en 24 klukkustundir. Ef ekki er bætt úr ágöllum á framboðstilkynningu innan tiltekens frests, úrskurðar stjórn félagsins um gildi framboðs. Unnt er að skjóta ákvörðun stjórnar félagsins til hluthafafundar sem fer með endanlegt úrskurðarvald um gildi framboðs.

Upplýsingar um framboð til stjórnar félagsins skulu vera aðgengilegar hluthöfum á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á upp á aðalfundi skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.

Dagskrá, endanlegar tillögur og ársreikningur félagsins munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfund. Ennfremur verður hægt að nálgast umrædd gögn á vefsíðu félagsins, www.bakkavor.com, frá sama tíma.

Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl: 15:30 á fundarstað.

Fundarstörf fara fram á ensku.

Stjórn Bakkavör Group hf.

BAKKAVÖR
www.bakkavor.com

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum verður boðið upp á léttar veitingar og úrval rétta frá Bakkavör Group.



GAMLA MYNDIN



„Þetta er Dagblaðsmynd frá lopakerlingarárum mínum, löngu áður en ég kynntist signore Armani og Sævari Karli. Ég man ekki upphaflega tilefnið en myndin var oft notuð í blaðinu.“

Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. nef 6. rún 8. jarðsprunga 9. óvild 11. ólæti 12. óróleg 14. í vafa 16. tveir eins 17. gilding 18. munda 20. ekki heldur 21. endaveggur.

LÓÐRÉTT

1. hallærislegur 3. líka 4. fúslega 5. athygli 7. flugeldur 10. meðal 13. pili 15. bakklaf á flik 16. taumur 19. frá.

LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. píkó, 3. óg, 4. gjarnan, 5. gát, 7. raketta, 10. lft, 13. rím, 15. stél, 16. tog, 19. af.

LÁRÉTT: 2. gogg, 6. úr, 8. glá, 9. kal, 11. at, 12. ókyrr, 14. efnis, 16. tt, 17. mat, 18. ota, 20. né, 21. gaffl.



VG UM ALLA BORG!
www.vg.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Íslensk tískuverslun opnuð í New York

Þórunn Anspach og Olivier Brémond munu opna aðra Kisu-verslun í ágúst. Sú eldri er til húsa á Laugavegi en systur hennar verður að finna í Soho í New York. „Okkur hefur lengi langað til að gera þetta. Við vildum bara vera viss um að svona verslun, þetta konsept, gengi upp fyrst,“ segir Þórunn. Kisan hefur nú verið opin í rúm tvö ár og segir Þórunn þau hafa sannreynt að slík verslun virki vel. Hún er svokölluð konseptverslun, og í henni er að finna mörg uppáhaldsvörumerki hjónanna frá því að þau bjuggu í París. Þau eru þó ekki eingöngu frönsk, heldur býður verslunin upp á munaðarvörur frá hinum ýmsu heimshornum. Þar er til dæmis að finna ilmvötn frá Annick Goutal og vörur frá Design House.

Þórunn segir verslunina í New York verða með svipuðu sniði og þá sem stendur við Laugaveg þó að meiri áhersla verði lögð á íslenskar vörur. „Við erum með vörur frá

Farmer's market hérna sem við höldum áfram með úti. Svo verðum við líka með vörur frá Steinunni og aðra íslenska hönnun. Við erum að vinna í því hvað það verður nákvæmlega, en vörurvalið verður áfram blanda af því sem okkur finnst flott, frá öllum heimshornum,“ útskýrir Þórunn.

Verslunin í Soho mun eiga góða nágranna, því á næstu slóðum er til dæmis að finna verslanir Louis Vuitton og Pauls Smith. Þórunn og Olivier munu halda Kisu-nafninu á versluninni. „Það virkar bara mjög vel. Við erum búin að spyrja fólk úti um álit og því finnst það flott, enda þóssuðum við að velja nafn sem myndi virka víðar en á Íslandi,“ segir Þórunn.

Í ÚTRÁS TIL NEW YORK Þau Þórunni Anspach og Olivier Brémond hefur lengi langað til að opna Kisu-verslun í New York og láta verða af því í ágúst.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



JÓI HELGA OG HELGA MÖLLER
Hinn sögufrægi dúett „Þú og ég“ kom saman um helgina í tilefni árshátíðar Landsbankans en þar var í engu til sparað.

ÁRSHÁTÍÐ LANDSBANKANS: EINHVER SÚ GLÆSILEGASTA SEM UM GETUR

Þú og ég óvænt á sviðinu

„Þetta var ótrúlega skemmtilegt. Við sungum þarna við „live“ undirleik meðlima úr Hjálmmum og fleiri auk blásara. Og tókst rosa-lega vel. Svo vel að við erum að hugsa um að stilla saman strengi okkar á ný,“ segir Helga Möller söngkona.

Sá mikli viðburður varð á árshátíð Landsbankans í Egilshöll um síðustu helgi að hinn sögufrægi dúett Þú og ég, þau Helga og Jóhann Helgason, kom saman. Þau fluttu þrjú lög; Vegir liggja til allra átta, Í útilegu og Villi og Lúlla, en síðastnefnda lagið skirskotar sérstaklega til Landsbankafólks. „Já, það er eitthvað í textanum án þess að ég vilji fara nánar út í það,“ segir Helga.

Á næsta ári munu Þú og ég eiga 30 ára starfsafmæli og er dúettinn í viðræðum við Senu um að gera plötu á afmælisárinu og fylgja henni þá eftir með ýmsum hætti.

Helga segir þetta hafa kveikt í sér en ótrúlega vel tókst til eftir svo langan tíma. Þú og ég hafa tekið lag og lag við alveg sérstök tækifæri, síðast fyrir þremur árum í Eyjum, en aldrei komið fram eftir að samstarfinu lauk fyrir rúmum tveimur áratugum. Þú og ég gerði fjórar plötur á sínum tíma, undir stjórn Gunnars Þórðarsonar, og var ein á ensku fyrir Japansmarkað og seldust af henni 100 þúsund eintök þar. „Hann var að segja mér það hann Óttar Felix hjá Zonet að við værum enn tiltölulega þekkt þar en Óttar var þar fyrir skömmu.“

Yfir 2.200 manns mættu á árshátíðina sem var, þrátt fyrir kreppu á mörkuðum, einhver sú glæsilegasta sem um getur og í engu sparað. Þannig voru meðal þeirra sem fram komu Dívurnar, Björn Jörundur, Andrea Gylfa, Selma Björns, Védís Hervör, Páll

Óskar og Mercedes Club. Diskótekararnir Gullfoss og Geysir þeyttu skífum og var aldrei dauður punktur í skemmtidagskránni. Enda gríðarleg ánægja meðal starfsmanna og gesta. Sigurjón Þ. Arnason bankastjóri var ánægður með hvernig til tókst. „Þetta heppnaðist vel og ég er ótrúlega ánægður með hvernig til tókst. Það er alltaf erfiðara að halda árshátíðir eftir því sem þær verða stærri. Og þessi er sú stærsta sem haldin hefur verið. En hönnunin var þannig að sviðið var hringsvið fyrir miðju salarins þannig að allir voru fyrir miðju og enginn fékk þá tilfinningu að hann væri bara á einhverju balli heldur á árshátíð.“

Starfsmenn voru leystir út með gjöfum og fékk hver um sig ferðatösku. Þá hlaut starfsmannafélagið íbúð í Kaupmannahöfn sem það hefur til umráða fyrir sína félagi.

jakob@frettabladid.is

Magni í útrás vinnur Bon Jovi

Magni Ásgeirsson er í Kanada ásamt hljómsveit sinni og spilar í Toronto í kvöld á Bier Markt klúbbnum. Þar spilaði hann líka á mánudagskvöldið. „Við erum í svaka samkeppni við Bon Jovi sem var að spila hérna hinu megin við götuna,“ segir Magni. „Við unnum þá samkeppni. Allavega í skemmtanagildi.“

Magni er að taka þátt í markaðsáttaki Icelandair sem kynnir nú beint flug sitt til Toronto. Átakið heitir Taste of Iceland og auk Magna spilar hljómsveitin Ghostigital á öðrum stað í borginni í kvöld. „Markús Örn sendiherra kynnti okkur á svið og sagði fallega hluti um mig og Ísland. Meðal annars að ég væri sendiherra Íslands í heiminum öllum. Ég minnst þess nú ekki að vera á



MAGNI Í KANADA Söngvarinn Magni Ásgeirsson keppti um hylli tónlistarunnenda við Bon Jovi. Hann telur sig hafa unnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

launaskrá hjá ríkinu en ef til vill ætti ég að sækja um. Það var slatti af Vestur-Íslendingum á svæðinu

sem sögðu allir það sama: „Ég tala ekki gott íslenska.“ Meirihlutinn var þó Kanadamañn og ég er farrinn að halda að Rock star Supernova hafi verið jafn vinsæll þáttur í Kanada og á Íslandi. Það virtust allir kannast við mig. Miðað við þessar viðtökur get ég vel hugsað mér að spila aftur í Kanada. Þetta eru ekki nema fimm tímar í beinu flugi.“

Magni náði þeim góða áfanga á dögnum að eignast meira en tíu þúsund vini á Myspace síðunni sinni. „Ég hef samþykkt alla þessa vini sjálfur. Ég vona að þetta sé allt gott fólk.“

Eftir Kanadavölina snýr Magni heim og fer á páskaferð með félögum sínum í Á móti sól. Hann skemmtir á Selfossi, Eskifirði, Blönduósi og Akranesi.

-g/h

FRÉTTIR AF FÓLKI

Varaborgarfulltrúinn **Sóley Tómasdóttir** fer ekki í manngreinarálit þegar kemur að gagnrýni á íslenska fjölmiðla. Sóley sendi nefnilega Kastljósinu tóninn á blogg síðu sinni fyrir viðtal við vændiskonu í Kaupmannahöfn og sagði Ríkisútvarp allra landsmanna standa sig ömurlega. Ekki er vitað hvernig systir hennar, **Póra Tómasdóttir**, og mágur, **Sigmar Guðmundsson**, hafa tekið þessari gagnrýni en þau voru áberandi í umræddum þætti. Eflaust verða þó mál-efni vændiskvænna ofarlega á baugi næst þegar stórfjölskyldan hittist.

Rithöfurrinn **Óttar Norðfjörð** hefur fundið fjölinna sína eftir velgengni Hnífs Abrahams en hann hefur skil- að inn handriti að næstu spennu-sögu – „Á slóð sólkrossins“ – sem væntanleg er á íslenskan markað næsta haust. Hnífur Abrahams var fyrir skemmtu til umfjöllunar í virtu bókmenntatímariti sem gefið er út í Taivan, en þarlendur útgefandi keypti útgáfurétt bók- arinnar sem nýlega var þýdd á ensku, og hefur jafnframt verið send á kvikmyndaframleiðslu- fyrirtæki í Hollywood í gegnum ZikZak sem keypti kvikmynda- rétt bók- arinnar síðastliðið haust.

Liðsmenn Birtings láta vel af árshátíð fyrirtækis- ins sem haldin var í Malmö að þessu sinni. Þó var til þess tekið að meðal þeirra sem fóru ekki með voru **Eirík- ur Jóns- son**, **Pórarinn Þórarinnsson** og **Sigurjón M. Egilsson**. Hins vegar fór **Reynir Traustason** og var hann sámdur titlinum „strompur ársins“ og „kaffisvelgur ársins“ við þetta tækifæri. Yfirhönnuður tímarita Birtings, Jón Óskar, var hins vegar sámdur titlinum „töfari Birtings“. -fgg/jbg



www.citroen.is



Stýrðu nýjstu hátískunni frá París

C4 Picasso



Frakkar eru bestir. Erfitt að viðurkenna það. Eru erfiðir. Eins og við. Þannig er flott fólk. Voða, voða sérstakt. Þannig er líka allt sem kemur frá því, mjög sérstakt; maturinn, fötin, ilmvatnið, skapið, bílamir. Frakkarnir eiga orðið nýtt. Þeir stýra hátískunni. Nú geta Íslendingar einnig stýrt nýjstu hátískunni eins og Frakkar: reynsluaktu nýja Citroën C4 Picasso Comfort í dag og þú hefur fulla stjórn á hátískunni frá París.

Stýrðu nýjstu hátískunni frá París. Veldu franskan munað. Kaupu Citroën C4 Picasso Comfort í dag.

Komdu í Brimborg í dag. Sjáðu það nýjasta frá París.



Veldu sjálfskiptan Citroën C4 Picasso Comfort frá 3.098.000 kr*.



Picasso hefur 5 stjörnur
úr öryggisprófun Euro NCAP



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Citroën C4 Picasso Comfort. Verð 3.098.000 kr. 2,0l 143 hö 200 Nm, 6 þrepa sjálfskipting 5 dyra. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru álfelgur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

BAKÞANKAR
Þórhildar Elínar
Elínardóttur


Roskin ráðs- kona í lífshættu

Þrátt fyrir vitnisburðarsýki á þá háu stigi tókst mér eitt sinn á uppreisnarárum gelgjuskeiðsins að fá einkunnina 1,0 í handavinnu. Með fylgdi sú umsögn kennarans að þennan eina fengi ég aðeins fyrir gæsku hennar og miskunnsemi. Viðkvæmur unglingurinn var þannig metinn einskis virði þegar kom að handlagni með nál og þráð. Meira þurfti ekki til að brjóta endanlega niður sjálfs-traust mitt í handmenntum enda varð hin eftirminnilega einkunn kvikindislegum foreldrum mínum kræsilegur efniviður í marga brandara á minn kostnað.

ÞÁ, ef ekki fyrr, ákvað ég að hæfileikarnir lægju bókmegin og handavinna kæmi ekki við sögu á framabrautinni. Þótt ég kunni annars ákaflega vel að meta fallega þrjónlesio á börnin mín frá ömmunni er yndi af saumaskap mér jafn óskiljanlegt og sanskrít. Einmitt í síðustu viku fékk ég staðfestingu á því að textílvörur ætti að umgangast með varúð og skuli alls ekki liggja á glámbekk.

ROSKIN ráðskona heimilisins hefur marga fjöruna sopið og er bæði lífsreynd og vitur miðað við að vera köttur. Hlutverk ungrú Skottu innan fjölskyldunnar er einkum að vera fórnarlamb þess ofdekurs sem annars hefði eyðilagt börnin og hefur hún lagt metnað í að bera byrðar lífsins með reisu. Auk þess hlúir hún að tilfallandi sjúklingum með þægilegri nærveru sinni og er ævinlega boðin og búin til aðstoðar ef einhver ætlar að pakka inn afmælisgjöf eða sjóða ýsusporð. Skemmtilegust af öllu eru þó hin sjaldgæfu tækifæri þegar saumaskoti, því þar ofan í eru geymd girnileg tvinnakefli. Alveg þangað til í síðustu viku þótti okkur fíkn kattarins í alls kyns spotta fremur skopleg og þurftum ósjaldan að toga upp úr henni garn í metravís sem hún var í óðaönn að gleypa.

HÍÐ sakleysislega tvinnakefli sem gleymdist á borði hefur nú reynst vera sannkölluð dauðagildra. Komin í magann á ketti með þráðþrá vefur tvinninn sig um líffærin beittur eins og hnífur. Eftir bráðauppskurð liggur ungrúin góða nú á gjörgæslu milli heims og helju með vökva í æð og næringu í sondu. Ef þetta væri einhver annar köttur og annað fólk myndi sorgarstigið trúlega flokkast undir móðursýki. Handavinna er háskaspil, aldrei skal ég festa tölu framar.



GÓÐAN DAG!
Í dag er miðvikudagurinn 12.
mars, 72. dagur ársins.

Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík 7.55	13.37	19.21
Akureyri 7.42	13.22	19.04

Heimild: Almanak Háskólans

www.toyota.is

PÁSKARNIR KOMA SNEMMA Í ÁR

TOYOTA

KOMDU OG UPPLIFDU FRÁBÆRA
PÁSKASTEMNINGU DAGANA 10. - 16. MARS
HJÁ SÖLUADILUM TOYOTA UM LAND ALLT.Úrval spennandi tilboða á nýjum
og glæsilegum bílum alla vikuna.Vertu í hópi þeirra fyrstu sem reynsluaka
og þú færð páskaegg og gætir
unnið ferðavinning til Evrópu fyrir tvo.

Léttar veitingar í boði.

Við hlökkum til að sjá þig.



TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070